8

Gjörbylting kynbótakerfisins

14

Ekki marktækur munur á tegundafjölbreytni

26

Útiræktа lífrænt grænmeti og undirbúa sauðamjólkurframleiðslu

Bændablaðið

20. tölublað 2022 • Fimmtudagur 3. nóvember • Blað nr. 621 • 28. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Í Hænuvík í Patreksfirði reistu Guðjón Bjarnason og Óskar Jónasson steinbrú yfir ána sem rennur í gegnum dalinn. Þarna var gömul timburbrú sem var að hruni komin og sitja brúarendarnir á undirstöðum hennar. Í boganum er einungis grjót – ekkert sement eða járnabinding. Meðan á hleðslunni stóð komu þeir fyrir stoðum sem voru fjarlægðar að byggingu lokinni. Mynd / Ástvaldur Lárusson

Sjá nánar á bls. 28–29.

Mikilvægi plöntukynbóta

Tómt mál er um að tala að efla kornrækt hér á landi ef engar plöntukynbætur eiga sér stað, segir Helgi Eyleifur Þorvaldsson.

Fyrsta skrefið verður því að vera að hefja markvissar kynbætur á því korni sem við hyggjumst rækta. Helgi fer fyrir vinnuhópi sem teikna á upp stefnu og aðgerðir svo kornrækt geti fest hér rætur og orðið, til lengri tíma, að undirstöðuframleiðslugrein.

Plöntukynbætur eru þjóðþrifamál, að sögn Hrannars Smára Hilmarssonar, tilraunastjóra í jarðrækt hjá LbhÍ, sem einnig situr í hópnum. Allar siðaðar þjóðir stundi þær og kollegar þeirra á Norðurlöndum gapi yfir þeirri staðreynd að þær séu ekki til staðar hér á landi. „Plöntukynbætur eru munaðarlausar með öllu. Bændur líta til Landbúnaðarháskólans í þessum málum og ætlast réttilega til að þær séu stundaðar í einhverjum mæli. Verkefninu, plöntukynbótum, hefur ekki verið útdeilt. Það er engin stofnun eða fyrirtæki sem hefur þetta lögboðna hlutverk, það er ekki á föstum fjárlögum en eftirspurnin og krafan er til staðar.“

Sænska ríkið hefur stigið mikilvægt skref í framþróun plöntukynbóta með því að fjárfesta fyrir meira en milljarð króna til að koma á fót byltingarkenndri hátæknistöð sem mun geta kynbætt plöntur á háhraða með notkun erfðamengjaúrvals. Íslandi stendur til boða að taka þátt í verkefninu og bindur Helgi vonir við að fjármagn fáist hér á landi til að taka þátt í samstarfi og nýta aðstöðuna.


Sjá nánar á bls. 20–21.

Vísitala neysluverðs:

Hækkun á lambakjöti í takt við afurðaverð

Verð á matvælum hækkaði um 1,6% milli mánaða og eru áhrif á vísitöluna 0,22%, en þar munar mestu um lambakjöt sem hækkaði um 16,2%. Nú í haust hækkaði afurðaverð til bænda um 35,5% sem skýrir að hluta til þá hækkun sem fram kemur á lambakjöti í vísitölumælingunni.

Hluti hækkunarinnar skýrist síðan einkum af hækkun á kostnaði við slátrun og vinnslu. Verð á öðrum matvörun, eins og nauta-, svína- og fuglakjöti, hefur annaðhvort lækkað eða staðið í stað milli mánaða miðað við aðra matvöru. Sé horft til tólf mánaða tímabils hefur lambakjöt, nýtt og frosið, hækkað um 19,5% og kjötvörur að meðaltali um 17,7%.



Vísitala neysluverðs (blá lína) frá janúar 2015 til október 2022. Auk þess sýnir hún þróun á undirvísitölunni 011 Matur (rauð lína) og 01124 Lambakjöt (grá lína). Einnig sýnir myndin þróun á reiknuðu afurðaverði dilkakjöts til bænda yfir sama tímabil (gul lína).

Hækkun smásöluverðs lambakjöts

Unnsteinn Snorri Snorrason, aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að sú hækkun sem nú kemur fram á lambakjöti sé fyrst og fremst komin fram vegna hækkunar á afurðaverði til bænda. „Afurðaverð til bænda hækkaði um 35,5% í haust og segja má að þar með hafi bændur loksins fengið leiðréttingu á afurðaverði frá því að afurðaverð hrundi haustið 2016 og 2017. Frá því í janúar 2015 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 33%. Með þeirri hækkun sem varð á lambakjöti nú í október hefur lambakjöt hækkað til jafns við vísitöluna. Hins vegar hefur afurðaverð til bænda ekki að fullu haldið í við þessa þróun. Það er kærkominn áfangi fyrir sauðfjárbændur að fá leiðréttingu á því verðhruni sem varð árin 2016 og 2017, en að sama skapi má segja að ekki hafi að fullu verið tekið tillit til þeirra miklu hækkana sem verið hafa á framleiðslukostnaði síðustu mánuði.“

Á hverju ári gefa Bændasamtök Íslands út reiknað afurðaverð fyrir lambakjöt sem byggja á gildandi verðskrá afurðastöðva hverju sinni.

„Haustið 2022 var reiknað afurðaverð 748 krónur fyrir kílóið og hækkaði milli ára um 196 krónur eða 35,5% milli ára. Áætlað meðalverð á heilum lambsskrokk í smásölu í október árið 2021 var um 1.450 krónur á kílóið. Vísitala lambakjöts í smásölu hækkar um 24,4% yfir þetta sama tímabil þannig að meðalverð er því nú um 1.804 krónur á kílóið. Lambakjöt í smásölu hækkar því um 353 krónur fyrir kílóið milli ára. Hækkun til bænda er því 196 krónur á kílóið. Þannig að 55% af hækkun smásöluverðsins rennur til bænda en afgangurinn til sláturleyfishafa, kjötvinnslu, smásölu eða stjórnvalda í formi virðisaukaskatts.“

Annar kostnaður

Kostnaður vegna búsetu í eigin húsnæði, reiknuð húsaleiga, hækkaði um 0,8%. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 9,4% og vísitala neysluverðs án húsnæðis um 7,2%.

Vísitala neysluverðs samkvæmt útreikningi í október 2022, sem er 559,3 stig, gildir til verðtryggingar í desember 2022. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar, sem breytast eftir lánskjaravísitölu, er 11.043 stig fyrir desember 2022.

Vísitala neysluverðs, miðuð við verðlag í október 2022, er 559,3 stig, miðað við að hún var 100 stig í maí 1988, og hækkar um 0,67% frá fyrri mánuði. Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 463,0 stig og hækkar um 0,65% frá september 2022. */VH*

FRÉTTIR

Matvælastofnun fylgist enn náið með hrossunum í Borgarnesi:

Forstjóri fagnar samtalinu við ráðuneytið um frekari valdheimildir til að tryggja velferð dýra

Enn eru tíu hross metin í viðkvæmu ástandi hjá umráðamanni hrossa hóps í Borgarfirði,sem Matvælastofnun þurfti að vörslusvipta þann 18. október, vegna ófullnægjandi fóðrunar. Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar (MAST), segir að fylgst sé náið með hrossunum. Hún fagnar frumkvæðisúttekt Ríkis endur- skoðunar á eftirliti Matvæla- stofnunar með velferð dýra.



Forstjórinn segir að unnið sé að dýravelferðarmálum af sannfæringu um að verið sé að fylgja verklagsreglum sem byggi á gildandi lögum.



Matvælastofnun fylgist enn náið með tíu hrossum á bæ í Borgarfirði. Mynd / Steinunn Árnadóttir

Eins og fram kom í tilkynningu MAST 19. október var umráðamaðurinn sviptur vörslu allra sinna hrossa og aflífa þurfti samdægurs 13 hross, eftir mat fulltrúa stofnunarinnar á ástandi hrossanna. Hluta þeirra var svo skilað aftur til umráðamanns, þar á meðal þau tíu sem eru í viðkvæmu ástandi – til sérstakrar umhirðu. Að sögn Hrannar Ólínu mun eigandinn sæta mjög stífu eftirliti til að tryggja að aðbúnaður þessara hrossa sé í lagi.

Verklagsreglur byggja á lögum um dýravelferð

Matvælastofnun hefur setið undir gagnrýni um að hafa ekki brugðist fyrr við í þessu máli með skilvirkum hætti – og raunar hefur borið á gagnrýni í svipuðum málum sem upp hafa komið á undanförnum árum. Í bókun umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar frá 20. október kemur til að mynda fram að „ferlar sem MAST vinnur eftir, virðast gefa mikið svigrúm fyrir búfjáreigendur og telur nefndin að ekki sé gengið nægjanlega hart fram í að framfylgja þeim fyrirmælum sem búfjáreigendum eru gefin í málum sem þessum“.

Frumkvæðisúttekt Ríkisendurskoðunar á MAST

Ríkisendurskoðun tilkynnti um það 1. september síðastliðinn að hún hefði ákveðið að hefja frumkvæðisúttekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð dýra og skila niðurstöðum hennar í opinberri skýrslu til Alþingis. Hrönn Ólína segir að hjá MAST sé unnið að dýravelferðarmálum af sannfæringu um að verið sé að fylgja verklagsreglum sem byggi á gildandi lögum um dýravelferð frá 2013.

„Ég á von á því að úttekt Ríkisendurskoðunar sýni okkur á þetta, ef það kemur einhverjar athugasemdir um að eitthvað innan [illegible] um að eitthvað þurfi að bæta í okkar verklagi, þá gerum við það. Úttektir eru ávallt tækifæri til bóta,“ segir hún.

Þörf á nýjum tólum og tækjum

Nýverið kallaði matvælaráðuneytið eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um framkvæmd eftirlits og verkferla vegna velferðar dýra.

Er þar vísað til tilfella þegar grunur leikur á að umráðamenn séu ekki að uppfylla ákvæði laga, hvort sem um er að ræða almennt eftirlit eða samkvæmt ábendingum sem berast stofnuninni. „Ég upplifi ekki eins og spjótin standi á okkur frá ráðuneytinu, þeirra erindi er held ég bara mjög gagnlegt.

Ráðuneytið óskar einnig eftir upplýsingum um hvort stofnunin telji skort á heimildum í lögum til að tryggja velferð dýra og grípa til viðeigandi ráðstafana þegar aðstæður krefjast. Þetta finnst mér bara alveg frábært, því það verður að segjast alveg eins og er að lögin sem við störfum eftir voru sett árið 2013 og það hefur vitanlega margt gerst á þessum tíma. Við teljum að við höfum náð ágætum árangri á undanförnum árum varðandi þessi mál, komist fyrir ákveðinn vanda, og um það vitnar þessi fjöldi mála sem hafa komið fram í dagsljósið á síðustu árum.

Við veltum fyrir okkur hvort þessi mál sem hafa nýlega komið upp séu annars eðlis en við höfum átt að venjast og hvort við þurfum þá ef til vill ný tól og tæki til að geta brugðist almennilega við þeim,“ segir Hrönn Ólína.

Forstjórinn fagnar erindi ráðuneytisins

Í erindi matvælaráðuneytisins var jafnframt farið fram á að stofnunin upplýsi matvælaráðherra um stefnu sína hvað varðar upplýsingamiðlun til almennings meðan þær aðgerðir sem snúa að velferð dýra standa yfir og eftir að þeim lýkur.

Hrönn Ólína segist skilja reiði fólks þegar svona erfið mál koma upp. „Ekkert okkar vill horfa upp á dýr sem beitt er harðræði eða eru í aðstæðum þar sem heilsu þeirra og lífi er ógnað. Hins vegar vil ég koma því á framfæri að við teljum okkur vinna að dýravelferðarmálum innan þeirra heimilda sem við höfum, af heilindum og einlægni.

Því fögnum við erindi ráðuneytisins og munum taka þátt í því samtali sem fram undan er, af heilum hug.“ */smh*

Dýravelferðarmálin í Borgarfirði:

Tveir tengdir umráðamenn eiga hlut að máli

Á undanförnum dögum hafa dýravelferðarmál verið til umfjöllunar í fjölmiðlum; annars vegar um slæman aðbúnað hrossa og hins vegar nautgripa í Borgarfirði. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er um tvö aðskilin mál að ræða, þar sem tveir tengdir umráðamenn eiga hlut að máli.

Annað málið hefur komist í hámæli á undanförnum vikum, sem snýst um vanrækslu á hrossum. Matvælastofnun (MAST) hefur tilkynnt um aðgerðir sínar gagnvart þeim umráðaaðila, þar sem fella þurfti 13 hross og önnur tíu eru undir eftirliti stofnunarinnar.

Hitt málið varðar nautgripi og reyndar sauðfé á sama bæ, en þar er annar umráðamáður samkvæmt upplýsingum frá Hrönn Ólínu Jörundsdóttur, forstjóra Matvælastofnunar.

Nautgripamálinu ekki lokið

„Við höfum ekki sent út neinar fréttir vegna annarra dýra þessara tengdu aðila þar sem málið er enn í gangi. MAST hefur nú þegar leyst úr málum fyrir hluta bústofnsins. Sauðfé sem var á bænum er til dæmis komið annað og nautgripir sem voru læstir inni eru komnir út.



Hluti nautgripanna sem um ræðir í dýravelferðarmálinu í Borgarfirði. Mynd / Steinunn Árnadóttir

Nautgripamálinu er bara ekki lokið og því hefur ekkert farið frá okkur varðandi það mál.


Það er ekki svo að við séum að reyna að leyna neinu.

Við að sjálfsögðu viljum greina frá þessum málum en við greinum ekki frá þeim fyrr en málunum er lokið,“ segir Hrönn.

Upplýsingagjöf má ekki skaða rannsóknina

„Þar sem við erum í miðjum aðgerðum gerir það oft málin stærri, flóknari og viðkvæmari þegar fjölmiðlar og samfélagið er komið í málið líka. Þegar málin eru komin í fjölmiðla og á samfélagsmiðla þá getur það haft áhrif á eftirlitsþegann og gert hann erfiðari viðureignar. Við hins vegar greinum frá þegar málum er lokið og það er samkvæmt okkar upplýsingastefnu sem er á okkar heimasíðu. Við viljum og reynum að vera eins gagnsæ og við getum en það má ekki verða til þess að upplýsingagjöfin skaði rannsóknarvinnuna og geti gert framkvæmd aðgerða erfiðari,“ segir Hrönn.

Hún segist ekki geta farið út í smáatriði varðandi ástand nautgripanna. „Það var skortur á útigöngu eins og hefur komið fram og svo erum við að skoða holdafar og fóðrun. Við erum að vinna í þessu máli og höfum verið í töluverðan tíma.“ */smh*



Reglugerðarbreyting:

Dráttarvélar á vegum skoðunarskyldar

Samkvæmt reglugerð sem gefin var út af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu eru eigendur dráttarvéla sem komast yfir 40 kílómetra á klukkustund skyldugir til að koma með þær í reglubundnar skoðanir ef þær eru aðallega notaðar á opinberum vegum.

Gilda því sömu reglur um skoðunarskyldu á þessum dráttarvélum og fólksbifreiðum.

Eigendur eða umráðamenn slíkra dráttarvéla þurfa að skrá vélarnar í þar til gerðan notkunarflokk ef ætlunin er að nota þær á opinberum vegum. Dráttarvélar sem ná ekki áðurgreindum hraða og þeir traktorar sem ekki eru notaðir á opinberum vegum eru áfram undanþegnir skoðun eins og áður var. Varðandi tíðni reglubundinnar skoðunar segir að fara skuli með ökutæki fyrst í skoðun innan fjögurra ára eftir að það var fyrst skráð, að skráningarárinu frátöldu. Síðan á tveggja ára fresti, og eftir það á 12 mánaða fresti.



Dráttarvélar sem eru aðallega notaðar á opinberum vegum og komast yfir 40 km/klst. þurfa að fara í reglubundna skoðun. Þessi reglugerð nær þá líka til fjórhjóla sem eru skráð sem dráttarvélar. Mynd / Vasile Valcan

/ÁL

© Inter IKEA Systems B.V. 2022

Draumaeldhúsið

Reynslumiklir teiknarar okkar aðstoða
þig við að hanna draumaeldhúsið
– og þjónustan er ókeypis

FOKUSERA vegghúfur
54.950,-

INSJÖN
blöndunartæki
með skynjara
39.950,-

ENERYDA höldur
1.450,-/2 í pk.

BODBYN skúffuframhliðar
B60×H40 cm
Höldur eru seldar sér
5.950,-/stk.

BEKVÄM hjólaborð
11.950,-

Skoðaðu
eldhúsbæklinginn!

Skannaðu

Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is

IKEA

FRÉTTIR



Garðar Eiríksson hefur látið af störfum hjá Auðhumlu, eftir að hafa í tæp 30 ár sinnt ánægjulegu þjónustuhlutverki við mjólkurframleiðendur. Mynd / ghp

Mikill ávinningur með núverandi kerfi

Garðar Eiríksson hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Auðhumlu, sjötugur að aldri, en hann hefur gegnt því starfi frá ársbyrjun 2016.

Áður starfaði hann sem skrifstofu- og fjármálastjóri Mjólkurbús Flóamanna frá 1996 og kom meðal annars að mótun núverandi fyrirkomulags Auðhumlu og Mjólkursamsölunnar varðandi móttöku og vinnslu mjólkur. Hann hefur því starfað um árabil í starfsumhverfi mjólkursamlaga og -vinnslu. „Ég hef nú fyrst og fremst bara reynt að sinna mínu þjónustuhlutverki sem best," segir Garðar hæverskur þegar hann er spurður um þau fingraför sem hann hefur sett á „mjólkurkerfið" á undanförnum árum. Hann játar því þó að hafa ásamt öðrum unnið að því að móta núverandi fyrirkomulag, fyrst með sameiningu gömlu Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna árið 2005 og síðan stofnun Auðhumlu árið 2007.

Tvískipt hlutverk í móttöku og meðferð mjólkur

Breytingarnar fólust meðal annars í því að Auðhumlu var ætlað það hlutverk að taka við mjólkinni frá bændum af öllu landinu fyrir utan Skagafjörð og annast greiðslur til þeirra, en Mjólkursamsölunni úrvinnsluhlutann, framleiðslu á sjálfum mjólkurvörunum. Auðhumla selur einnig mjólk áfram til annarra mjólkurvinnslufyrirtækja, eins og Kaupfélags Skagfirðinga, Örnu og Biobús. „Ég held að þetta hafi verið fremur farsælar breytingar á kerfinu, það hefur sparað mikla fjármuni með hagræðingu. Íslenskir neytendur hafa notið beins ávinnings af þessu hagræði, sem áætlað er að nemi um tveimur milljörðum króna árlega. Þá er áætlað að einn milljarður króna renni árlega til íslenskra kúabænda í formi afurðaverðs, vegna þessara breytinga og hagræðingar. Þar skiptir 71. grein búvöru laga sköpum, sem heimilar afurðastöðvum að starfa saman til lækkunar á kostnaði," segir Garðar og játar því að okkar kerfi sé líklega alveg einstakt. „Ég held að það þekkist ekki annars staðar. Það eru auðvitað alltaf áhöld um það hvað teljist ásættanlegt afurðaverð, en gagnvart neytendum held ég að það sé óhætt að segja að kerfið hafi skilað miklum ávinningi

Ragnar Árnason hagfræðingur gerði úttekt á kerfinu og skilaði í byrjun árs 2021 skýrslu til Mjólkursamsölunnar, þar sem þetta kemur fram."

Ánægjulegt þjónustuhlutverk

Spurður um hvað sé eftirminnilegast frá þessum árum sínum í mjólkuriðnaði, segir Garðar að það sé nú bara ánægjan við það að sinna þessu þjónustuhlutverki við framleiðendur í tæp þrjátíu ár. „En jafnframt hafa orðið miklar breytingar á þessum árum, bændum hefur fækkað, einingarnar orðið stærri, sjálfvirkni aukist og nú er svo komið að um 70 prósent allrar mjólkur er mjólkað með róbótum, eitthvað sem ekki var til þegar ég hóf störf í mjólkuriðnaðinum. Ég hef reynt að sinna þessu eftir fremsta megni með hag umbjóðenda minna að leiðarljósi," segir hann.

Garðar er samvinnuskólagenginn og starfaði um skeið í bankageiranum, aðalleg hjá Samvinnubankanum. Hann var útibústjóri í um 12 ár áður en hann sneri sér að mjólkuriðnaðinum, í Grundarfirði, Reykjavík og á Selfossi, sínum heimabæ. */smh*

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Skógrækt:

Deilt er um grisjun

– Ísland gæti endað án innlendra skógarhöggsvéla

Eigendur eina sérhæfða grisjunarbúnaðar Íslands eru ósáttir við Skógræktina þar sem vinnuflokkur frá Lettlandi var fenginn til að sinna mikilli grisjun í þjóðskógum.

Verktakarnir Jens Líndal og Guðmundur Geirsson, eigendur íslenska grisjunarbúnaðarins, segjast vera tilneyddir til að selja tækjabúnaðinn sinn úr landi ef verkefnin verða áfram sett í hendur erlends vinnuafls. Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri segir eðlilegt að samkeppni sé á þessum markaði og að erlendi vinnuflokkurinn hafi verið á vegum íslensks aðila. Forsaga málsins er sú að umræddar vélar voru keyptar til landsins árið 2014 af Kristjáni Má Magnússyni og gerði Skógræktin samning við hann um að tryggja þeim verkefni við grisjun. Jens og Guðmundur keyptu þessar vélar af Kristjáni árið 2021 og gerði Skógræktin eins samning við þá og hafði verið gerður við fyrri eiganda. Guðmundur og Jens túlka samninginn sem svo að markmiðið hafi verið að byggja upp innlenda þekkingu og markað fyrir grisjun hér á landi. Umræddur samningur var forsenda þess að þeir fengju lán fyrir vélunum.



Skógarhöggsvél af gerðinni Komatsu sem hefur verið við grisjun hér á landi með lettneskum vinnuhópi. Mynd / Aðsend



Skógarhöggsvél af gerðinni Gremo. Sú eina í eigu íslenskra aðila. Mynd / Aðsend

Sett af sérhæfðum vélum

Vélarnar sem um ræðir eru af gerðinni Gremo og eru tvær aðskildar einingar – skógarhöggsvél annars vegar og útkeyrsluvél hins vegar.

Jens á skógarhöggsvélina sem sér um að höggva trén, hreinsa af þeim greinar og saga niður í meðfærilegar einingar. Útkeyrsluvélin er í eigu Guðmundar og sér um að safna timbrinu og flytja úr skóginum. Þessi búnaður er það sérhæfður að hann nýtist ekki í neitt annað og notkun þeirra krefst mikillar þjálfunar. Kaupverðið á vélum sem þessum er hátt og segja þeir allt viðhald krefjast mikils fjármagns.

Erlendur vinnuflokkur í þjóðskógum

Núna í haust heyrðu félagarnir af því að erlendur vinnuflokkur og grisjunarbúnaður sambærilegur þeirra hafi komið til landsins og fengið verkefni í þjóðskógum á vegum Skógræktarinnar.

Þeir segja að Skógræktin hafi ekki haft samráð við þá áður en umræddir aðilar komu til landsins, og á meðan hafi þeirra búnaður verið verkefnalaus. Þeir segjast hafa fengið álit lögfræðings sem hafi tjáð þeim að með því að Skógræktin hefði ekki gefið þeim kost á að bjóða í verkið hafi áðurnefndur samningur verið brotinn. Nú horfir svo við að þeir sjá fram á að þurfa að flytja sínar vélar úr landi, þar sem ekki séu næg verkefni til að standa undir kostnaði við að eiga þær.

Með því vilja þeir meina að sú reynsla og þekking sem reynt er að byggja upp hér á landi hverfi og aðgengið að vélum sem þessum verði verra. Eins og staðan er núna hefur mikið verið plantað af skógi, en grisjun sé að þeirra mati í skötulíki.

Verktakinn íslenskur

Bændablaðið setti sig í samband við Þröst Eysteinsson skógræktarstjóra.

Hann sagði að þetta hefðu ekki verið erlendir aðilar, heldur hefði verið samið við fyrirtækið Tandrabretti um grisjun. Hann staðfestir að verkefnið hafi kostað meira en 20 milljónir króna, en þar sem enginn verkþáttur fór yfir 50 millj. kr. segir hann Skógræktina ekki hafa verið skylduga til að fara í útboð. Varðandi áðurnefndan rammasamning um verkkaup sem Skógræktin gerði við Jens og Guðmund þegar þeir keyptu vélarnar segir Þröstur að sá samningur hafi ekki útilokað að Skógræktin semdi við aðra aðila um grisjun.

Skógræktin gerir ekki einokunarsamninga

Þröstur segir því að ekkert ólöglegt hafi átt sér stað og að Skógræktin geri ekki einokunarsamning við nokkurn verktaka. Hann bætir við að Tandrabretti sé innlendur verktaki, rétt eins og Jens og Guðmundur.

Hann segir að Skógræktinni beri ekki að skipta sér af því hvaðan starfsfólkið sem vinni verkið komi. Í þessu tilfelli hafi starfsfólkið verið frá Lettlandi og þeim sé heimilt að vinna hér þar sem þeir búa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Mikil reynsla í Lettlandi

Magnús Þorsteinsson hjá Tandrabrettum segir erlendu aðilana hafa sýnt mikla fagmennsku, enda sé mikil hefð fyrir skógarhöggi í Lettlandi. Klár þörf sé á vélum sem þessum, enda sé komið að grisjun víða. */ÁL*

Vöruþróun:

MS vann til verðlauna

Mjólkursamlagið á Selfossi sigraði í flokki neyslumjólkurvara í keppninni International Dairy Contest í Herning, Danmörku.

Tilkynnt var um úrslitin þriðjudaginn 1. nóvember síðastliðinn. Keppendur komu frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku og voru 1.500 vörur skráðar til leiks. Keppt var í þremur flokkum. Í flokki osta sigraði útibú Arla í Taulov í Danmörku með Maasdammer ost. Í flokki smjörs og blandaðra vara vann Arla í Götene í Svíþjóð fyrir Bregott Havsalt viðbitið. Að lokum var MS á Selfossi sigurvegari í flokki neyslumjólkurvara fyrir



áðurnefnt skyr. Bændablaðið ræddi við Svend Jörgenssen, aðstoðarrekstrarstjóra MS á Selfossi og mjólkurtæknifræðing. Hann sagði að Mjólkursamlagið hefði sent út nálægt 70 vörur og mörgum þeirra hefði vegnað vel í keppninni. Að auki við að verðlauna sigurvegara í hverjum flokki var vörum sem sköruðu fram úr veitt gull-, silfur- og bronsviðurkenningar.

Svend segir að MS hafi oft keppt í þessari keppni og átt velgengni að fagna í áðurnefndum flokki. Árið 2017 sigraði MS fyrir Ísey skyr með bökuðum eplum og árið 2012 var Kókómjólkin hlutskörpust neyslumjólkurvara.

Níu manns fóru sem fulltrúar MS á keppnina og var hluti þeirra í dómnefndum. Þau sem lögðu mat á gæði varnings þurftu að framkvæma prófanir án þess að sjá umbúðir eða vita hvað fyrir þau var lagt. */ÁL*

2023

can-am®



BRP

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARI

Tækniframfarir

Í ritinu *Ræktum Ísland!* sem grundvallar landbúnaðarstefnu Íslands, kemur fram að nýir straumar verði ráðandi kraftar í landbúnaði framtíðarinnar.

Í þessum straumum falla landnýting, umhverfisvernd og tæknivæðing í einn farveg. Því fyrr sem íslenskur landbúnaður fellur að þessum straumum, þeim mun betur tekst að efla hann og styrkja. Þar segir einnig að árangursrík landbúnaðarstefna krefjist þess að tekið sé mið af þróun nýrrar tækni og áhrifum hennar á störf bænda. Virkja beri þá þekkingu sem þegar er fyrir hendi með notkun hátækni í ýmsum greinum landbúnaðar og leggja áherslu á að kynna bændum hvað hér sé í húfi.

Við eigum öll að vita hvað er í húfi, hvort sem við erum bændur eða ekki. Miðað við spár um fjölgun mannkyns telur Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) að auka þurfi matvælaframleiðslu um 70% fram til ársins 2050. Um leið er því spáð að landbúnaðarland muni minnka og að takmarkaðar náttúruauðlindir verði fullnýttar. Við þessar aðstæður skiptir sköpum að afrakstur af landbúnaðarframleiðslu aukist án þess að gengið sé of nærri því sem nýta má.

Því er það þjóðþrifamál að auka og bæta landbúnaðarframleiðslu hér á landi á grundvelli vísinda og tækniframfara. Í tölublaðinu er snert á tveimur dæmum beintengdum þessum áherslumálum landbúnaðarstefnunnar.

Nýtt erfðamengisúrval sem nú hefur verið innleitt í kynbótastarf íslensku mjólkurkýrinnar markar þáttaskil í íslenskri nautgriparækt. Um er að ræða gjörbyltingu kynbótakerfisins sem mun stórauka og hraða erfðaframförum. Ávinningurinn er gríðarlegur og nemur tugum milljóna á ári, bætir okkar frábæra mjólkurkúakyn og minnkar framleiðslukostnað. Tryggir enn fæðuöryggi landsins. Annað skref í framförum nautgriparæktarinnar snýr að kyngreiningu sæðis. Sú tækni getur bætt enn frekar kynbótastarf búgreinarinnar, sér í lagi með tilkomu erfðamengisúrvalsins. Heyrst hefur að innan Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sé unnið að því að skoða þá framþróun sem hefur átt sér stað í þeirri tækni og verið sé að leggja mat á kostnað og ávinning þess að taka slíkt upp hér á landi. Yrði það til þess að bæta enn nákvæmni í kynbótastarfi og framlegð búgreinarinnar.

Íslandi gefst kostur á að taka þátt í framsæknu sænsku plöntukynbótaverkefni sem snýr að því að kynbæta plöntur á háhraða svo þær verði aðlagaðar að einangruðum umhverfisaðstæðum. Í fréttaskýringu blaðsins kemur fram að Ísland er langt á eftir nágrannaþjóðunum í kornrækt, að því er virðist vegna andvaraleysis. Fyrir tilstilli framsækinna eldhuga gefst okkur nú kostur á að stíga inn í einhvers konar tímavél, tæknibyltingu, sem gæti orðið til þess að á innan við áratug yrðum við með í höndunum frambærileg kornyrki fyrir sériślenskar aðstæður. Þetta er ekki síður brýnt umhverfismál en grundvallar fæðuöryggismál að láta raunverulega verða að því að efla kornrækt. Hik er það sama og tap ef ekkert verður gert núna.

Í fregnum af tækninýjungum, eins og háhraðahvelfingu fyrir plöntukynbætur og skilvindu sem kyngreinir sæði, kristallast fyrir okkur að landbúnaður sem framleiðslugrein byggir á beinhörðum vísindum, sem taka ber mark á. Mun minna rými er fyrir tilviljanir og rómantík í heiminum eins og hann er í dag. Fæðuöryggi okkar og komandi kynslóða er í húfi. Umhverfisaðstæður breytast, við því þarf að bregðast. Fólki fjölgar, allir þurfa að nærast. Við verðum að framleiða mat. Vísindasamfélagið og tækniframfarirnar eru lykilþættir í að láta hlutina ganga upp. */ghp*

Af viðbrögðum og málefnum

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Nú á haustdögum eftir uppskerutíma sumarsins þurfum við að horfa á hvar sóknarfærin liggja í frumframleiðslugreinum landbúnaðar.

Mikið hefur gengið á í heimsmálum og óróa gætir á mörkuðum sem hafa leitt af sér umtalsvert hærri rekstrarkostnað í allri frumframleiðslu. Kornverð hefur og mun hafa víðtæk áhrif á framleiðslukostnað og einnig olíuverð sem hefur komið fram, ekki einvörðungu í hækkun á flutningi heldur einnig í umbúðum og tengdum vörum. Áburðarverð á heimsmarkaði virðist hafa náð einhverju jafnvægi í dag en verðið er enn í hæstu hæðum og fyrirsjáanlegt að fyrra verði sem var fyrir stríð verður ekki náð. Nú liggur fyrir tillaga að hækkun á úrvinnslugjaldi á rúlluplasti og umbúðum almennt, en hækkunin á rúlluplastinu er fyrirhuguð úr 32 kr. pr. kg. og stefnir í 85 kr. pr. kg. Þetta er enn einn pósturinn sem hækkar framleiðslukostnað í landbúnaði sem allt telur í afkomu bænda.

Viðbrögð BÍ

Mikil vinna hefur farið fram á vegum Bændasamtakanna í verkefnum sem ætlað er að efla hringrásarhagkerfið á Íslandi atvinnugreininni til framdráttar. Eitt af þeim verkefnum er samstarf landeldisstöðva og bænda um nýtingu úrgangs frá laxeldi annars vegar og húsdýraáburði hins vegar. Þetta verkefni er í þróun og sótt hefur verið um styrk bæði í Live hringrásarsjóð Evrópusambandsins og einnig í tækniþróunarsjóð Rannís um stuðning til að láta þetta verkefni raungerast. Það eru margir sem koma að þessu verkefni með Bændasamtökunum og landeldisbændum, þar má nefna Orkideu sem er samstarfsverkefni á Suðurlandi um orkunýtingu. Það er von okkar að með þessu verkefni horfum við fram á nýtingu afurða til áburðaframleiðslu sem vonandi dregur úr þeim mikla kostnaði sem áburðarkaup eru í starfsemi bænda. Afar mikilvægt er að standa vörð gegn þessum miklu hækkunum í aðfangaverði til bænda. Mikilvægt er að kanna alla fleti á þessu verkefni sérstaklega í lagalegu tilliti og reglugerðaverki sem undir þessa starfsemi falla.

Bændasamtökin fordæma vanrækslu og illa meðferð dýra

Undanfarnar vikur hefur dýravelferð og eftirlit með dýrahaldi verið talsvert í umræðunni. Bændasamtök Íslands fordæma vanrækslu og illa meðferð á dýrum í hvaða birtingarmynd sem er, og hafa samtökin átt fund, bæði með MAST og Ríkisendurskoðun um fyrirkomulag eftirlitsins en nauðsynlegt er að samræma lagatextann sem lýtur m.a. að sveitarstjórnarstiginu um hvað heyrir til hvers friðar í þessum málum. Tryggja þarf skýrar boðleiðir innan eftirlitskerfisins og að þær virki, en einnig þarf að tryggja forgangsröðun fjármagns og eðlilegar valdheimildir svo hægt sé að stíga inn í aðstæður fyrr en ella. Allt tal um að skilyrða eigi starfsemi í búfjárrækt með starfsleyfi er með öllu ótímabært enda þurfi fyrst og fremst að skoða hvar skórinn kreppir í þessum efnum sem áður.

Þá er samtökunum talsvert umhugað um hvað gerist um áramót þegar hvorki verður heimilt að urða né senda til brennslu lífúrgang, auk þess sem starfsleyfin eru að breytast um áramót hjá urðunarstöðvum. Hvaða lausnir eru fyrir hendi innan viðkomandi sveitarfélaga til að sinna þessum skyldum sveitarfélaganna um móttöku á úrgangi hvaða nafni sem það nefnist?

Af málefnum ráðherra

Bændasamtökin í samstarfi við búgreinadeild sauðfjárbænda hafa óskað eftir því við matvælaráðherra að viðbótarsamningur verði gerður á þessu ári um að fresta niðurtröppun greiðslumarks, en samtökin telja að þær breytingar sem verða á tilfærslu milli liða í samningnum á næstu árum færi stuðning frá svæðum sem njóta svæðisbundins stuðnings og hafa minni tækifæri til annarrar tekjuöflunar. Þessi breyting vinnur því gegn þeim lið samningsins sem markvisst var ætlað að styðja við byggð á viðkvæmustu svæðum landsins. Ráðherra hefur aftur á móti upplýst um að ekki standi til að gera viðbótarsamning á þessu ári heldur verði horft til endurskoðunar á næsta ári. Þar höfum við reynt að koma til móts við vilja bænda en niðurstaða ráðherra er afgerandi í þessu máli.

Á fundi með fjármálaráðherra í sumar var farið yfir ýmis mál er snýr að eftirliti með tollum og skráningu afurða sem fluttar eru inn til landsins og samræmingu tollskrár hér heima við þær útflutningstölur sem birtar eru á grundvelli útflutningsskýrslna frá ESB. Ráðherra setti saman starfshóp innan ráðuneytisins til að skoða hvað það væri sem gerði það að verkum að þessar tölur væru ekki í samræmi og lofaði að þessi niðurstaða yrði ljós í septembermánuði. Nú er aftur á móti kominn nóvember og engar fregnir hafa borist úr því ágæta ráðuneyti. Það eru óneitanlega okkur mikil vonbrigði þar sem tollvernd er hluti starfsumhverfis landbúnaðar á Íslandi eins og öllum ríkjum ESB.

GAMLA MYNDIN



Kílplógur Þorsteins á Ósi. Þorsteinn Stefánsson á Ósi í Skilmannahreppi smíðaði plóginn um miðjan sjötta áratug síðustu aldar. Plógurinn var kíll á sterku hnífsblaði sem tengt var á tannarboga beltavélar. Kíllinn mótaði lokræsið og auðvelt var að stýra vélinni við verkið. „Kílplógurinn hefur reynzt sterkur og er hentugur og afkastamikill við kílræslu“ var niðurstaða verkfæranefndar á Hvanneyri sem prófaði tækið.
Mynd / Landbúnaðarsafn Íslands

LÍF & STARF



Góður fjárhundur er gulls ígildi.



Aðalsteinn Aðalsteinsson verðlaunahafi A-flokks með hunda sína Burndale Biff, Doppu og Gló. Með honum á mynd er Hilda Linnea. Mynd / HTH



Rekið í rétt.

Landskeppni smalahunda:

Þrefaldur sigur Aðalsteins

Landskeppni Smalahundafélags Íslands var haldin á Húsatóftum á Skeiðum helgina 15.–16. október sl.

Smalahundadeild Árnessýslu hélt mótið á Húsatóftum á Skeiðum og lék veðrið við keppendur og áhorfendur. Keppt var í tveimur flokkum, Unghundaflokki og A-flokki.

„Í keppni sem þessari þarf hundurinn að sækja hóp kinda sem er staðsettur á enda brautar, reka í gegnum hlið, taka kindur frá hópnum og reka í litla rétt. Lengd brautar er misjöfn eftir flokkum og eru minni kröfur gerðar á unghunda en í A-flokk þar sem reyndustu hundarnir keppa," segir Hrafnhildur Tíbrá Halldórsdóttir hjá Smalahundafélagi Íslands. Jónleif Jørgensen frá Færeyjum og Sverrir Möller frá Ytra-Lóni dæmdu keppnina en alls tóku tíu hundar þátt.

Þrír hundar Aðalsteins Aðalsteinssonar röðuðu sér í þrjú efstu sæti A-flokks hunda og tók hann því við öllum verðlaunum í þeim flokki. Er það í fyrsta sinn í sögu Smalahundafélagsins sem það gerist. Úrslit voru sem hér segir:

Unghundaflokkur:

1. Maríus Snær Halldórsson og Míla frá Hallgilsstöðum
2. Hrafnhildur Tíbrá Halldórsdóttir og Flís frá Hjartarstöðum
3. Marzibil Erlendsdóttir og Snúður frá Hjartarstöðum

A-flokkur:

1. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Burndale Biff frá Bretlandi
2. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Doppa frá Húsatóftum
3. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Gló frá Húsatóftum.



Að taka eina merkta kind frá hópnum krefst góðrar samvinnu manns og hunds.
Myndir / Björgvin Sigurbergsson

Upplifðu ferskleika íslenska grænmetisins frá fyrstu hendi

Kokkanemendur Menntaskólans í Kópavogi heimsóttu íslenska garðyrkjubændur á dögunum.

Undanfarin ár hefur Sölufélag garðyrkjumanna ásamt Matartímanum farið í sveitaferðir með kokkanema Menntaskólans í Kópavogi (MK) í samstarfi við kennara. „Við fræðum nemendur um starfsemi Sölufélagsins og kynnum þá fyrir bændum til að þau geti upplifað ræktunina frá fyrstu hendi. Nemendur spyrja margra spurninga og eru mjög fróðleiksfúsir. Kokkanemarnir hafa mikinn áhuga á hráefninu, sem þau eru kynnt fyrir og eru þessar ferðir fléttaðar inn í námsefnið," segir Kristín Linda Sveinsdóttir hjá Sölufélagi garðyrkjumanna.



Kokkanemendur Menntaskólans í Kópavogi, ásamt Hinriki Carli, kennara sínum (með appelsínugulu derhúfuna), heimsóttu garðyrkjubændur og voru alsælir þegar heim var komið eftir frábæran dag. Myndir /KLS



Gulrætur teknar upp.

Teknar voru upp gulrætur, blóm- og spergilkál hjá garðyrkjustöðinni Jörfa á Flúðum undir handleiðslu Ragnheiðar Georgsdóttur.



Hér er verið að kynna sér svepparæktina hjá Flúðasveppum á Flúðum.

Tilgangurinn var að taka með sér grænmeti í skólann þar sem nemendur vinna sértæk verkefni er tengjast nýtingu og geymslu grænmetis. Ragnheiður fræddi þau einnig um ræktun Flúðasveppa.

Óli Finnsson hjá garðyrkjustöðinni Heiðmörk í Laugarás fræddi nemendur um íslenska eldpiparinn, sem þau fengu einnig að smakka við mikla hrifningu. Þá sögðu Hlynur og Ljúpa á garðyrkjustöðinni Kinn í Hveragerði frá sinni starfsemi við ræktun á blaðkáli (Pak choi). Magnús og Sigurlaug á garðyrkjustöðinni Hveratúni í Laugarási fræddu þau um ræktun rósasalats, klettasalats og grandsalats og Helena á Friðheimum í Reykholti leiddi þau um gróðurhúsin og sagði frá allri þeirra starfsemi og sýndi þeim inn í stóreldhús staðarins.

Að lokum var farið í heimsókn til Gunnars Þorgeirssonar og Sigurdísar Eddu Jóhannsdóttur í Ártanga í Grímsnesi þar sem nemendurnir fengu fróðlegar upplýsingar um þær fjölmörgu kryddtegundir sem ræktaðar eru á garðyrkjustöðinni.

Kristín Linda segir að hópurinn hafi alls staðar fengið frábærar móttökur og að garðyrkjubændur fagni alltaf þegar þeir fái tækifæri til að kynna starfsemi sína.

„Það er margt sem kemur nemendum á óvart og við finnum hversu mikilvægt það er að gefa þeim tækifæri að komast í snertingu við ræktunina og ná tengingu við bændurna og vita hvaðan íslenska grænmetið kemur," segir Kristín Linda og bætir við.

„Mikilvægi þess að matreiðslumenn viti hvaðan hráefnið kemur og hvernig það er ræktað er mjög mikils virði. Einnig er mikilvægt að mynda tengingu beint við bóndann til að geta leitað til hans í framtíðinni. Það er mikið og gott starf sem er unnið í MK og við reynum að vera framsækin og fylgja því sem er að gerast á markaðinum hverju sinni," segir Hinrik Carl Ellertsson, kennari í MK.

/MHH

MÆLT AF MUNNI FRAM

308

Síðustu vísnaþættir hafa alfarið verið tileinkaðir minningu nýlátins hagyrðings, **Jóns Ingvars Jónssonar**. Jón Ingvar, sem átti ættir sínar í Skagafjörð, víkur um stund fyrir bónda úr næstu sýslu, Austur-Húnavatnssýslu, **Sigurjóni Stefánssyni**, bónda á Steiná í Svartárdal. Líkt og fjölmargir sýslungar hans fæst hann ögn við yrkingar, en veifar þeim varlega. Stökur birtast þó af og til í símanum hjá mér, einkum þegar hinn aldni bóndi skreppur til heiðarinnar og horfir yfir, oft eftir kindum sínum. Nátengdur er Sigurjón landinu sem fóstrað hefur hann í 84 ár. Á 84. afmælisdegi sínum 19. október síðastliðinn orti hann:

Fallegur dagur fer í hönd,
frekar gæfulegur.
Horfi ég inn á heiðarlönd,
hugann þangað dregur.

Svo er Sigurjón sem oftar kominn fram að Fossum í Svartárdal:

Mosató á melnum grær,
marglit blöðin hanga á grein.
Í kverk við fjallið kúrir bær,
kliðar lækur rétt við stein.

Ég falaði vísu af Sigurjóni og mér virtist honum strax léttara um gang:

Póstinn frá þér fengið hef,
fannst hann nokkuð góður.
Fyrir þessu sætt ég sef,
sjálfsagt eykst minn hróður.

Kristján frá Djúpalæk heimsótti **Halldóru B. Björnsson**, og stóð þannig á að Halldóra var að mála íbúð sína.

Hann kvaddi auðvitað með vísu þegar hann fór:

Að ég komið hafi hér
harður sýnir kviður.
Liptons-teið líkar mér
en lyktin nokkru miður.

Halldóra svaraði um hæl:

Komdu, Stjáni, í kofann minn,
kvæðaslána-foringinn.
Það er að skána þefurinn,
þú ert nánast velkominn.

Andrés Björnsson kom frekar rotinpúrulegur til ritstjórnar Þjóðviljans. Starfsmenn fýsti að vita gjör um útganginn á honum.

Andrés kvaðst hafa verið alla nóttina með Magnúsi Björnssyni, sem kunningjarnir kölluðu „Langa djöful". Andrés áréttaði málið með þessari vísu:

Ekki er von mér verði rótt,
ég var í gær með bullum
og á túr í alla nótt
með andskotanum fullum.

Theódóra Thoroddssen gaf Andrési fertugum tóbaksdós með ágrafinni þessari vísu:

Nú ertu komin á þau ár,
sem er vor mesta hrelling,
en þú ert laus við þess kyns fár.
Þiggðu í nefið. Kerling.

Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi kom inn á kamar á Kópaskeri og allir veggir útkrotaðir með klámi og lélegum kveðskap. Hann orti þá:

Fuglar þeir, er fíflskapinn
fengið hafa á sálina,
létu betur leirburð sinn
leka niður í skálina.

Eftir heimsókn á Kópasker orti svo **Jón Guðmundsson** í Garði:

Kalt var mér á Kópaskeri,
kórbekk sat þar rausnin hallt,
alúð þó á borð þeir beri
í búrinu Mammon skammtar allt.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Nautgriparækt:

Gjörbylting kynbótakerfisins

– Erfðamengisúrval mun stórauka og hraða erfðaframförum á íslensku mjólkurkúnni

Erfðamengisúrval hefur verið innleitt í kynbótastarf íslensku mjólkurkýrinnar og markar það stór tímamót í íslenskri nautgriparækt.

Hið nýja skipulag gerir það að verkum að kynbótaframfarir verða örari með styttra ættliðabili og öruggara kynbótamati einstakra gripa. Í stuttu og mjög einfölduðu máli felur þetta í sér að greining á erfðamengi einstaklinga verði notað til að reikna út hversu efnilegir gripir eru til framræktunar á íslensku mjólkurkúnni.

Á þessu ári byrjuðu kúabændur að taka sjálfir sýni úr nýfæddum kvígukálfum um leið og þeir eru merktir. Þessir gripir hafa fengið arfgerðargreiningu.

Erfðamatið ljóst frá upphafi

Niðurstöður fyrstu keyrslu á erfðamati, það er nýju kynbótamati, hefur verið lesið inn í skýrsluhaldskerfið Huppu og geta þeir sem sendu sýni úr kvígum í arfgreiningu séð erfðamat gripa sinna. Með því geta bændur fengið mat á því hversu góður gripurinn getur orðið þegar hann er aðeins nokkurra mánaða gamall, í stað þess að fá slíkt mat eftir fyrsta burð.

Þeir gripir sem ekki hafa arfgerðargreiningu fá kynbótamat í hinu nýja erfðamengisúrvali.

Breytingarnar bera með sér að minna verður um tilviljanir og öryggi við val á kynbótagripum verður meira. Hægt verður að leggja betra mat á eiginleika sem erfitt hefur verið að mæla, s.s. endingu og skap.

Breytingar strax

Þó nokkrar breytingar munu verða á kynbótastarfi nautgriparæktarinnar með innleiðingu erfðamengisúrvals. Fyrir það fyrsta mun notkun óreyndra nauta heyra sögunni til. Þannig verður aðeins um að ræða naut í notkun sem verða þá allt niður í rúmlega ársgömul. Samhliða því verður tilnefningu sérstakra nautsfeðra hætt. Val nautsmæðra mun taka breytingum og verða öruggara og betra en áður.

„Það mun byggja á arfgreiningum og erfðamati þeirra sjálfra enda mun meirihluti kúa í framleiðslu verða arfgreindur innan þriggja ára. Þannig styrkja sýnatökur úr kvígum og arfgreiningar þeirra val nautsmæðranna í framtíðinni“, segir í tilkynningu frá RML.



Banani 20017 frá Vatnsenda í Eyjafirði. Hann stendur efstur í heildareinkunn allra nauta í augnablikinu.

Fleiri árgangar í boði

Þá tók Fagráð í nautgriparækt þá ákvörðun að hafa 22 naut í notkun á næstunni og er það val byggt á erfðamati. Munu nautin vera úr fleiri árgöngum en áður, enda hafa þær upplýsingar sem fyrir liggja geta metið gæði nauta til framtíðar.

Af nautum í notkun eru t.d. tvö fædd árið 2021 og það yngsta aðeins 19 mánaða gamalt. Fimm eru fædd árið 2020 og fjögur árið 2019. Nautin 22 eru undan fjórtán feðrum. „Rétt er taka skýrt fram að mat þessara gripa getur átt eftir að breytast og innbyrðis röð þeirra riðlast eftir því sem upplýsingar um dætur þeirra berast. Þannig er óvíst að það naut sem er með hæst erfðamat nú verði það eftir næstu keyrslu og svo koll af kolli. Hins vegar er ljóst að þessi hópur nauta er úr hópi þeirra bestu sem um ræðir,“ segir í frétt RML.

Gríðarlegur ávinningur

„Verkefnið um erfðamengisúrval hefur verið stærsta verkefni nautgriparæktarinnar síðustu ár. Þetta er kostnaðarsamt verkefni sem hefur verið unnið í nánu og góðu samstarfi allra aðila greinarinnar; LK, BÍ, RML, mjólkuriðnaðinum, Fagráði í nautgriparækt og síðast en ekki síst bændum sjálfum.

Ávinningur verkefnisins felst fyrst og fremst í auknum erfðaframförum sem sérfræðingar telja að geti numið um 85 milljónum króna á ári. Auk þess getur sparnaður vegna minna umfangs við nautahald og sæðistöku numið tugum milljóna króna á ári. Þegar heildardæmið er reiknað er talið að ávinningur af innleiðingu erfðamengisúrvals muni nema a.m.k. um 40 milljónum króna á ári í minnkuðum framleiðslukostnaði fyrir mjólkuriðnaðinn í heild.

Ég fagna þessum merkilegu tímamótum framfara nú á sama tíma og greinin stendur frammi fyrir gríðarlegum áskorunum í auknum aðfanga- og fjámagnskostnaði. Aukin afköst og minni sóun leiða einnig af sér minni losun frá greininni og því má segja að innleiðing erfðamengisúrvals sé ein stærsta loftslagsaðgerð íslenskrar mjólkurframleiðslu,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Líklegt þykir að í náinni framtíð verði sett inn í reglugerð skylda kúabænda til að taka sýni úr nýfæddum kvígukálfum til að efla og styrkja erfðamengisúrvalið.

/ghp



Hákon 21007 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum, yngsta nautið sem nú kemur til notkunar. Myndir / Aðsendar

Listi yfir naut sem eru til notkunar núna:

Bikar 16008 **frá Stóru-Hildisey 2 í Landeyjum, f. Bambi 08049, mf. Vindill 05028,**

Jarfi 16016 frá Helgavatni í Þverárhlíð, f. Bambi 08049, mf. Stíll 04041,

Herkir 16069 **frá Espihóli í Eyjafirði, f. Gustur 09003, mf. Baldi 06010,**

Þróttur 17023 **frá Ósi í Hvalfjarðarsveit, f. Klettur 08030, mf. Þrællt 09068,**

Búkki 17031 **frá Lundi í Lundarreykjadal, f. Dropi 10077, mf. Bolti 09021,**

Ós 17034 **frá Espihóli í Eyjafirði, f. Úlli 10089, mf. Kambur 06022,**

Títan 17036 **frá Káranesi í Kjós, f. Úranus 10081, mf. Dynjandi 06024,**

Óberon 17046 **frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum, f. Úranus 10081, mf. Skalli 11023,**

Barón 17050 **frá Bryðjuholti í Hrunamannahr., f. Úlli 10089, mf. Laufás 08003,**

Ítali 17056 **frá Stóru-Reykjum í Flóa, f. Úlli 10089, mf. Þáttur 08021,**

Beykir 18031 **frá Brúnastöðum í Flóa, f. Gýmir 11007, mf. Baldi 06010,**

Tindur 19025 **frá Hvanneyri í Andakíl, f. Sjarmi 12090, mf. Klettur 08030,**

Skáldi 19036 **frá Skáldsstöðum í Eyjafirði, f. Bárður 13027, mf. Klettur 08030,**

Kvóti 19042 **frá Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, f. Sjarmi 12090, mf. Úlli 10089,**

Samson 19060 **frá Egilsstöðum á Völlum, f. Steri 13057, mf. Baldi 06010,**

Marmari 20011 **frá Glitstöðum í Norðurárdal, f. Jörfi 13011, mf. Bambi 08049,**

Banani 20017 **frá Vatnsenda í Eyjafirði, f. Jörfi 13011, mf. Bambi 08049,**

Svarfi 20027 **frá Hofsá í Svarfaðardal, f. Jörfi 13011, mf. Bambi 08049,**

Keilir 20031 **frá Brúnastöðum í Flóa, f. Hálfmáni 13022, mf. Bolti 09021,**

Garpur 20044 **frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahr., f. Jörfi 13011, mf. Bambi 08049,**

Óðinn 21002 **frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahr., f. Kláus 14031, mf. Úlli 10089**

Hákon 21007 **frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum, f. Ýmir 13051, mf. Fossdal 10040.**



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Hádegisfundir um áburðarmál

Í lok nóvember og fram í desember munu ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) fara um landið og halda fræðslu- og umræðufundi um áburðarmál.

„Það að nýta búfjáráburð og annan lífrænan áburð sem best samhliða því að lágmarka notkun á tilbúnum áburði án þess að það hafi skaðleg áhrif á búreksturinn eru meðal helstu áskorana sem bændur standa frammi fyrir í dag.

Á fundunum munu ráðunautar RML fara yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi áburðarnýtingu o.fl. og síðan verða umræður í lokin þar sem m.a. er gert ráð fyrir þátttöku áburðarsala“, segir í tilkynningu frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

/ghp



Farið verður yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi áburðarnýtingu. Gert er ráð fyrir þátttöku áburðarsala í umræðum. Mynd /bbl

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn








- Íslensk framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR



Kjötframleiðsla síðustu áratuga. Mynd / Hagstofa Ísland

Kjötframleiðsla eykst

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var kjötframleiðsla í september 2022 alls 2,6% meiri en í september á síðasta ári.

Kindakjötsframleiðslan var 4% meiri og nautakjötsframleiðslan 3% meiri en í fyrra. Framleiðsla á alifuglakjöti var 5% minni en í september 2021 en svínakjötsframleiðslan 1% meiri. Útungun alifugla til kjötframleiðslu var 9% meiri en í september í fyrra.

Tölur Hagstofunnar sýna að framleiðsla á lambakjöti hefur dregist verulega saman frá því á níunda áratug síðustu aldar. Framleiðsla á nauta-, svína- og alifuglakjöti hefur aftur á móti aukist talsvert og sýnu mest á alifuglakjöti. Framleiðsla á hrossakjöti hefur nánast haldist óbreytt. */VH*

Minna flutt inn af jurtaosti og -rjóma

Frá árinu 2019 hefur innflutningur á bæði jurtarjóma og jurtaosti dregist saman.

Þetta sést ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands yfir fjölda kílóa sem fluttur var inn af vörum í þessum flokkum.


Á árinu 2019 voru flutt inn 173 tonn af jurtarjóma, 92 tonn árið 2020, 51 tonn árið 2021 og 23 tonn fyrstu níu mánuði ársins 2022. Samdrátturinn á hverju ári hefur því verið í kringum 45-50%.

Þegar skoðaðar eru tölur yfir aðkeyptan jurtaost sést að innflutningurinn er kominn niður í þriðjung af því sem áður var. Árið 2019 komu til landsins 300 tonn, 216 tonn árið 2022, 93 tonn árið 2021 og í lok september á þessu ári var talan komin upp í 87 tonn. */ÁL*



Innflutningur á osti og rjóma sem búinn er til úr jurtaafurðum er orðinn mun minni en fyrir örfáum árum. Mynd / Andrew Lancaster

ALMANAK HÍ ER KOMIÐ Í VERSLANIR!



„Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir helstu tímabelti heimsins. Yfirlit um hnetti, mælieiningar, veðurfar o.fl. Af nýju efni má nefna grein um segulstirni en það er óvenjuleg tegund nifteindastjarna með mun sterkara segulsvið en hinar hefðbundnu nifteindastjörnur. Segulstirni eru gjarnan uppsprettur hrina háorkugeislunar í geimnum. Í annarri grein er fjallað um hvaða reikistjarna sólkerfisins muni að jafnaði vera sú sem næst er jörðu.“

www.almanak.is
www.haskolautgafan.is

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Bændablaðið
bbl.is / facebook / instagram



Fyrstu niðurstöður verkefnisins Heygæði við notkun sjálfbærra áburðargjafa, benda til þess að sjálfbærir áburðargjafar séu ekki síðri en tilbúinn áburður.

Landbúnaðarrannsóknir:

Sjálfbærir áburðargjafar jafngóðir tilbúnum áburði

Eitt af þeim verkefnum sem fékk stuðning í gegnum þróunarfé búvörusamninga, nautgripahluta þeirra, heitir Heygæði við notkun sjálfbærra áburðargjafa.

Þar er leitað nýrra lausna í áburðarmálum, en miklar verðhækkanir á heimsmarkaði með tilbúinn áburð hefur haft í för með sér ýmsar áskoranir fyrir nautgripabændur sérstaklega. Fyrstu niðurstöður benda til þess að sjálfbærir áburðargjafar geti verið jafngóðir og tilbúinn áburður.

Í verkefninu er kannað hversu góðir sjálfbærir áburðargjafar eru í raun – hver séu heygæðin þegar slíkur áburður er notaður. Þannig felur það í sér mat á efnainnihaldi heyja sem hefur verið aflað frá landi sem mismunandi lífrænum áburði hefur verið borið á; eins og kjötmjöl, mannaseyra, fiskiseyra, molta, kúamykja og hænsnaskítur – ýmist einum og sér eða í blöndum. Blanda af kúamykju og kjötmjöli skilaði jafn góðri uppskeru og tilbúinn áburður.

Úrgangur vannýtt auðlind

Um hliðarverkefni er að ræða frá verkefninu „Sjálfbær áburðarframleiðsla – heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfi“ sem var styrkt af Markáætlun Rannís árið 2020 og mun klárast í lok þessa árs. Með viðbótarstyrknum verður hægt að gera heyefnagreiningar á öllum áburðargjöfum og meta áhrif þeirra á heygæði og steinefnainnihald.

Í greinargerð með umsókninni um þróunarféð kemur fram að í dag falli til talsvert magn af úrgangi sem nýta mætti sem áburð sem væri skref í áttina að sjálfbæru hringrásarhagkerfi landbúnaðarins. Úrgangurinn sé í flestum tilfellum vannýtt auðlind sem sé hent, í stað þess að nýta til verðmætasköpunar. Samvinna er við nýsköpunarfyrirtækið Atmonia, sem vinnur nú að þróun á tækjabúnaði til framleiðslu á köfnunarefnisáburði án kolefnisspors, sem gert er ráð fyrir að geti verið heima á hverjum bæ.

Jákvæðar niðurstöður

Í greinargerðinni segir að með nýtingu þessara auðlinda væri hægt að spara umtalsverðan gjaldeyri sem væri gott fyrir landbúnað og þjóðina alla – og hefði jákvæð áhrif til lengri tíma á ástand og frjósemi jarðvegs.

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) er umsóknaraðili um styrkinn fyrir verkefnið en verkefnisstjóri er Sigríður Guðbjartsdóttir sem starfar við LbhÍ og vinnur auk þess að meistaraverkefni um þetta efni. Hún segir að fyrstu niðurstöður bendi til að sjálfbærir áburðargjafar auk fljótandi ammóníumnítrats frá Atmonia gefi góða uppskeru, ekki endilega síðri en ef eingöngu tilbúinn steinefnaáburður væri borinn á. „Það er mjög áhugavert að sjá þessar niðurstöður þar sem ammóníumnítrati er blandað við mykjuna, með tilheyrandi sparnaði á tækjum, olíu, vinnu og umferð á túnum,“ segir hún.

Kjötmjöl gefur mesta próteinið

„Við erum komin með uppskerumælingar frá 2021 og 2022 og heyefnainnihald frá árinu 2021



Sigríður Guðbjartsdóttir í felti.


af reitum sem fengu kjötmjöl, kúamykju og hænsnaskít, kúamykju, steinefnaáburð og svo engan áburð.

Ef við skoðum gögnin með sjálfbærum áburðargjöfum, gefur kúamykja og blöndur hennar mestu uppskeruna. Kjötmjölið er hins vegar að gefa mesta próteinið í heyjunum, þar á eftir aðrir áburðargjafar og kúamykjan minnsta próteinið. Við sjáum breytileika á meltanlegs trénis eftir áburðargjöfum, ammoníumnítrat eykur próteinmagn í heyjum og meltanleiki er hærri við notkun kúamykju, svo eitthvað sé nefnt.“

Blöndur í stað tilbúins áburðar

Að sögn Sigríðar var einkar áhugavert að sjá niðurstöður á þessu ári, að blanda af kúamykju og kjötmjöli hafi skilað jafn góðri uppskeru, með og án viðbótar niturgjafar – og að sú blanda innihélt nægt magn fosfórs og kalí. Þó með þeim fyrirvara að kjötmjölið var borið á að vori, en samkvæmt reglum þarf að dreifa kjötmjöli fyrir 1. desember til að nýta heyfeng af túnum sem fóður.

„Það bendir því til að hægt sé að búa til blöndur úr sjálfbærum áburðargjöfum í stað steinefnaáburðar, en það þyrfti að rannsaka frekar. Það verður mjög áhugavert að rýna í heyefnagreiningar hjá hinum sjálfbæru áburðargjöfunum, sjá mun milli ára, bera saman heildarmagn og gæði og þar með fá heildstæða mynd af áhrifum sjálfbærra áburðargjafa á heygæði,“ segir Sigríður. */smh*



Áhrif áburðargjafa á heildarþurrefnisuppskeru. Skammstafanir: H – Mannaseyra, F – Fiskiseyra, B – Kjötmjöl, C – enginn áburður, Cp – Molta, CmH – Kúamykja + mannaseyra, CmCp – Kúamykja + molta, CmB – Kúamykja + kjötmjöl, CmCh – Kúamykja + hænsnaskítur, M – Steinefnaáburður, Cm – Kúamykja.

YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

FRÉTTIR

Sameining Skógræktarinnar og Landgræðslunnar:

Alls engar illdeilur milli stofnananna

Fyrir skemmstu tilkynnti Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra um ákvörðun sína að leggja til sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar í nýrri stofnun. Landgræðslustjóri telur ákvörðunina skynsamlega og segir myndina ekki rétta sem gefin hafi verið, að allt logi í deilum á milli starfsmanna stofnananna.

Árni Bragason tók við starfi landgræðslustjóra árið 2016. Hann telur mjög skynsamlegt að sameina þessar stofnanir því samstarf sé mjög mikið og samlegð á fjölmörgum sviðum, svo sem ráðgjöf varðandi landnýtingu og endurheimt náttúruskóga. „Starfsfólk sem vinnur að rannsóknum og landupplýsingum er í miklu samstarfi nú þegar og fjölmörg tækifæri eru til samstarfs varðandi fræðslu og verklegar framkvæmdir. Faglegur ágreiningur er vissulega fyrir hendi á ákveðnum sviðum en ekkert sem á að þurfa að koma í veg fyrir sameiningu," segir hann.



Árni Bragason, landgræðslustjóri.

Það logar ekki allt í deilum

„Skrif einstaklinga á samfélagsmiðlum, þar sem ofbeldi hefur verið hótað og lítið gert úr starfi annarra, hafa gefið þá mynd að allt logi í deilum á milli stofnananna en svo er alls ekki," segir Árni.

„Með útgáfu sameinaðrar stefnu fyrir landgræðslu og skógrækt, er komin framtíðarsýn fyrir málaflokkinn og fyrir vinnuna fram undan, hvort sem verður að sameiningu eða ekki," bætir hann við.

Þröstur Eysteinsson tók við starfi skógræktarstjóra árið 2015. Í viðtali Þrastar við vefmiðilinn Vísi, eftir að tilkynnt hafði verið um áformin um sameininguna, kom fram að hann teldi að ekki yrði auðvelt að sameinast, fjölmargar tilraunir hefðu verið gerðar en ýmislegt hefði komið í veg fyrir það, eins og skoðanir fólks, persónulegar erjur og mismunandi áherslur.

Saga beggja stofnana er löng. Landgræðslan hét áður Landgræðsla ríkisins, en var stofnuð sem Sandgræðsla Íslands árið 1907 og var undir Skógrækt ríkisins til 1914. Skógrækt ríkisins var stofnuð 1908, en varð að Skógræktinni árið 2016 með sameiningu Skógræktar ríkisins og sex stofnana sem þjónuðu skógrækt á lögbýlum.

Sameinaða stefnan Líf og land

Sameiningin hefur haft markvissan aðdraganda á þessu ári, til að mynda með útgáfu á Líf og land í ágúst, fyrstu sameinuðu stefnunni í landgræðslu og skógrækt.

Í rökstuðningi Svandísar fyrir sameiningunni hefur komið fram að hún telji að mikill samhljómur sé með hlutverkum stofnananna eins og þau eru skilgreind í nýlegum lögum – og mikil samlegð sé, meðal annars í ýmsum loftslagsverkefnum.

Skógræktin og Landgræðslan eru með sextán starfsstöðvar víðs vegar um landið. Ekki er gert ráð fyrir að hreyfa við þeim eða staðsetningum starfsmanna. Virðist stefna ráðherra vera að efla þær og auka áherslur í verkefnum sem tengjast landnýtingu.

/smh



Séð yfir uppbyggingu á starfsstöð Landeldis við Þorlákshöfn. Mynd / Aðsend

Úrgangur landeldisfyrirtækja er ónýtt auðlind

– Áburðarframleiðsla úr fiskimykju og búfjáráburði áætluð við Þorlákshöfn

Á málþinginu Græn framtíð, sem haldið var á degi landbúnaðarins 14. október á Hilton Reykjavik Nordica, flutti Rúnar Þór Þórarinsson erindi, en hann er yfirmaður sjálfbærni og nýsköpunar hjá Landeldi við Þorlákshöfn og stjórnarformaður Landeldissamtaka Íslands (Eldís).

Þar kom fram að stórt verkefni væri í vinnslu hjá fyrirtækinu, þar sem markmiðið væri að hefja framleiðslu á áburði við Þorlákshöfn úr úrgangi frá öllum landeldisstöðvum á Íslandi í bland við búfjáráburð.

Erindi Rúnars bar yfirskriftina Visthæfing landeldis: Fiskúrgangur í kröftugan áburð. Rúnar sagði að í marsmánuði árið 2021 hafi farið af stað vinna innan fyrirtækisins varðandi það sem nefnt er visthæfing landeldis. Það felur í sér hámarks nýtingu hráefnis með endurvinnslukerfi. Um þrepaskipta lausn væri að ræða þar sem úrgangur væri endurunninn á vistvænan hátt frá fulleldi fisks á landi þar sem afurðin væri kröftugur, umhverfisvænn og ódýr áburður sem nýtist til ræktunar í landbúnaði, skógrækt og við landgræðslu.



Góður rómur var gerður að erindi Rúnars Þórs Þórarinssonar á málþinginu.

Fiskimykja rík af fosfór

Rúnar sagði að magn úrgangs frá landeldi væri gríðarlegt og gert væri ráð fyrir að frá fyrirtækinu Landeldi einu og sér muni magnið verða yfir 40 þúsund tonn árið 2030 – en þúsundir tonna munu falla til árlega næstu áratugi.

Hann sagði að með því að blanda saman mykju frá fiskeldi og skepnuhaldi yrði áburðurinn breiðvirkur. Helstu næringarefnin, kalí, köfnunarefni og fosfór, sem plöntur þyrftu jafnan til vaxtar og viðgangs, væru að finna í blandaðri mykjunni. Fiskimykja, dauður fiskur og slóg væru afar rík af köfnunarefni og fosfór. Skepnumykjan sæi svo áburðinum fyrir kalí og með vinnslulausnum, sem Landeldi hefur þegar hannað, mun saltið í lausninni þynnast niður í tvö til þrjú prósent – sem sé skaðlaust gróðri.

Mun geta fullnægt áburðarþörf alls Íslands

Rúnar telur að þetta verkefni geti uppfyllt áburðarþörf Íslands alls, flutt hafi verið inn um 56 þúsund tonn tilbúins áburðar á síðasta ári – en innan tíu til tólf ára gæti landsframleiðsla landeldis og landbúnaðar samanlagt numið 100 þúsundum tonna af áburði árlega.

Gangi samningar, fjármögnun og samvinna eftir gæti vinnsla hafist árið 2025 og líklegt sé að framleiðsla fari strax á fyrsta ári í 15 þúsund tonn.

Áframhaldandi verðhækkanir á tilbúnum áburði

Verkefnið er að sögn Rúnars brýnt og komið á tíma, þar sem fosfórnámur heimsins séu tæmanlegar auðlindir. Heimsframleiðsla muni ná hámarki upp úr árinu 2033 og með viðvarandi flutningsvanda sé viðbúið að verð haldi áfram að hækka með tilheyrandi neikvæðum þjóðfélagslegum áhrifum. Innflutningur tilbúins áburðar væri nú þegar að sliga landbúnaðinn og í raun ógna sjálfstæði landsins. Kína nemur 24 prósent af fosfór heimsins úr jörðu og 14 prósent í Rússlandi.

Hann segir að Kína haldi öllu fyrir sig og Rússar hafi ekki aðgang að alþjóðlegum mörkuðum.

Áburðarverð á tilbúnum áburði sé komið í hæstu hæðir á heimsmörkuðum og því nauðsynlegt að snúa sér að nýtingu á næringarefnum úr lífrænum úrgangi, eins og fiskimykjunni.

Hún væri rík af köfnunarefni en einnig fosfór, sem væri sérstaklega verðmætt þegar haft væri í huga hversu erfitt ástand er á heimsmörkuðum með áburðarefni. Rússland væri einn helsti framleiðandi þessa mikilvæga næringarefnis og þaðan væri nú enginn útflutningur vegna áhrifa frá stríðsátökunum í Úkraínu.

Grunnur að nýtingu næringarefna


Rúnar vitnaði til samstarfsverkefnis sem Matís heldur utan um og snýst um að greina magn lífrænna áburðarefna á Íslandi og tækifæri til aukinnar nýtingar. Í því verkefni hafi Landeldi fundið grunn að áætlun um hvort og hvernig hægt væri að nýta þessi næringarefni, með samstarfi landeldisfyrirtækja.

Í kjölfarið fékkst stuðningur úr opinberum styrkjakerfum til að hrinda áætluninni í framkvæmd og loks voru Landeldissamtök Íslands stofnuð síðasta sumar – sem eru samtök fiskeldisfyrirtækja í landeldi.

Stórt samstarfsverkefni er nú í gangi, að sögn Rúnars, um visthæfingu landeldis á Íslandi. Sótt hafi verið um 800 milljóna króna styrkfjárhæð til Evrópusambandsins til verkefnisins. Markmið þess er að reisa frumgerð áburðarframleiðslu með fiskimykju úr blönduðu eldi, sem yrði staðsett við Þorlákshöfn í Landnámshólfi.

/smh





Frá Akureyri. Mynd / ghp

Opinberum störfum á landsbyggðinni fjölgar

Fimm opinber sérfræðistörf, þar af eitt stjórnunarstarf, á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) verða flutt til Akureyrar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá innviðaráðuneytinu.

Framvegis verða því 21 stöðugildi á starfsstöð HMS á Akureyri en breytingarnar eru hluti af endurskipulagningu eftir að verkefni tengd fasteignaskrá voru færð til HMS í fyrra.

Haft er eftir Sigurði Inga Jóhannssyni innviðaráðherra að hann hafi beitt sér fyrir því að fólk eigi kost á að vinna fjölbreytt opinber störf um allt land með því að efla opinberar stofnanir á landsbyggðinni, flytja sérhæfð störf eða efla tækifæri til að vinna störf án staðsetningar.

Hermann Jónasson, forstjóri HMS, segir í tilkynningunni að nýtt starfsteymi á Akuryeri muni fara með ábyrgð og framkvæmd skráningar fasteigna á öllu landinu, sjá um brunabótamat og endurskoða framkvæmd þess. „Samhliða ætlum við að hefja átaksverkefni við afmörkun eigna í landeignaskrá og birta í stafrænni kortasjá HMS. Við stefnum fljótlega að því að opna vefsjá landeigna þar sem afmörkun og þinglýst eignarhald lands verður gert aðgengilegt öllum án gjaldtöku," er haft eftir Hermanni.

HMS er með starfsstöðvar á Akureyri, í Borgarnesi, á Sauðárkróki og í Reykjavík en stofnunin er í nánu samstarfi við sveitarfélög um allt land. */ghp*



Tæp 2% aukning greiðslumarks

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur samþykkt að greiðslumark mjólkur á árinu 2023 verði 149 milljónir lítra.

Það nemur 1,7% aukningu frá yfirstandandi ári, eða 2,5 milljónum lítra. Þetta kemur fram í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

„Hækkun greiðslumarksins er tilkomin vegna aukinnar sölu mjólkurafurða. Bændum verður heimilt að setja fyrrgreint magn á innanlandsmarkað á næsta ári og fá opinbert lágmarksverð fyrir sem nú nemur tæpum 117 krónum á lítra.

Til að kúabændur hafi svigrúm til að aðlagast, er ákvörðunin tekin og tilkynnt fyrr á framleiðsluárinu en alla jafna. Söluaukning mjólkurafurða er meiri en síðustu ár, t.a.m. var greiðslumarkið 144 milljónir lítra árið 2017, 145 milljónir árin 2018-2021 og er 146,5 milljónir lítra fyrir 2021," segir í tilkynningunni.

Reglugerð vegna greiðslumarksins mun taka gildi 1. janúar 2023. */ghp*

Ekkert apótek í Uppsveitum

Lyfja skellti í lás í útibúi sínu í Laugarási í Bláskógabyggð 1. nóvember sl. Því er ekkert starfandi apótek í Uppsveitum Árnessýslu.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands er einnig með útibú í Laugarási og hefur því ekki lengur apótek til að vísa sínum skjólstæðingum á. Þá er mikil óánægja hjá heimafólki í Bláskógabyggð með lokunina.

„Þetta hefur vitanlega þau áhrif að fólk getur ekki nýtt sömu ferð til að leita læknisaðstoðar og fá þau lyf sem læknir ávísar. Það eru miklar vegalengdir sem um ræðir og þetta kallar þá á aukaferð á Selfoss eða annan stað þar sem apótek er staðsett.



Ásta Stefánsdóttir. Mynd / mhh

Íbúar eru mjög óhressir með þessar breytingar og óttast að með þessu grafi undan heilbrigðisþjónustu í heimabyggð," segir Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

Lyfja hafði verið starfandi í Laugarási síðan árið 1997 en einn starfsmaður vann í útibúinu.

„Ein af ástæðum lokunaronnar er minnkun í veltu síðastliðin ár á sama tíma sem rekstrarkostnaður hefur verið að aukast. Lyfja býr þó vel að því að geta áfram þjónustað íbúa Bláskógabyggðar í Lyfju Selfossi þar sem opnunartími er lengri og viðskiptavinir hafa þar fullt aðgengi að vöru- og þjónustuframboði," segir Þórbergur Egilsson, sviðsstjóri verslunarsviðs Lyfju. */mhh*



FRÉTTIR

Samanburðarrannsókn á þekju háplantna á beittum og friðuðum svæðum:

Ekki marktækur munur á tegundafjölbreytni

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Þann 10. október varði Brynjólfur Brynjólfsson meistararitgerð sína við Landbúnaðarháskóla Íslands í náttúru- og umhverfisfræði þar sem rannsökuð voru áhrif beitar og friðunar á fjölbreytni mólendisplantna á völdum svæðum í úthaga í samhengi við umhverfisþætti. Ekki reyndist marktækur munur á tegundafjölbreytni á milli svæðanna.

Önnur helsta niðurstaða rannsóknarinnar er sú að tegundafjölbreytni fór minnkandi með auknu kolefnis- og köfnunarefnishlutfalli í jarðvegi. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að kolefnis- og köfnunarefnishlutfall var ögn lægra á beittu svæði. Ekki greindist þó marktækur munur á heildarþekju plantna; tegundaauðgi, tegundajafnræði og tegundafjölbreytni mólendisplantna á milli friðaðs og beitts svæðis.

Hins vegar bar tegundasamsetningin vott um áhrif sauðfjárbeitar. Af þeim sjö tegundum sem voru með marktækt meiri útbreiðslu á öðru hvoru svæðinu voru fjórar útbreiddari á beitta svæðinu, allt blómjurtir.

Frumrannsókn úr Eyjafirði

Brynjólfur segir að rannsóknin hafi verið frumrannsókn hans á heimaslóðunum, sem eru Reykhús í Eyjafjarðarsveit. „Rannsóknina þyrfti að endurtaka innan ekki of margra áratuga til að fá áreiðanlegri samanburð á áhrifum beitar og friðunar, eins væri ekki verra að auka beitarþungann.“

Borin voru saman svæði sem lágu milli 220 og 320 metra hæðarlína. Óbeitta svæðið hefur verið friðað fyrir sauðfjárbeit í 43 ár, beitta svæðið hefur verið léttbeitt síðustu tvo til þrjá áratugi.

Smárunnar sækja í sig veðrið

„Einn plöntuhópur, smárunnar, var marktækt útbreiddari á friðuðu svæði. Í ritgerðinni dreg ég þá ályktun að sauðfjárbeitin haldi útbreiðslu þessa plöntuhóps í skefjum. Það kann að vera glannalegt að draga slíka ályktun af frumrannsókn þar sem samanburð frá því fyrir friðun vantar. Engu að síður geri ég það enda þykja flestar tegundir í þessum plöntuhópi alleftirsóttar til beitar, ekki síst þegar líður fram að hausti,“ segir Brynjólfur.

Hann segir að plöntuhópurinn „tré og runnar“ hafi einnig verið útbreiddari á friðuðu svæði en munurinn greindist þó ekki marktækur. „Enda er sá plöntuhópur farinn að breiðast út á beitta svæðinu í seinni tíð þrátt fyrir sauðfjárbeit,“ útskýrir Brynjólfur. „Það er líklegt að munurinn á þessum svæðum hafi verið meiri fyrir um einum til tveimur áratugum, ekki síst með tilliti til þessa plöntuhóps ef marka má hæð runna og trjáa sem er talsvert meiri á friðaða svæðinu. Beitarþungi hefur hins vegar verið lítill í um þrjá áratugi á beitta svæðinu og skýrir það líklega af hverju ekki greindist meiri munur á svæðunum.“

Fáar tegundir vantaði alveg

Þegar Brynjólfur er spurður um þær plöntutegundir sem voru með meiri útbreiðslu á öðru hvoru svæðinu segir hann að blómjurtirnar fjalldalafífill, klukkublóm, maríustakkur og brjóstagras hafi verið marktækt útbreiddari á beitta svæðinu. Þær þrjár sem voru marktækt útbreiddari á friðaða svæðinu voru hins vegar krækilyng (smárunni), axhæra (hálfgras) og klóelfting (byrkningur).

„Bróðurpartur tegunda sem þykja eftirsóttar af sauðfé var útbreiddari á friðaða svæðinu en meirihluti tegunda sem þykja lítt eftirsóttar af sauðfé voru útbreiddari á beitta svæðinu. Það gefur til kynna áhrif af sauðfjárbeit. Flestar tegundir fundust þó á báðum svæðum og fáar vantaði alveg á öðru hvoru svæði,“ segir Brynjólfur.

Smjörgras, blágresi og hrútaber

Að sögn Brynjólfs fundust allra eftirsóttustu beitarplönturnar, eins og smjörgras, blágresi og hrútaber, ekki á beittu svæði en þær fundust á fáeinum stöðum á friðuðu svæði. Ekki greindist tölfræðileg marktækni þar sökum þess hve fátíðar þær voru.


„Hið sama gilti um tegundir sem fundust eingöngu á beittu svæði en ekki friðuðu, þetta voru sjaldgæfari tegundir eins og jakobsfífill, hagavorblóm – og lygilegt en satt, ein sjálfsáin stafafura í 300 metra hæð yfir sjávarmáli. Þessi fundur fannst mér það athyglisverður að ég ákvað að gera litla rannsókn á útbreiðslu sjálfsáinnar stafafuru í Hörgárdal og Öxnadal í sumar, með styrk frá Nýsköpunarsjóði en það er önnur saga. Mér sýndist þó að sauðfjárbeit þar næði að halda niðri útbreiðslunni þar sem hún var til staðar, enda er það engin tilviljun að menn girða skógræktarsvæði af með tilliti til þessa,“ segir Brynjólfur.



Brynjólfur Brynjólfsson. Ekki reyndist marktækur munur á tegundafjölbreytni á milli svæðanna í rannsókn hans.
Mynd / Aðsend



Krækilyng, sem var marktækt útbreiddara á friðaða svæðinu ásamt axhæru (hálfgras) og klóelftingu (byrkningur).



Þekja plöntuhópa á samanburðarsvæðunum.





Fjalldalafífill og klukkublóm, sem ásamt maríustakki og brjóstagrasi fannst í marktækt meira magni á beittu svæði. Mynd / Brynjólfur

Friðun getur leitt til tegundafækkunar háplantna

Þegar Brynjólfur er spurður að því hvernig niðurstöðurnar muni nýtast, til dæmis varðandi skipulag landnýtingar og beitarstjórnun, segir hann að það muni tíminn leiða í ljós. „Eftir því sem ég best veit er verið að gera sams konar rannsóknir hér og hvar um landið um þessar mundir, nokkrir doktorsnemar eru í því, held ég. Það verður forvitnilegt að sjá niðurstöðurnar þar. Fyrri rannsóknir hafa einkum beinst að áhrifum friðunar gagnvart sauðfjárbeit og það hefur verið sýnt fram á að hún getur leitt til tegundafækkunar háplantna, einkum þar sem trjágróður vex upp.

Rétt er að taka fram að ég hef í sjálfu sér ekkert mikið á móti trjágróðri. Í minni rannsókn voru jarðvegssýni einnig skoðuð og fannst ágætt samband milli hlutfalls kolefnis og köfnunarefnis í jarðvegi og tegundafjölbreytni plantna. Tegundafjölbreytnin minnkaði eftir því sem hlutfall kolefnis og köfnunarefnis jókst. Jafnframt var þetta hlutfall örlítið lægra á beitta svæðinu en því friðaða.

Það væri forvitnilegt að fá fleiri rannsóknir á þessum þætti; hvort sauðfjárbeit geti að einhverju leyti stillt af jarðvegseiginleika með tegundavali sínu og haft þannig áhrif á tegundafjölbreytni plantna. Hvur veit? Einnig þarf að rannsaka hvernig og hvort sauðfjárbeit geti nýst í hálfvöxnum skógi til að viðhalda tegundafjölbreytni háplantna. Slíkt tekur tíma og það er því langbest að byrja strax.“

/smh



NÝTT Í VERKFÆRA SÖLUNNI

vfs.is

HH workwear

20%

Kynningarafsláttur af öllum HH Workwear vinnufatnaði til 7. nóv.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

NYTJAR HAFSINS

Aflamark:

Gríðarleg fækkun skipa

– Þróun fiskveiðiflotans í kvótakerfinu síðustu tvo áratugi



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Fiskiskipum og bátum með aflahlutdeild, sem gefur rétt til úthlutunar á kvóta, hefur fækkað gríðarlega síðustu tvo áratugi. Ástæðan er aðallega hagræðing og sameining aflaheimilda. Einnig hafa stærri og öflugri skip og bátar leyst önnur afkastaminni skip af hólmi. Mikill fjöldi kvótalausra báta er hins vegar gerður út á leigukvóta að einhverju marki.

Í upphafi kvótaársins 2001/2002 fengu 1.461 skip og bátar úthlutað aflamarki (kvóta) á grundvelli aflahlutdeildar. Í upphafi fiskveiðiársins 2022/2023 fengu hins vegar 396 bátar úthlutað aflamarki. Hér er um verulega fækkun skipa að ræða, eða um 73%. Þessar tölur er að finna í gögnum á vef Fiskistofu.

Rétt er að geta þess að heildarúthlutun aflamarks í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002 er ekki langt frá því sem var úthlutað í haust í þorskígildum talið þótt einhver munur sé á tonnatali í einstökum tegundum.

Úthlutun kvóta skiptist á nokkra útgerðarflokka, þ.e. skuttogara, skip með aflamark, smábáta með aflamark og krókaaflamarksbáta. Hér á eftir verður meðal annars rakin þróun fjölda skipa í hverjum útgerðarflokki.



Bátar í Grundarfjarðarhöfn árið 2012. Mynd / Guðjón Einarsson.

Fjöldi kvótalausra báta með veiðileyfi

Áður en lengra er haldið er rétt að ítreka að samantektin um þróun á fjölda skipa og báta í kvótakerfinu byggist á skipum sem fá kvóta úthlutað á grundvelli aflahlutdeilda.

Þótt aðeins rétt innan við 400 skip og bátar hafi fengið úthlutað kvóta í byrjun yfirstandandi fiskveiðiárs eru engu að síður í flotanum um 1.200 skip og bátar með veiðileyfi. Ekkert er því til fyrirstöðu að fá veiðileyfi þótt skip hafi ekki aflahlutdeild. Kvótalaus skip geta leigt til sín kvóta eða veitt samkvæmt sérleyfum og sérúthlutunum ýmiss konar.

Það eru reyndar mun fleiri skip og bátar sem leigja til sín kvóta í einhverjum mæli en þau sem fá úthlutað kvóta, samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu.

Ef krókaaflamarkið er tekið sem dæmi þá hafa allir krókabátar svonefnt krókaaflamarksveiðileyfi en gera má ráð fyrir því að aðeins um þriðjungur þeirra ráði yfir hlutdeildum sem skapar þeim rétt til að fá úthlutað kvóta.

Skuttogarar – breytt hlutverk

Skuttogurum sem fá úthlutað kvóta hefur fækkað úr 92 togurum á tímabilinu niður í um það bil 40 skip. Ýmislegt skýrir þessa fækkun fyrir utan almenna sameiningu aflaheimilda. Í upphafi tímabilsins voru til dæmis gerðir út nokkrir togarar sem höfðu takmarkaðar aflaheimildir og þeir heltust smám saman úr lestinni. Í lok síðustu aldar voru allmargir frystitogarar gerðir út en þróunin hefur orðið sú að sjófrysting hefur dregist saman á kostnað vinnslu í landi. Þá má nefna að allmargir skuttogarar voru gerðir út á rækju hér áður fyrr en rækjuveiðar nú eru aðeins svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Um tíma var þónokkur endurnýjun í togbátum sem að hluta til tóku við hlutverki skuttogara.

Skip með aflamark – einyrkjum fækkar

Skip með aflamark er fjölbreyttur flokkur. Hér er um að ræða togbáta, línubáta, netabáta, dragnótabáta og síðast en ekki síst uppsjávarskip. Í upphafi tímabilsins taldi þessi útgerðarflokkur 311 skip og báta sem fengu úthlutun, en þeir eru nú í kringum 95.

Skip í þessum útgerðarflokki voru mikið gerð út af einyrkjum eða fjölskylduútgerðum. Við kynslóðaskipti hefur útgerðin gjarnan verið seld. Kaupendur eru oftast stórútgerðir sem geta bætt auknum aflaheimildum á skip sem þær eiga fyrir.

Árið 2002 lönduðu svo dæmi sé tekið rúmleg 40 uppsjávarskip loðnuafla en í ár lönduðu 22 skip loðnu. Stærri útgerðir sem reka vinnslu á uppsjávarfiski í landi hafa keypt til sín kvóta á sama tíma og ný og afkastameiri uppsjávarskip hafa komið til landsins. Að vísu hefur loðnukvóti dregist saman en makríll hefur komið þar á móti að vissu marki.

Smábátar með aflamark – kvótinn keyptur upp

Smábátaútgerðin var lengi vel utan kvótakerfisins. Snemma á tíunda áratug síðustu aldar runnu smábátar af ákveðinni stærð, þ.e. bátar sem stunduðu netaveiðar, inn í aflamarkskerfið. Fengu þessir bátar nafnið smábátar með aflamark.

Í upphafi voru smábátar með aflamark 1.040 að tölu. Þeir voru komnir niður í 467 fiskveiðiárið 2001/2002 en eru nú í kringum 44 sem fá úthlutun. Þessi útgerðarflokkur hefur því nánast þurrkast út.

Stærri útgerðum var og er heimilt að kaupa varanlegan kvóta (aflahlutdeild) af smábátum með aflamark. Smábátaeigendur hafa séð sér hag í því að selja kvótann, enda hafa margir þeirra haft lítinn kvóta sem stóð vart undir útgerð til lengri tíma.

Krókaaflamarkið – færri og stærri bátar

Árið 2001 var krókaaflamarkið tekið upp. Þá fengu smábátar, sem áður voru í svonefndu þorskaflahámarki, aflahlutdeild sem bundin var við ákveðnar fisktegundir og aðeins mátti veiða með krókum, einkum var veitt með línu en einnig handfærum. Viðskipti með kvóta eru frjáls í krókaflamarkinu, bæði sala varanlegs kvóta (aflahlutdeildar) og leiga innan ársins. Hins vegar má ekki selja kvóta til báta í aflamarkskerfinu. Þannig átti að slá skjaldborg um krókabáta og smábátaútgerðina.

Við úthlutun aflaheimilda í upphafi fiskveiðársins 2001/2002 fékk 591 bátur úthlutað krókaaflamarki á grundvelli hlutdeildar. Í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs voru krókaaflamarksbátarnir 217 sem fengu úthlutun.

Nokkur samþjöppun varð í krókaaflamarkinu þegar í upphafi því smábátaútgerðir sem ráku einnig fiskvinnslu í landi nýttu sér þá möguleika sem kerfið bauð upp á. Sameining aflaheimilda jókst enn frekar þegar leyft var að stækka smábáta. Í upphafi var hámarksstærð krókabáta 6 brúttótonn, ári eftir að krókaaflamarkið kom voru mörkin færð upp í 15 brúttótonn og loks í 30 brúttótonn árið 2013. Stærri bátar kalla á meiri aflaheimildir til að þeir hafi verkefni allt árið.

Því var slegið upp í fréttum sem heimsmeti þegar einn smábátur náði að veiða um 1.000 tonn árið 2004. Nú á tímum veiða stærstu smábátarnir mun meira. Árið 2021 fengu fjórir bátar meira en 2.000 tonna afla hver, samkvæmt samantekt á vefnum aflafrettir.is. Aflahæsti báturinn var með tæp 2.500 tonn.

Stærstu smábátarnir sem veiða mest eru nú fæstir gerðir út af einstaklingum heldur af félögum með landvinnslu sem hafa sprottið upp í krókaaflamarkinu en einnig hefur stórútgerðin haslað sér þar völl í síauknum mæli síðustu árin með kaupum á bátum með kvóta og útgerð þeirra. Trillukarlinn er ekki lengur allt í öllu í útgerð smábáta í krókaaflamarkinu en það er önnur saga.

Sóknardagabátar – horfið stjórnkerfi

Þriðja stjórnkerfið fyrir smábáta í byrjun þessarar aldar var svonefnt sóknardagakerfi. Bátar í því kerfi máttu veiða á handfæri í ákveðinn fjölda daga á sumri. Tekin voru frá tiltekin tonn sem voru eyrnarmerkt dagabátum en í raun var ekkert þak á dagsafla þeirra né heildarafla.

Gefin voru út 219 veiðileyfi fyrir dagabáta haustið 2001 en bátarnir voru í kringum 300 næstu tvö árin. Dagabátarnir veiddu ávallt mun meira en gert var ráð fyrir og stjórnvöld ákváðu því að setja þá inn í krókaaflamarkið árið 2004. Við það fjölgaði krókaaflamarksbátum tímabundið. Kvótinn sem sóknardagabátarnir fengu var yfirleitt svo lítill að langflestir seldu sinn hlut. Þróunin hélt því áfram og eftir þrjú ár voru krókaaflamarksbátar færri en þeir voru fyrir breytingarnar.

Strandveiðar – nýtt kerfi fyrir handfæri

Á árinu 2009 var tekið upp nýtt kerfi fyrir handfærabáta, svonefndar strandveiðar sem fram fara yfir sumartímann. Hér gefst ekki tóm til að lýsa strandveiðum nákvæmlega. Strax á fyrsta ári fóru 554 bátar á strandveiðar. Flestir voru strandveiðibátar 761 árið 2012 en í ár héldu 712 bátar til strandveiða.

Fæstir strandveiðibátanna eru eingöngu á strandveiðum, aðeins 136 bátar í ár. Bátar með veiðileyfi í krókaaflamarki eða aflamarki – hvort sem það eru bátar sem fá úthlutað kvóta eða leigja eingöngu kvóta til sín – hafa heimild til að skrá sig út úr sínu kerfi yfir sumarið og sinna eingöngu strandveiðum.

Fjölmargir bátar sem hafa krókaaflamarksveiðileyfi og þónokkrir smábátar með aflamarksveiðileyfi hafa nýtt sér þennan möguleika og veiða í kvótakerfinu haust og vetur en í strandveiðikerfinu yfir sumarið.

Fjöldi skipa og báta sem fá úthlutun í upphafi fiskveiðiárs

	2001/2002	2005/2006	2009/2010	2013/2014	2017/2018	2022/2023*
Útgerðarflokkur	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Skuttogarar	92	66	59	55	39	40
Skip með aflamark	311	210	134	131	112	95
Smábátar með aflamark	467	209	104	87	61	44
Krókaaflamarksbátar	591	626	381	354	277	217
Samtals	1.461	1.111	678	627	489	396

Heimild: Fiskistofa *Útreikningur byggður á gögnum Fiskistofu

HAUSTTILBOÐ

Rýmingarsala · Allt á að seljast!

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast.

Takmarkað magn · Ekki missa af þessu · Fyrstur kemur fyrstur fær



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán - hagstæðar afborganir

www.volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²




GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

Skráðu þig á Matvæla þing



Silfurbergi, Hörpu 22. nóvember

Skannaðu kóðann og skráðu þig

matvaelathing.is

Markmið Matvælaþings er að sameina undir einu þaki þær mörgu og ólíku starfsgreinar sem koma að framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á Íslandi.

Matvælaráðherra mun kynna drög að nýrri matvælastefnu og er þinginu ætlað að vera vettvangur samræðu og rýni hagaðila um stefnuna.

Taktu þátt og hafðu áhrif á mótun matvælastefnu.


Þingið verður sett kl. 9:00 og lýkur kl. 16:00.
Allt áhugafólk um matvæli er hjartanlega velkomið!

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

Framboð og eftirspurn á íslensku grænmeti




Í gildandi samningi um starfsskilyrði í garðyrkju frá 2019 eru tekin fram markmið um að á samningstímanum aukist framleiðsla grænmetis á Íslandi um 25% og mun það knýja aukna markaðshlutdeild grænmetis. Er sú aukning miðuð við meðalframleiðslu áranna 2017-2019. Ef rýnt er í tölurnar sést að markmið um framleiðsluaukningu náðust hvorki árið 2020 né 2021. Í grafinu sem sýnir breytingu í markaðshlutdeild frá meðaltali ´17-´19 sést hvaða grænmetistegundir hafa aukið við markaðshlutdeild sína frá viðmiðunartímabilinu. Þrátt fyrir minnkandi framleiðslu jók innlend framleiðsla markaðshlutdeild sína í flestum tegundum. Meðalaukning á markaðshlutdeild tegunda var 6,9% á árunum 2020 og 2021.





Ef skoðuð er framleiðsluaukning sérhverrar grænmetistegundar þá sést að í raun hefur framleiðsla aukist á sumum þeirra umfram 25%. Sú aukning er aðallega á meðal minnstu tegundanna sem hafa takmörkuð áhrif á heildarframboð íslensks grænmetis til neytenda. T.d. var uppskera rauðkáls árið 2021 350% af því sem hún var á viðmiðunartímanum en þó var hún ekki nema rétt 172 tonn og hefur því lítil áhrif á heildarframboðið. Samdráttur var í uppskeru mest ræktaða grænmetisins á árunum 2020 og 2021 frá viðmiðunartímabilinu.

Markaðshlutdeild innlendrar grænmetisframleiðslu af þeim afurðum sem framleiddar eru á Íslandi (íslensk framleiðsla og beinar samkeppnisvörur erlendis frá) var 65% árið 2021 og er það sú sama og meðaltal undanfarinna 20 ára. Markaðshlutdeildin hefur þó minnkað á þeim tíma en á fyrri hluta tímabilsins, 2002-2012, var meðal markaðshlutdeildin 68,4%. Ef litið er til heildarframboðs grænmetis og grænmetisafurða (kafli sjö í tollskránni) var innlend markaðshlutdeild rúm 43% og lækkar hún um 0,7% á ári að meðaltali.





Áhugavert er að sjá að beinar samkeppnisvörur við íslenska framleiðslu eru að minnka sem hlutfall af öllum innflutningi grænmetis. Með öðrum orðum, eftirspurn eftir vörum sem ekki fást hjá íslenskum bændum er að aukast. Ef vörur sem íslenskir garðyrjubændur eru ekki að rækta halda áfram að auka við sig markaðshlutdeild beinast sjónir að öðru markmiði í samningnum, um að treysta tekju og starfsgrundvöll framleiðenda garðyrkjuafurða.

Ef íslenskir grænmetisframleiðendur framleiða aðrar vörur en spurn er eftir mun staða þeirra versna. Mögulegt væri að spyrna gegn þessari þróun með hliðrun í íslensku vöruframboði til að mæta breyttri eftirspurn eða öðrum markaðsaðgerðum til að ýta undir löngun Íslendinga í það sem íslenskir grænmetisframleiðendur bjóða upp á. Mikilvægt er að nánara samtal eigi sér stað um hver næstu skref eru í grænmetisframleiðslu á Íslandi.

12 mánaða verðbreyting

9,4% Vísitala neysluverðs

9,6% Matur&drykkjarvörur

8,1% Brauð og kornvara

17,7% Kjöt

11,2% Fiskur

14,2% Mjólk

14,5% Egg

2,7% Ávextir

4,9% Grænmeti

4,2% Kartöflur

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS
ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL KAUPS EÐA LEIGU Á AUSTURLANDI

221029 - Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir f.h. ríkissjóðs óska eftir að KAUPA eða taka á LEIGU íbúðarhúsnæði fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands. Miðað er við að leiga geti verið til 10 ára.

Óskað er eftir allt að fjórum eignum, þ.e. tveimur íbúðum á Egilsstöðum og tveimur íbúðum í Neskaupstað. Leitað er eftir 2ja til 4ra herbergja íbúðarhúsnæði, einkum nýlegu eða viðhaldslitlu húsnæði í góðu ástandi. Til greina koma bæði íbúðir og/eða minni sérbýli. Kostur er ef íbúðarhúsnæðið er í þéttbýliskjarna með góðu aðgengi.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs íbúðarhúsnæðisins, kaupverðs, ástands, stærð þess og skipulag, afhendingatíma, staðsetningu, aðkomu og bílastæðum. Aðeins er um markaðskönnun að ræða og áskilinn réttur til að hafna öllum tilboðum.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið Heilbrigðisstofnun Austurlands
skulu sendar á netfangið leiguhusnaedi@fsre.is.

Fyrirspurnarfrestur rennur út 11. nóvember 2022 **en svarfrestur FSRE er til og með** 16. nóvember 2022.

Leigutilboð eða sölutilboð skal senda á leiguhusnaedi@fsre.is,
eigi síðar en kl. 13:00 mánudaginn 24. nóvember 2022.

Merkja skal tilboðin; nr. 221029 – Heilbrigðisstofnun Austurlands - Íbúðarhúsnæði.

Framkvæmdasýslan Ríkiseignir
AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

FRÉTTASKÝRING

Fæðuöryggi:

Trygg ríkisfjármögnun

Stöðuleysi kornræktar innan landbúnaðar- og framleiðslukerfisins samhliða hvetjandi þverpólitískri samstöðu um eflingu greinarinnar er ein undarlegasta mótsögn á Íslandi í dag. Þessa dagana er unnið að því að teikna upp stefnu og aðgerðir svo búgreinin geti fest rætur og orðið, til lengri tíma, að undirstöðuframleiðslugrein sem treystir fæðuöryggi þjóðarinnar.



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Í sumar fól matvælaráðherra Landbúnaðarháskóla Íslands að vinna drög að aðgerðaráætlun til eflingar kornræktar hér á landi. Innan skólans vinnur hópur að forgöngu Helga Eyleifs Þorvaldssonar aðjunkts við að skilgreina nauðsynlega uppbyggingu kynbóta á korni, bútækni við ræktun þess og aðlögun opinbers framleiðslustuðnings. Hópurinn, sem samanstendur af sérfræðingum á sviði landbúnaðar, kornræktar, hagfræði og verkfræði, er einnig að kanna fýsileika innlends kornsamlags og að skilgreina þarfir á þeim birgðum af kornvörum sem þurfa að vera til staðar hér á landi.

Sagan og staðan nú

Í skýrslunni Fæðuöryggi á Íslandi, sem Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) vann fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og kom út í fyrra, kemur fram að kornrækt hérlendis eigi sér rætur aftur til landnámsmanna, sem komu frá löndum þar sem slík ræktun var mikilvægur hluti búskaparins.

„Þeir hófu því eðlilega kornrækt þegar hingað kom en ekki í stórum stíl. Með kólnandi veðurfari og lækkandi heimsmarkaðsverði á korni lagðist kornrækt að mestu af hér á landi. Hún komst svo aftur á skrið hér snemma á tuttugustu öldinni en svo kom bakslag þegar kólnaði upp úr 1960. Aftur varð kornræktarvakning seint á áttunda áratug síðustu aldar. Ýmislegt kom þar til, t.d. öflugir leiðtogar og hugsjónamenn, breytingar í búskaparháttum og hlýnandi veðurfar“, segir í skýrslunni.

Í dag er staða kornræktar einhvern veginn svona:

Árið 2021 var kornrækt stunduð á rúmum 3.000 hekturum víða um land af 880 ræktendum. Langmest er ræktað af byggi en einnig hafrar, vetrarhveiti og rúgur í ökrunum. Ráðgera má að um 2,5 tonn af korni fáist á hvern hektara að meðaltali.

Innlend framleiðsla á korni til manneldis er um 1% af heildarneyslu en sú kornrækt sem stunduð er hér á landi er að stærstum hluta til fóðurframleiðslu. Gerðar eru meiri gæðakröfur til korns til manneldis, en það korn sem býr yfir minni gæðum er notað í fóður.

Helgi Eyleifur nefnir að búgreinin, eins og hún blasi við í dag, byggi að öllu leyti á framtakssemi nokkurra eldhuga. „Margir fóru af stað með kornrækt á uppgangsárunum, sumir með litla reynslu og árangurinn var eftir því. Því heltist stór hópur úr lestinni með tímanum. En þeir sem eftir eru hafa náð gríðarlega góðum tökum á ræktuninni og hafa sýnt okkur, svo um munar, að þetta er hægt. Hins vegar aftrar margt uppgangi kornræktar. En hér vantar alla innviði, kornbændur eru með lægri jarðræktarstuðning en gengur og gerist erlendis, skjólbeltaræktun er skammt á veg komin, hér er ekkert tryggingarkerfi, ekkert samlag og plöntukynbætur í skötulíki.“

Því blasir við einhvers konar stöðuleysi búgreinarinnar. „Í dag samanstendur hún af nokkrum bændum sem hafa rosalega elju og eru allir flestir að framleiða fyrir sjálfan sig. Það er nær enginn markaður fyrir íslenskt korn, hann birtist í mýflugumynd ef bændur fá frábæra uppskeru. Þá selja þeir umframkornið til fóðurfyrirtækjanna, sem hafa þó engar kvaðir til að kaupa kornið,“ segir Helgi.



Frá kornökrum í Gunnarsholti síðsumars. Sænska ríkið hefur stigið mikilvægt skref í framþróun plöntukynbóta með því að fjárfesta í byltingarkenndri og framsækinni hátæknimiðstöð. Í sumar mættu fulltrúar verkefnisins frá Svíþjóð og skoðuðu tilraunirnar í Gunnarsholti þar sem þátttaka Íslands í verkefninu var rædd í matvælaráðuneytinu. Ávinningur þess yrði ótvíræður. Myndir / ghp

Þessa dagana eru Helgi ásamt samstarfsmönnum sínum í LbhÍ, Hrannari Smára Hilmarssyni, tilraunastjóra í jarðrækt, og Agli Gautasyni aðjunkt að kynna sér sögu, rekstur og aðferðafræði kornsamlaga og plöntukynbótastöðva í nágrannalöndunum, með það fyrir augum að koma með tillögu að æskilegri framtíðarsýn fyrir íslenska kornrækt.

Pólitísk ákvörðun

Undirbúningur að uppbyggingu kornsamlags á Íslandi er einn þáttur sviðsmyndar sem vinnuhópurinn er að skoða. Hafa þeir m.a. kynnt sér rekstrarformið í nágrannalöndunum og fengið til samstarfs við sig Þorleik Jóhannesson, verkfræðing hjá Verkís, og Daða Má Kristófersson, prófessor í hagfræði, til að meta hagkvæmni slíkrar uppbyggingar og hentugar staðsetningar m.t.t. nálægðar við ræktunarsvæði, jarðhita, flutningskerfi og neytendamarkað. Þá er fyrirkomulag slíks rekstrar kannaður.

„Rekstrarform kornsamlaga getur verið misjafnt. Í Noregi og Svíþjóð er rekið kornsamlag í samvinnufélagsformi, finnska samlagið er alfarið rekið af bændum en í Þýskalandi er það í einkaeigu,“ segir Helgi.

Kornsamlag samanstendur af þurrkstöð og geymslutönkum fyrir korn, sem svo er selt á markaði, líkt og þekkist með aðrar afurðastöðvar, eins og Sláturfélag Suðurlands og Auðhumlu. Kornsamlögin gefa út verðskrá miðað við gerð og gæði kornsins, kaupa inn það korn sem er ræktað og selja svo áfram til framleiðenda. Þar með myndast hvati til ræktunar og vettvangur fyrir markað.

Ef lagður verður grunnur að uppbyggingu á slíku kornsamlagi hér á landi þarf að skoða æskilegar nálganir, segir Helgi, enda sé slík risavaxin innviðauppbygging dýr og ljóst að hún verði ekki arðsöm fyrstu árin, miðað við reynslu annarra landa.

„Þetta er pólitísk ákvörðun þegar upp er staðið. Við getum borið þetta saman við það þegar hitaveiturnar voru lagðar hér á landi. Sú ákvörðun var fokdýr og var ekki arðsöm í fyrstu. En við höfum ekki séð eftir því og aldrei verið glaðari með þá ákvörðun en í dag,“ segir Helgi.

Af mikilvægi plöntukynbóta

En það er tómt mál um að tala, að efla kornrækt hér á landi með því að reisa kornsamlög, ef engar plöntukynbætur eiga sér stað, segir Helgi. Því er og verður alltaf fyrsta skrefið að hefja hér markvissar kynbætur á því korni sem við hyggjumst rækta.

Það er í reynd þjóðþrifamál, að sögn Hrannars Smára. Allar siðaðar þjóðir stundi plöntukynbætur og kollegar þeirra á Norðurlöndum gapi yfir þeirri staðreynd að þær séu ekki til staðar hér á landi.

„Plöntukynbætur eru munaðarlausar með öllu hér á landi. Bændur líta til Landbúnaðarháskólans í þessum málum og ætlast réttilega til að þær séu stundaðar í einhverjum mæli. Verkefninu, plöntukynbótum, hefur ekki verið útdeilt. Það er engin stofnun eða fyrirtæki sem hefur þetta lögboðna hlutverk, það er ekki á föstum fjárlögum en eftirspurnin og krafan er til staðar.“

Hrannar nefnir að plöntukynbótastöðvar í Noregi og öðrum löndum, þar sem tekjur kynbóta standa ekki undir rekstri, sé á föstum fjárlögum ríkja. Skiljanlega séu stór plöntukynbótafyrirtæki aldrei að fara að fjárfesta í kynbótum fyrir jafn einangraðar ræktunaraðstæður og Ísland, enda ekki arðbært. Til að hægt sé að stunda nauðsynlegar kynbætur þurfi að tryggja opinbera fjármögnun til langs tíma.

Framfaraskref með sænskri hátæknihvelfingu

Helgi segir að tildrög plöntukynbóta í korni á Íslandi sé, líkt og saga



forsenda kornræktar



kornræktar, byggð á hugsjón og ástríðu einstaklings. „Jónatan Hermannsson tók kynbætur á byggi föstum tökum og gerði það á kvöldin og um helgar, með smávegis rannsóknarfé sem oft dugði eingöngu til að setja olíu á þreskivél og flytja þær. Hann náði ótrúlegum árangri, við eigum honum mikið að þakka.“

Kornrækt og kynbætur var stórt hugsjónamál Þorsteins Tómassonar, fyrrum forstjóra RALA. Hann hóf samstarf við kollega á Norðurlöndum sem hefur síðan verið viðhaldið. Eitt þeirra rótgrónu tenginga er aldeilis að bera ávöxt í dag.

Samstarf LbhÍ við sænska landbúnaðarsamvinnufélagið Lantmännen byggði á samvinnu Jónatans og Lars Gradin byggkynbótafræðings fyrir Norður-Svíþjóð en úr hans smiðju hafa komið mörg yrki sem íslenskir kornræktendur kannast við, eins og Judit. Lantmännen, sem er alfarið í eigu bænda, er nú að koma á fót byltingarkenndri hátæknistöð, sem mun geta kynbætt plöntur á háhraða en þeir voru einna fyrstir til að innleiða erfðamengjaúrval í starfsemi sína.

Helgi segir sænska ríkið hafa stigið þar mikilvægt skref í framþróun plöntukynbóta, sem nauðsynlegt er að stíga í ljósi loftslagsbreytinga. Aðlaga þarf plöntur að breyttum aðstæðum og það hratt. Alls var fjárfest fyrir meira en milljarð króna til að byggja þessa hátæknihvelfingu. Helgi segist binda vonir við að fjármagn fáist hér á landi til að taka þátt í samstarfi og nýta aðstöðuna.

Hér er tilraun til að útskýra vinnsluferli hinnar nýju hátæknistöðvar á einfaldan hátt:

Foreldralínum er víxlað saman margfalt og DNA sýni eru fengin úr afkvæmum og í þeim greindir vísar sem stýra eftirsóknarverðum eiginleikum, s.s. sjúkdómaþoli. Afkvæmi paranna fara svo í háhraða ræktun í hvelfingunni, þar sem þeim er búin hámarksaðstæður til að ná þroska á stuttum tíma. Afköstin eru gríðarleg. Talið er að hægt sé að ná sex uppskerum yfir einn vetur í hvelfingunni, sem þýðir að við hverja uppskeru er náð fram enn æskilegri einstaklingum til ræktunar. Í hverri kynslóð eru plönturnar erfðagreindar og spáð fyrir um frammistöðu þúsunda jafnvel tugþúsunda einstaklinga með líkani erfðamengjaúrvals. Frammistöðuþættirnir eru eiginleikar sem eru stýrðir af þúsundum gena eins og til dæmis uppskerumagn og gæði. Að því loknu er er úrvalið sent til Nýja-Sjálands til fjölgunar og þaðan til Íslands, þar sem þær verða reyndar í jarðræktartilraunum víða um land. Tölulegar niðurstöður mælinga og uppskeru á Íslandi munu svo nýtast til að bæta enn frekar erfðamengismódelið í Svíþjóð þar sem ferillinn endurtekur sig svo.

En hvað þýðir þetta?

Á innan við áratug gætum við fengið hingað til lands kynbætt yrki fyrir séríslenskar aðstæður, sem bændur gætu nýtt til að framleiða hér innlent hveiti.

Það sætir reyndar furðu að Ísland skuli geta tekið þátt í svo byltingarkenndu og framsæknu verkefni, enda dýrt í framkvæmd. Í ljósi velvildar í samstarfi Lantmännen og LbhÍ, undanfarin ár og áratugi, hafa þeir boðið Íslandi að vera með. Engum öðrum hefur verið boðið að með í verkefninu að sögn Hrannars.

Rannsóknir í Gunnarsholti

Í sumar hefur LbhÍ verið með fjölda rannsókna á korni í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Þar mátti sjá yfir 1.000 tilraunareiti sem höfðu fjölbreyttan tilgang.

Til að mynda mátti þar líta tilraunaefnivið frá Lantmännen af 100 kynbótalínum sem voru prófaðar á sama tíma hér, í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Þá héldu starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvarinnar úti byggyrkjatilraunum á yrkjum sem þegar eru á markaði hér á landi ásamt íslenskum línum til samanburðar. Einnig var þar úðunartilraun með sveppa og illgresiseyði, til að kanna áhrif varnarefna á kornið. Þá var áhrif fljótandi áburðar frá sprotafyrirtækinu Atmonia borin saman við hefðbundinn áburð. Önnur tilraun snýst um ræktun á nöktu byggi sem aðlagað er íslenskum aðstæðum ásamt stóru safni fjölbreytts byggstofns sem var settur saman í samnorrænu verkefni styrktu af Norrænu ráðherranefndinni til þess að rannsaka flýti í byggi og allir þeir einstaklingar hafa þegar verið erfðagreindir með öflugri örflögu. Niðurstöðurnar leggja grunn að erfðamengjaúrvali fyrir byggkynbætur á Íslandi.

Vonast eftir sérstökum rammasamningi

Þverpólitísk samstaða virðist vera um að efla kornrækt á Íslandi. Ef rétt er haldið á spöðunum, fjármagn til framkvæmda og framþróunar fæst segja þeir Helgi og Hrannar að ný sviðsmynd geti blasið við þjóðinni innan áratugar.

Land sem hefur ekki þótt hagkvæmt til grasræktar gæti nýst vel til kornræktar. Við gætum orðið sjálfbær í byggi og ræktað verulegan hluta af öllum höfrum og við ættum að leggja mikla áherslu á hveiti líka. Ný gróskumikil atvinnugrein gæti blómstrað, sem búgrein bænda og nokkurra stórræktenda. Allt bendir til þess að til lengri tíma geta þær framfarir, sem verða af uppbyggingu innviða í kornrækt, orðið þjóðhagslega hagkvæmar. Þá eru óræddar afleiður eins og jákvæð umhverfisáhrif og atvinnuuppbygging á landsbyggðinni.

Ákvörðunin og fjármögnunin liggur hjá ríkinu. „Menn mega ekki fara að bera fyrir sig einhverjum pólitískum ómöguleika. Kornræktin verður að fá sjálfstætt fé, sérstaklega í byrjun, ef meiningin er að gera alvöru úr þessu. Það sýnir saga annarra þjóða. Það má ekki gerast að búgreinar fari að bítast um fjármagn þegar búvörusamningar verða teknir upp. Ég óttast að ef það yrði gæti ekkert orðið úr þessu. Það er sjálfsagt að endurskoða kerfi hverrar greinar, gera þau skilvirkari og hagkvæmari, en nauðsynlegt er að tryggja starfsskilyrði hverrar greinar fyrir sig, þá einkum afkomu bænda – sem er eitt af aðalatriðum í fæðuöryggisskýrslunni. Því vona ég að sérstakur rammasamningur verði gerður fyrir kornræktina ef raunverulegur pólitískur vilji er fyrir því að greininni vaxi fiskur um hrygg,“ segir Helgi.

Uppgangur kornræktar í Noregi

Saga kornræktar í Noregi er áhugaverð í samhengi umfjöllunar um gríðarlega möguleika Íslands til uppbyggingar á búgreininni.

Í byrjun síðustu aldar var kornrækt í Noregi brot af heildarnotkun. Það breyttist þegar leið á öldina. Árið 1930 ákvað norska ríkið að taka yfir allan innflutning og kaup á korni og selja það svo áfram til framleiðenda. Á sjötta áratugnum var tekin sú ákvörðun að efla kornrækt í landinu. Þrátt fyrir að aðeins 2,7% af landsvæði Noregs sé tækt til jarðræktar var besta ræktunarsvæðið, undirlendi í Suður-Noregi, tekið undir kornrækt.

Veittir voru styrkir til að færa túnrækt þaðan og tók þá mjólkurframleiðsla og kvikfjárrækt á land þar sem grasrækt er hagkvæm en síður akuryrkja. Kornræktin byggðist upp með aðstoð jarðræktarstyrkja og fór að dafna sunnan til í landinu. Ríkið rak kornsamlög sem keypti allt korn af bændum. Samhliða var



farið að vinna að plöntukynbótum og ríkið rekur plöntukynbótamiðstöðina Graminor, sem enn þann dag í dag heldur úti öllum helstu kynbótalínum fyrir yrki í jarðrækt og garðyrkju; korn, kartöflur, jarðarber, epli og fleira. Árið 1992 var gerður samningur við fyrirtækið Felleskjøpet um að sjá um kornsamlögin, sem rekin eru víða um land.

Í dag eru Norðmenn rúmlega sjálfum sér nógir um bygg, þeir rækta um 30-70% af öllu sínu hveiti og hlutfall hafra á markaði er yfir 90% innlend framleiðsla.

Norska landbúnaðarstefnan miðar að því að halda uppi framleiðslu um allt land og nýta hvert svæði út frá þeirra náttúrulegu eiginleikum. Eins og áður sagði er aðeins tæplega 3% af landsvæði Noregs tækt til hvers lags jarðræktar, eða sem nemur 9.860 ferkílómetrum.

Eingöngu þriðjungur þess svæðis er hentugur í kornrækt. Samkvæmt tölum hins opinbera var 68% af landbúnaðarsvæði Noregs notað fyrir fóðurræktun (þ.á m. túnrækt), 30% í kornrækt, kartöflur þöktu 1,2% af svæðinu og grænmeti, ávextir og ber minna.

Til samanburðar er 18,6% af landsvæði Íslands flokkað sem landbúnaðarland, eða 18.720 ferkílómetrar samkvæmt tölum The World bank og í skýrslunni Fæðuöryggi á Íslandi kemur fram að allt að 600.000 hektara hafi verið áætlað sem gott ræktunarland hér á landi.

FRÉTTASKÝRING

Leiðandi stórfyrirtæki í heiminum hanna nú vélar í skip sem brenna munu ammoníaki í stað olíu:

Talið er að hægt verði að keyra nær öll skip á Íslandi með innlendu ammoníaki í náinni framtíð

– Íslenskt fyrirtæki hefur þegar hafið undirbúningsvinnu að mögulegri framleiðslu á ammoníaki hér á landi

Hörður Kristjánsson
hk.reinalds@gmail.com



Mikið er talað um orkuskipti á Íslandi og gjarnan eru þá hafðar uppi hástemmdar yfirlýsingar um mikilvægi þess, en sjaldnast rætt hvað þarf til að láta það raungerast.

Samkvæmt nýjustu útreikningum þarf í það minnsta að tvöfalda raforkuframleiðslu á Íslandi á næstu 18 árum. Gallinn er að þeir sem hæst hrópa um orkuskipti og það strax, berjast líka hart gegn frekri uppbyggingu orkuvera í landinu. Orðræðan einkennist því mjög af þversögnum og vanþekkingu. Samt er ljóst að Íslendingar eiga betri möguleika, m.a. til orkuskipta skipaflotans, en margar aðrar þjóðir í heiminum.

Samkvæmt nýrri vefsíðu, orkuskipti.is, sem verkfræðistofan Efla stendur að ásamt Samtökum iðnaðarins, Landsvirkjun og Samorku, snýst áskorunin um að losa Íslendinga við innkaup á um milljón tonnum af jarðefnaeldsneyti. Flugið er stærsti notandinn með um 52% af notkuninni, þá koma skip með 26%, vinnuvélar og stærri tæki með 15% og bílar eru einungis með 7% af notkuninni.

Orkuskipti í sjávarútvegi og flutningum á sjó er stórmál út af fyrir sig og víða er nú unnið að tæknilausnum til að gera slíkt að veruleika. Í öllum tilvikum, m.a. með notkun á rafeldsneyti, eru lausnirnar sem um er rætt enn sem komið er fjárhagslega mun óhagkvæmari en áframhaldandi notkun olíu. Bent hefur verið á að mikill árangur hafi þegar náðst á undanförnum árum með endurnýjun skipa og sparneytnari vélum.



Ammoníakverksmiðja YARA í Noregi. Mynd / C&EN

Munu stjórnmálamenn standa við stóru orðin?

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands segir m.a.:

„Markmiðið er að Ísland nái kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum eigi síðar en árið 2040 og verði þá óháð jarðefnaeldsneyti.“

Í þessu hlýtur að felast að ætlunin sé að auka hér raforkuframleiðslu af meiri krafti en nokkru sinni.

Raforkuuppbyggingin á Íslandi hefur að mesti verið framkvæmd á síðustu 60 til 65 árum. Samkvæmt stjórnarsáttmála höfum við einungis 18 ár til að byggja upp jafn mikla framleiðslugetu og gert hefur verið á síðustu 65 árum með nærri 20 terawattstunda framleiðslugetu á ári.

Kárahnjúkavirkjun getur framleitt um 4,8 terawattstundir árlega. Framleiðsluaukningin þarf í það minnsta að nema sem svarar fjórum Kárahnjúkavirkjunum. Þá hljóta menn að spyrja, hvernig ætla yfirlýsingaglaðir stjórnmálamenn að standa við slík áform **„á 18 árum“**, – eða eru þau bara bull út í loftið?

Trygg yfirráð Íslendinga yfir orkuauðlindunum skiptir höfuðmáli

Það mun skipta öllu máli fyrir þjóðina hvernig haldið verður á stjórn orkumála á Íslandi á komandi árum. Eftirspurn mun augljóslega stóraukast á grænni raforku á Íslandi, ekki síst vegna orkuskipta.

Ef stjórnvöldum tekst ekki að stýra þessu með hag almennings að leiðarljósi gæti hæglega skapast skortstaða á markaðnum.

Afleiðingarnar yrðu hrikalegar með margföldun orkuverðs eins og dæmin sanna nú í Evrópu. Innkoma óþarfa millilliða á íslenskan raforkumarkað, eins og með innleiðingu svonefndra „smartmæla“, mun líklega aðeins auka orkukostnað almennra neytenda.

Þetta kerfi er mjög dýrt og umdeilt um allan heim.


Skipaútgerðir neyðast til að fylgja straumnum

Þar sem ríki heims hafa að stærstum hluta sammælst um stefnu um að draga stórlega úr, eða hætta notkun jarðefnaeldsneytis á næstu áratugum, þá verða skipaútgerðir að fylgja þeirri línu hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Skiptar skoðanir eru þó um leiðir.

Fyrir utan að nota lífrænt gas, eða blandað lífeldsneyti, er helst rætt um að knýja skip framtíðarinnar með raforku, vetni, metanóli, etanóli eða ammoníaki. Allt eru þetta öflugir orkumiðlar, en misdýrir í framleiðslu og misjafnlega hættulegir í meðförum.



Etanól (C2H5OH) eða öðru nafni alkóhól, er þægilegast og hættuminnst í meðhöndlun af öllum þessum efnasamböndum, fyrir utan hreint rafmagn, og vel þekkt neysluvara. Það er samsett úr samtals sex vetniseindum, tveim kolefniseindum og einni súrefniseind. Gallinn er að framleiðsla á því sem eldsneyti í stórum stíl hefur þann ókost að vera í mjög harðri samkeppni við matvælaframleiðslu. Hráefnið sem til þarf er oftast korn eða sykurreyr.



Metanól (CH3OH -Methyl alkóhól) er annað alkóhólsamband sem er betur þekkt sem tréspíri og er eitrað og tærandi efni. Metanól er aðeins einfaldara alkóhól en etanól og er samsett af fjórum vetniseindum og einni kolefniseind og einni súrefniseind. Orkuþéttni metanóls er 20,1 MJ/kg (Megajúl á kíló). Báðir þessir alkóhóltengdu orkumiðlar hafa þó þann kost að vera í fljótandi formi við stofuhita. Ókostirnir eru þó þeir að bæði etanól og metanól innihalda kolefni sem losnar við bruna.

Vetni (H) er einfaldasta og hreinasta afurðin sem hægt er að búa til með rafgreiningu á vatni. Við bruna verður einungis til hrein vatnsgufa. Það er eðlislega mjög létt og því þarf að þjappa því og kæla mjög mikið til að rúmtak þess verði ekki allt of mikið. Vetni er líka notað til að búa til rafeldsneyti.



Ammoníak (NH3) er búið til úr þrem vetniseindum og einni nitur, eða köfnunarefniseind. Orkuþéttni ammoníaks er 18,6 MJ/kg, eða aðeins minni en metanóls.Til samanburðar er liþíum jóna rafhlaða (lithium-ion) aðeins með raunorkuþéttni upp á nærri 0,5 MJ/kg og fræðilega mest 1,5 MJ/kg samkvæmt tölum frá Bandaríkjunum.

Ekkert kolefni er í ammoníaki og losnar því ekkert CO_2 við bruna þess. Þá er líka hægt að nota ammoníak sem eldsneyti í vetnis-efnarafala, en það er ekki eins rúmfrekt í flutningum og hreint vetni.

Ammoníak sagt hagstæðast endurnýjanlegra orkugjafa fyrir skip

Lífrænt kolefnishlutlaust metangas er samkvæmt útlistun Mærsk McKinney Møller (MMM) Center for Zero Carbon Shipping, dýrast fyrrnefndra orkumiðla í framleiðslu. Þá kemur metanól sem framleitt er með endurnýjanlegri orku og síðan vetni, en ammoníak er ódýrast af þessum fjórum orkumiðlum í framleiðslu. Samkvæmt gögnum CSIRO (The Commonwealth Scientific and Industrial Research Organization í Ástralíu), er ammoníak hagstæðara í notkun sem eldsneyti en hreint vetni og einnig hagstæðara en metanól þar sem það veldur ekki kolefnislosun.

Ammoníak er ekki jafn eldfimt og kolefnisrafeldsneyti, en það er samt eitrað efni og hættulegt í meðförum. Mikil reynsla er þó fyrir hendi við framleiðslu og meðhöndlun á ammoníaki sem kælimiðli í frystivélar og í áburðarframleiðslu. Áburðarframleiðandinn YARA segir að áratuga góð reynsla sé t.d. komin á meðhöndlun þeirra og flutninga á ammoníaki. Þar sem ammoníak er eitt af algengustu efnunum í efnaiðnaði, til dæmis við áburðarframleiðslu, eru innviðir þegar til staðar víða um heim til framleiðslu og geymslu ammoníaks. Heimsframleiðslan er um 185 milljónir tonna og að stærstum hluta flutt um heimshöfin með skipum.

Íslenskt fyrirtæki, Green Fuel, undirbýr ammoníakframleiðslu fyrir íslenska skipaflotann

Fyrirtækið Green Fuel, vinnur að undirbúningi á framleiðslu á ammoníaki hér á landi í áföngum. Telja forsvarsmenn þess að hægt sé að leysa orkuþörf alls íslenska skipflotans með slíku eldsneyti sem framleitt yrði hér á landi líklega að undanskildum minnstu bátunum.

Breska félagið Atome á hlut í Green Fuel og mun verða bakhjarl íslenska fyrirtækisins. Kemur það inn í Green Fuel með fjármagn, reynslu og mikla þekkingu. Atome



Ammoníak er sagt hagstæðara í notkun sem eldsneyti á skip en hreint vetni og einnig hagstæðara en metanól þar sem það veldur ekki kolefnislosun.

Heila Kárahnjúkavirkjun þarf til að leysa málið

Samkvæmt útlistun verkfræðistofunnar Eflu inniheldur eitt tonn af olíu um 11,6 megawattstundir (MWh) af orku. Þegar olían er sett í brunavél um borð í skipi, skila um 3,5 MWh af orkunni sér til skrúfunnar til að knýja skipið áfram.
Að mati Eflu þarf um 20,4 MWh af raforku til að framleiða nægt metanól sem skilar jafn mikilli orku til að snúa skipsskrúfu og felst í einu tonni af olíu. Það þyrfti því 3.893.564 megawattstundir af raforku til að framleiða orku sem dygði í stað olíunnar sem seld var á skipaflotann 2020. Það samsvarar um 3.894 gígawattstundum GWh, eða tæpum 4 terawattstundum (TWh). Það þyrfti því sem svarar nærri heilli 690 MW Kárahnjúkavirkjun til að framleiða slíka orku, en vinnslugeta hennar er um 4,8 TWh. Álíka orku þyrfti til að framleiða ammoníak í stað olíunnar.

Skipta þarf út minnst 200.000 tonnum af olíu

Samkvæmt tölum Orkustofnunar notuðu íslensk fiskiskip 134.698 tonn af olíu á árinu 2020 og flutninga- og farþegaskip notuðu 7.834 tonn á innanlandsleiðum, en millilandaskip 24.275 tonn. Þarna er verið að tala um innanlandssölu á olíu. Samtals nam innanlandssalan á olíu til skipa 190.861 tonni á árinu 2020. Þá má líka nefna að millilandaskip og sum fiskiskip hafa einnig keypt olíu í erlendum höfnum. Heildarnotkunin getur því verið vel yfir 200.000 tonn af olíu.
Ef framleiða á raforku sem færi á rafhlöður og nýttist beint í stað þessarar olíu þyrfti til þess minnst 860 þúsund megawattstundir (MWh). Þar sem útilokað er með núverandi tækni að nota rafhlöður eingöngu fyrir skipaflotann þyrfti væntanlega að notast við vetni, eða annað rafeldsneyti eins og ammoníak sem framleitt er með vetni.
Til að framleiða ammoníak sem kæmi í stað þessara 200.000 tonna af olíu þarf væntanlega um 4 milljónir MWh af raforku, sem er jafnt og 4.000 GWh eða 4 TWh.
Ef nota ætti repjuolíu í stað dísilolíunnar á skipin þyrfti að leggja um 60 þúsund hektara undir slíka ræktun samkvæmt rannsóknum Samgöngustofu.



A.P. Moller - Maersk, sem á og rekur samnefnt skipafélag, er einn samstarfsaðila Copenhagen Infrastructure Partners (CIP), sem hefur áform um að reisa stærstu „grænu“ ammoníaksverksmiðju Evrópu nærri Esbjerg í Danmörku.

er skráð á hlutabréfamarkaði í London og er að þróa og byggja upp vetnis- og ammoníakframleiðslu með endurnýjanlegri orku, m.a. í Paragvæ.

Til að framleiða ammoníak sem dygði á allan íslenska skipaflotann þyrfti virkjun með nærri því jafn mikið afl og fæst út úr Kárahnjúkavirkjun. Það myndi síðan draga úr losun skipaflotans sem nemur um 750.000 tonnum af CO_2 á ári.

Skipafélagið Maersk telur ammoníak mjög álitlegan kost

A.P. Moller - Maersk er einn samstarfsaðila Copenhagen Infrastructure Partners (CIP), sem hefur áform um að reisa stærstu „grænu“ ammoníaksverksmiðju Evrópu nærri Esbjerg í Danmörku. Orkan til framleiðslunnar verður framleidd með vindmyllum.

Samkvæmt tölum skipafélagsins Maersk er heildarrekstrarkostnaður skipafélaga við notkun áðurnefndra endurnýjanlegra eldsneytistegunda sagður lægstur með því að nota ammoníak. Niðurstaða Maers er að ammoníak sé líklegt til að spila stórt hlutverk við að komast niður í núll í losun gróðurhúsalofttegunda (skipa) 2050.

Aðrar eldsneytistegundir af þessum toga eins og lífeldsneyti, sem framleiddar eru að hluta með jarðefnaeldsneyti, eru þó enn mun ódýrari en leysa ekki allan vandann varðandi losun CO_2.

Fjöldi fyrirtækja og stofnana vinna að lausn með notkun ammoníaks

Í fundaröð Global Marietime Forum í sumar voru frummælendur frá Marine & Offshore, Loyd‘s, Samsung (skipadeild), Castor initiative, MIN solutions og áburðar- og ammoníkframleiðandanum YARA. Allir ræddu þessir frummælendur um mikilvægi þess að fullmóta regluverkið svo nota megi ammoníak sem eldsneyti á skip í framtíðinni. Tæknilausnir og regluverk er talið verða tilbúið fyrir lok árs 2024 og skip geti verið komin í notkun fyrir 2030.

Castor initiative er sameiginlegt félag í eigu lloyd‘s Register, Samsung Heavy Industries, MISC/AET. Það stefnir á að vera tilbúið með fyrsta ammoníaksknúna „tvinnorku“ tankskipið til notkunar síðla árs 2025 og annað snemma á árinu 2026.

Þá hafa 24 norræn fyrirtæki og stofnanir snúið bökum saman um að þróa nýtingu á ammoníaki sem eldsneyti fyrir ferjur og önnur farþegaskip.

Wärtsilä smíðar skipavél fyrir ammoníak

Finnski vélaframleiðandinn Wärtsilä og skipafyrirtækið Grieg Edge vinna nú í sameiningu við smíði á ammoníaksknúnu tankskipi sem hleypa á af stokkunum 2024. Verkefnið gengur undir heitinu „The MS Green Ammonia project „ og er afrakstur norrænnar samvinnu um losunarfríar lausnir í skipum. Norski fjárfestingasjóðurinn Pilot-E leggur m.a. 46,3 milljónir evra í þetta verkefni. Þá setti Evrópusambandið í gegnum Horizon Europe rannsóknarsjóðinn 10 milljónir evra fyrr á þessu ári til að flýta þessari þróunarvinnu Wärtsilä. Er þar bæði verið að þróa tvígengis- og fjórgengis ammoníaksvélar í skip.

Wärtsilä kynnti þessi áform sín í júlí 2020 og hófust tilraunir við notkun á ammoníaki í fjögurra strokka breyttri dísilvél í skip í Stord í Noregi í ársbyrjun 2021.


Verkefni Wärtsilä er komið vel á veg og hófst tilraunakeyrsla á fjölorkuvélbúnaði í júní 2021. Með því að blanda 80% af ammoníaki saman við dísilolíu minnkaði kolefnisútblástur vélarinnar um 60%, sem er meira en markmið IMO (International Maritime Organization) gengur út á að ná fyrir árið 2050.

Á næsta ári, 2023, reikna sérfræðingar Wärtsilä með að vera komnir með vél fyrir skip sem getur keyrt á hreinu ammoníaki og losar þá ekkert CO_2. Wärtsilä hefur líka sýnt fram á góðan árangur af notkun á vetni og metanóli í slíkum tilraunum.

Verkefnið skiptir sköpum í skipaflutningum

„Ammoníak sem eldsneyti er mjög góður kostur, sérstaklega fyrir siglingar á úthafinu,“ segir Hans Anton Tvete, verkefnisstjóri rannsóknar og þróunar hjá DNV.

Dr. Paolo Sementa og dr. Cinzia Tornatore hjá CNR (Institute of Sciences and Technologies for Sustainable Energy and Mobility) taka í sama streng í grein á vefsíðu Wärtsilä.



Finnski vélaframleiðandinn Wärtsilä er kominn vel á veg með þróun á ammoníaksknúnum vélum í skip. Í grunninn er þar byggt á smíði dísilvéla.

Eitt tonn af olíu inniheldur 11,6 megawattstunda orku

Til að komast að hagkvæmni hinna ýmsu lausna í mögulegum orkuskiptum hafa menn reiknað út samanburðinn við olíuna sem nú er notuð. Samkvæmt útlistun verkfræðistofunnar Eflu inniheldur eitt tonn af olíu um 11,6 megavattstundir (MWh) af orku. Þegar olían er sett í brunavél um borð í skipi, skila um 3,5 MWh af orkunni sér til skrúfunnar til að knýja skipið áfram.
Til að ná sömu orku til skrúfu, þ.e. 3,5 MWh, með rafmagni. Þyrfti að hlaða 4,3 MWh af raforku eru settar inn á rafhlöðu. Orkutapið við hleðslu rafgeyma og við afhleðslu er um 0,8 MWh.

Ríflega 8.000 tonna rafhlöðu þyrfti fyrir 30 daga úthald á frystitogara




Bein notkun á raforku frá rafgeymum væri langbesta leiðin ef einungis er horft á orkutap, en gallinn er hversu afskaplega léleg orkuþéttni geymanna er, þ.e. hvað þeir geyma litla raforku miðað við þyngd 0,5 MJ/kg til mest 1,5 MJ/kg.

Við núverandi tækni í framleiðslu rafgeyma þykir ljóst að þessi leið gengur ekki upp þegar um langt úthald og langar siglingar er að ræða. Íslenskir frystitogarar eru t.d. að veiðum í allt að mánuð í senn. Sem dæmi þá vegur 85 kílówattstunda (kWh) rafhlaða í Tesla Model S 544 kg. Það er mjög dýrt í framleiðslu og er samsett úr 7.104 liþíum-jóna rafhlöðueiningum sem er pakkað í 16 samsettar einingar. Þá vegur 100 kWh rafhlaða (0,1 MWh) í Tesla 625 kg.

Samkvæmt upplýsingum í skýrslu Brims 2021 um sjálfbærni og þróun, notar ísfisktogari um 239 lítra af olíu að meðaltali til að veiða eitt tonn af fiski. Í úttekt Fiskifrétta á þessum málum 2021 kemur fram að frystitogarar geti verið með á bilinu 400 til 700 tonn af olíu í tönkum og noti um 300 til 360 tonn af olíu í 30 daga veiðiferð.

Miðað við tölur frá Tesla, þá þyrfti 43 stykki af 100 kWh rafhlöðum til að skila raforku sem jafnast á við afl út í skrúfu frá einu tonn af dísilolíu. Hver rafhlaða vegur 625 kg svo að í heild myndu þær vega tæp 27 tonn. Ef setja ætti Tesla-rafhlöður um borð í hefðbundinn frystitogara, svo þær hefðu orku fyrir 30 daga veiðiferð í stað 300 tonna af olíu, þá þyrfti 12.900 rafhlöður sem vega samtals um 8.063 tonn. Sem dæmi, þá eru tveir stærstu togarar Brims, þeir Akurey og Viðey, rúmlega 1.827 brúttótonn hvor að stærð. Stærstu togarar Samherja, Björg og Björgúlfur, eru tæplega 2.081 brúttótonn. Ef settar yrðu 12.900 stykki af 625 kg rafhlöðum um borð í einhvern þeirra er ljóst að sá togari færi trúlega aldrei langt frá hafnarkantinum.



Vélaframleiðandinn MAN í Þýskalandi veðjar á að ammoníak verð ein af þeim eldsneytistegundum sem mest verði notaðar fyrir siglingar stórra skipa á úthafinu.

„Ammoníak er mjög líklegur arftaki olíunnar til að ná verulegum árangri í að minnka losun kolefnis og annarra gróðurhúsalofttegunda í siglingum. Þetta metnaðarfulla verkefni mun skipta sköpum er varðar umhverfisáhrif í skipaflutningum.“

Vélaframleiðandinn MAN smíðar vél fyrir ammoníak

Þýski vélaframleiðandinn MAN vinnur að þróun fjölorku tvígengisvéla fyrir skip.

Verkefnið hófst 2019 og markmiðið er að vél sem gengur fyrir ammoníaki verði tilbúin á markað snemma árs 2024.


Í kjölfarið er hugmyndin að bjóða upp á pakka þegar á árinu 2025 sem miðar að breytingum á dísilvélum sem þegar eru í notkun svo hægt sé að brenna í þeim ammoníaki. Einnig þarf þá að setja upp sérstaka tanka og búnað til átöppunar á ammoníaki.

Orkuskipti á Íslandi er risavaxið mál

Af umræðunni í þjóðfélaginu, jafnvel hjá stjórnmálamönnum sem vilja láta taka sig alvarlega, mætti samt ætla að orkuskipti sé lítið sætt gæluverkefni, sem leysa megi með huggulegum heimarafstöðvum og umframorku í raforkukerfinu. Allt slíkt tal er fjarri veruleikanum.

Raforkuspá orkuspárnefndar fyrir tímabilið 2021 til 2060 telur að tvöfalda þurfi raforkuframleiðsluna á þessu tímabili og ríflega það. Nýjustu tölur sýna að þessi spá felur í sér töluvert vanmat.

Líklegra er að auka þurfi núverandi raforkuframleiðslu úr 20 terawattstundum í 44 terawattstundir á ári til að halda uppi núverandi lífskjörum í landinu.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI



Hér má sjá þau Hafdísi Ósk Kristjánsdóttur og Sigmund Agnarsson sem hina norskættuðu tvíbura, Luffe og Lillemor, frændsyskini forstjórans.



Guðrún Elísabet Guðmundsdóttir í hlutverki Árnýjar verkstjóra, Margrét Kristinsdóttir, eða Magga á lagernum, og Ólöf Rún Ólafsdóttir símadama.

Leikfélag Fjallabyggðar:

Birgitta kveður

Leikfélag Fjallabyggðar sýnir nú nýtt leikrit eftir Guðmund Ólafsson, sem jafnframt er leikstjóri.

Verkið heitir BIRGITTA KVEÐUR og er sagt vera „sakamálaleikrit með gamansömu ívafi“. Æfingar hófust 12. september, frumsýningin var 28. október. Leikritið gerist á einu föstudagssíðdegi og -kvöldi í litlu innflutningsfyrirtæki, sem hefur sérhæft sig í innflutningi frá Kína. En þetta er ekki venjulegur dagur því um kvöldið á að kveðja elsta starfsmanninn, hana Birgittu, sem er að láta af störfum vegna aldurs. Er af því tilefni slegið upp kveðjuveislu. Er óhætt að segja að kvöldið verði viðburðaríkt og óvæntir atburðir gerist þannig að kalla þarf til lögreglu.

Þrettán leikarar taka þátt í sýningunni auk baksviðsfólks af öllu tagi. Ljósameistari er Anton Konráðsson.

Þetta er fimmta leikritið sem Guðmundur skrifar sérstaklega fyrir leikfélagið og hefur hann jafnfram leikstýrt þeim öllum. Eitt þeirra, „Stöngin inn!“, var valin áhugaverðasta áhugaleiksýningin árið 2013 og sýnd í Þjóðleikhúsinu.

Sýningar standa yfir í Menningarhúsi Fjallabyggðar, Tjarnarborg í Ólafsfirði og eins og staðan er núna verða næstu sýningar nóvembermánaðar þann 3., 6., 10. og 11. klukkan 20.00. Almennt miðaverð er kr. 3.500 en eldri borgarar, öryrkjar og grunnskólabörn borga 3.000 kr. Miðapantanir eru hjá þeim Guðrúnu Unnsteinsdóttur í síma 863-2604 og Vibekku í síma 849-5384.

Hugleikur:

Í öruggum heimi

Áhugaleikhúsið Hugleikur ber nú á borð sex einþáttunga sem hreyfa vel við áhorfendum. Hafa þeir allir komið fyrir augu fólks áður, yfir árin, en þó aldrei allir saman. Um ræðir verk Júlíu Hannam sem hefur getið sér afar gott orð á þeim vettvangi.

Júlía Hannam er höfundur þess sem gleðja mun áhorfendur og aðdáendur Hugleiks nú í nóvemberbyrjun, en sjálf lærði hún leiklist í San Francisco á árum áður – rétt eftir menntaskóla. Aðspurð segist Júlía þó ekki hafa farið á svið sjálf fyrr en í kringum 1994, þá með áhugaleikfélaginu Leyndir draumar þar sem hún sinnti lengi formannsstöðu og gekk um fimm árum síðar til liðs við Hugleik. Fjölskyldan var í forgrunni þó leiklistarbakterían hafi alltaf verið í blóðinu og því kom sér vel að standa á sviði áhugaleikhúss, enda vart hægt að hugsa sér skemmtilegra tómstundagaman. Í dag er Júlía ein þeirra mætu leikkvenna starfandi undir hattinum Leiklistarkonur 50+ og þar er margt skemmtilegt fram undan.

Einþáttungarnir sex

„Ástæðan fyrir því að einþáttungarnir sex eru settir á svið,“ segir Júlía, „er sú að mig langaði að styðja Hugleik, mitt gamla félag. Hugmyndina fékk ég frá góðri vinkonu sem gerði slíkt hið sama, nú síðastliðið vor, þá í tilefni stórafmælis hennar. Mér þótti þetta svo sniðugt – og átti nægt til í sarpinum sem hafði komið áður á



Júlía Hannam, leikkona og handverkshöfundur.

fjalirnar og þótt skemmtilegt. Þannig ég valdi nokkra einþáttunga með aðstoð góðra kvenna og þykir gaman af því að þeir fái að lifna aftur við á sviðinu, jafnframt því að styrkja gott málefni.“

Í öruggum heimi

Við völdum semsagt alls sex þætti undir nafninu „Í öruggum heimi“ sem er auk heldur nafn á einum þættinum. Fjallar sá um að í raun er ekki allt sem sýnist. Ekki allt í hendi eins og menn vilja gjarnan ætla. Leikstjórinn er Hrefna Friðriksdóttir.

Síðan er verkið „Leit“. Því leikstýrir einn stofnfélagi Hugleiks og aldursforsetinn, rétt rúmlega áttræð, hún Unnur Guttormsdóttir. Fjallar „Leit“ um unga stúlku sem leitar að afa sínum. Næst má nefna verkið „Ég hefði ekki átt að segja þér þetta“ en þar er tekin fyrir sú hugmynd um að oft megi satt kyrrt liggja. Fólk lítur jafningja sína oft öðrum augum er þeir heyra af þeim sögur, sannar eða ekki.

Verkið „Stóllinn“ fjallar um vaktaskipti og er í leikstjórn Hrundar Ólafsdóttur. Svo eru það „Heilladísir“ sem Dýrleif Jónsdóttir stýrir. Þar er greint frá upplifun fólks á lífinu, sumir gefast upp á meðan aðrir halda í von um hamingju og betri tíð. Að lokum kemur svo „Hver er þessi Benedikt?“ í leikstjórn Ástu Gísladóttur og er um firringu markaðsaflanna.

Kvöldstund með meiru

Einþáttungana samdi Júlía yfir um 10 ára tímabil og geta þeir sem áður hafa fengið að njóta þeirra á sviðinu hlakkað til að sjá verkin nú í nýjum búningi. Verða sýningar þann 4. og 5. nóvember klukkan 20 í Funalind 2, húsnæði Leikfélags Kópavogs.

Miða er hægt að finna og panta á heimasíðu Hugleiks, www.hugleikur.is og kostar 2.000 kr. Annars verður posi á staðnum og einnig hægt að greiða með peningum. Er Hugleikur eitt þeirra áhugaleikhúsa sem naut ekki góðs af styrk frá borginni nú í ár og því um að gera að taka frá kvöldstund, njóta góðrar sýningar, sýna sig og sjá aðra. */SP*



stutt og LAGGOTT

INNLENT

Áhorfandi slasaðist af hlátri

Leikfélagið Hugleikur hlaut frábærar viðtökur á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Noregi í gær með sýningunni „Sálir Jónanna ganga aftur“ sem Viðar Eggertsson leikstýrir. Einn sænskur áhorfandi hló svo mikið að hann endaði á stólbakinu framan við sæti hans og hlaut ljótan skurð á enni.

Viðtökur á efni leikfélagsins Hugleiks hafa ætíð verið frábærar, sumar frábærari en aðrar, sbr. þessa stuttfrétt haustið 1998 í tbl. Degi.



Leikendur úr einþáttungnum „Hver er þessi Benedikt?“ Á myndinni eru þær Mamiko D. Ragnarsdóttir og Hrefna Hjörvarsdóttir.

Leikfélagið Borg:

Ævintýrið mikla ... frá öðru sjónarhorni

Söguna vinsælu úr 1001 nótt um hann Aladín þekkja flestir. Þar eru í aðalhlutverki þeir félagar Aladín og andinn í töfralampanum … en einnig hin frábæra Jasmín prinsessa.

Færri vita kannski að upprunalega hét prinsessan Badroulbadour, en nafn hennar þýðir fullt tungl – sem er tákn austrænnar fegurðar.

Ævintýrið hafa nú liðsmenn leikfélags Borgar í Grímsnesi sett upp en þó með nýjum brag.

Ævintýri Sindra Mjölnis



Höfundurinn og leikstjórinn Sindri Mjölnir í gervi Aladíns.



Þarna má sjá Andann Ingu Söndru Hjartardóttur og Apann Thelmu Sif Jóhannesdóttur ásamt Aladín á æfingu.

Tók félagsmaðurinn Sindri Mjölnir sig til og endurskrifaði söguna frá sjónarhorni prinsessunnar Badroulbadour – listavel og nokkuð sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Leikrit Aladíns hefur ekki farið á fjalirnar áður þar sem saga Aladíns og Jasmínar er í eigu Disney en með nýjum vinkli geta áhorfendur glaðst yfir sögunni sem þeir þekkja svo vel.

Kemur virkilega á óvart

Í samtali við Guðnýju Tómasdóttur formann kemur fram að með þessari nýju aðalpersónu og nýja sjónarhorni er ævintýrið bæði nútímavætt og kemur virkilega á óvart.

Leikritið er ætlað ungum jafnt sem öldnum og sýnt á misjöfnum tíma sólarhringsins, til að koma til móts við öll aldursskeið. Hvað varðar leikarana eru þeir 15 talsins, sá elsti um áttrætt og sá yngsti um sjötíu árum yngri, eða tólf ára.

Meðal þeirra finnast lærðir leikarar, áhugamenn af hjarta og sál og í raun öll flóran. Frumsýnt verður þann 12. nóvember.

Miðasalan verður á tix.is en ná sýningar fram í desember þar sem út dettur ein helgi í nóvember. */SP*



HAUSTRÁÐSTEFNA FAGRÁÐS Í HROSSARÆKT

SUNNUDAGINN 20. NÓVEMBER

SPRETTSHÖLLIN KLUKKAN 13 - 17:30

DAGSKRÁ

Sveinn Ragnarsson lektor við Háskólann á Hólum stýrir ráðstefnunni

Setning - Sveinn Steinarsson - Formaður fagráðs og deildar hrossabænda

Hrossaræktarárið 2022 - Elsa Albertsdóttir - Ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

Rannsókn á magasárum í hrossum - Úndína Ýr Þorgrímsdóttir - Dýralæknanemi

Verðlauna og viðurkenningaafhending

- Heiðursverðlaunahryssur fyrir afkvæmi 2022
- Knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)
- Hæsta aðaleinkunn ársins - Alhliða hross (aldursleiðrétt)
- Hæsta aðaleinkunn ársins - Klárhross (aldursleiðrétt)
- Hæst dæmda litförótta hryssa ársins
- Tilnefnd ræktunarbú
- Ræktunarbú ársins

Landsmót fyrr og nú. Saga Landsmóta og þátttaka kynbótahrossa - Þorvaldur Kristjánsson - Kynbótadómari

Í framhaldi af erindi Þorvaldar munu fara fram vinnustofur um þátttöku kynbótahrossa á Landsmótum

FUNDINUM VERÐUR STREYMT



LÍF & STARF

Syðra-Holt í Svarfaðardal:

Útiræktа lífrænt grænmeti og undirbúa sauðamjólkurframleiðslu

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Það vekur jafnan athygli þegar fréttist af nýjum garðyrkjubændum, ekki síst ef þeir stunda lífræna ræktun.

Í Syðra-Holti í Svarfaðardal hafa þau Eiríkur Gunnarsson, Inger Steinsson, Vífill Eiríksson og Alejandra Soto Hernández komið sér fyrir með útiræktun á margvíslegu grænmeti og ætla sér ekki eingöngu að stunda þar garðyrkju heldur stefna þau einnig á lífræna sauðamjólkurframleiðslu á næstu árum.

„Við tókum við jörðinni hér fyrir tveimur árum síðan og erum hægt og rólega að fikra okkur áfram með þessa útiræktun, en ætlum okkur svo meira í nánustu framtíð – við köllum þann búskap mjólkurfé og sauðaostaframleiðslu," segir Eiríkur um forsögu þeirra í Syðra-Holti, en þau eru á seinna árinu í aðlögunarferlinu að lífrænni vottun.

Nýting lífrænna áburðarefna

Um miðjan september úthlutaði matvælaráðuneytið þróunarfé búvörusamninga fyrir þetta ár. Á meðal þeirra sem fengu styrk úr garðyrkjuhlutanum voru einmitt bændurnir í Syðra-Holti, fyrir verkefnið Nýting lífrænna áburðarefna úr nærsamfélaginu í lífræna garðyrkju.

„Við erum búin að finna allt það efni sem við viljum nota, eins og hrossatað úr nágrenninu og fiskúrgang frá fiskvinnslu á Dalvík," segir Eiríkur.

Hugmyndin er því sú að gera tilraunir við að moltugera þetta hráefni sem ekki hefur áður verið nýtt til verðmætasköpunar.



Unga parið Alejandra Soto Hernández og Vífill Eiríksson og á milli þeirra hjónin Eiríkur Gunnarsson og Inger Steinsson. Myndir / Syðra-Holt

Forsendan að eiga mikið til af moltu

„Ég kláraði nám mitt í búfræði á Hvanneyri 1986, síðan fór ég þremur árum síðar til Svíþjóðar og lauk námi í lífrænni ræktun. Síðan hef ég bara verið að fást við aðra hluti og það er ekki fyrr en núna, og ég orðinn sextugur, sem draumurinn um eigin lífrænan búskap verður að veruleika," segir Eiríkur, spurður um reynslu hans úr landbúnaði.

Undanfarin tvö sumur hafa nýbúarnir í Syðra-Holti verið að prófa sig áfram með ræktun á ýmiss konar grænmeti en sem stendur rækta þau kál, fennel, kartöflur og gulrætur, auk þess að framleiða meðal annars sýrt grænmeti. Þau halda einnig námskeið í slíkri úrvinnslu.

„Við erum líka að vinna að sérstakri ræktunaraðferð, sem við fengum styrk úr Matvælasjóði til þess að þróa. Hún kallast „no dig" – og felst í því í grundvallaratriðum að það er ræktað í beðum án þess að bylta jarðveginum – og forsendan fyrir þessari ræktunaraðferð er einmitt að eiga mikið til af moltu," segir Eiríkur.

Áttatíu mjólkandi ær

Eiríkur segir að verið sé að standsetja fjárhúsin til að geta tekið á móti gripum.

„Við ætluðum að reyna að taka inn gripi núna í haust, en við urðum að fresta því um eitt ár. Við sjáum fyrir okkur að vera með allt að 80 mjólkandi ær. Við höfum heimsótt nokkra bæi í Svíþjóð og Noregi sem eru með mjólkurfé og sauðaostaframleiðslu. Þar er gjarnan austur-frísískt fé, sem gefur þó nokkuð meira af sér en það íslenska. En miðað við þær tilraunir sem hafa verið gerðar með sauðaostaframleiðslu hér á Íslandi þá ætti þetta að geta orðið eining sem getur rekið sig. Þá erum við að tala um að sauðfjárbúskapurinn sé á forsendum mjólkurframleiðslunnar. Auðvitað verða kjöt og ull meðafurðir sem maður nýtir."

Syðra-Holt gæti orðið fyrsti bærinn á Íslandi þar sem sauðfjárbúskapur verður stundaður á forsendum mjólkurframleiðslunnar.

„Mér vitanlega eru einungis tveir bæir með sauðamjólkurvinnslu á Íslandi, en þá sem hliðarbúgrein."



Frá námskeiði á Syðra-Holti í sýringu grænmetis.



Bændablaðið
Kemur næst út
17. nóvember



Nýlagður haugur sem inniheldur hálm, hrossatað, gamalt hey og fiskislóg. Eiríkur segir að af þessu sé engin ólykt, þetta ilmi bara vel.

Óumflýjanleg þróun í landbúnaði



Verið að bylta safnhaugnum sem gert er á fjögurra daga fresti í 4-5 skipti. Markmiðið er að halda 50-60 gráðu hita í haugnum í a.m.k. tvær vikur. Þá er efnið orðið vel niðurbrotið, illgresisfræ dautt og fjölbreytt örverulíf til staðar.

Í styrkumsókninni til matvælaráðuneytisins er lýsing á markmiðum verkefnisins. Þar kemur fram að ætlunin sé að þróa og byggja upp aðstöðu til moltugerðar úr lífrænum úrgangi og miðla hagnýtri þekkingu um slíka moltugerð. Markmiðið er einnig að hanna og útbúa aðstöðu til moltugerðar þar sem notaður verður lífrænn úrgangur eða áburðarefni sem ónýtt eru í nærsamfélaginu og eru jafnframt samþykkt sem áburðarefni í lífrænni ræktun.

Væntingar umsækjenda séu að verkefnið stuðli ekki aðeins að vistvænni búrekstri og vistvænni nýtingu lífræns úrgangs, heldur muni einnig sýna fram á hagkvæmni þess að nýta þann lífræna úrgang sem aðgengilegur er á hverjum stað sem áburðarefni í garðyrkju. Fyrirhugað er að nota verkefnið til fræðslu og kynningar um nýtingu lífræns hráefnis. Ætlunin sé að byggja upp aðstöðu til moltugerðar sem annar að minnsta kosti 70 tonnum af tilbúinni moltu. Notast verður við þá aðferð að blanda fiskúrgangi við hrossatað og hálm. Gera þurfi tilraunir með hlutfall þessara efna til þess að fá rétta blöndu milli kolefnis og köfnunarefnis.

Í umsókninni kemur fram að fiskislóg innihaldi mikið af köfnunarefni á meðan hálmurinn leggi til kolefnið. Til þess að halda hitamynduninni hæfilegri þurfi að bylta haugnum og vökva hann. Með aðferðinni, sem sé smækkuð útgáfa af moltugerð hjá Moltu ehf. og Terra, verði hægt að umbreyta fiskislóg á þremur til fjórum vikum í næringarríkan og örveruríkan jarðveg, sem verður notaður sem áburðarefni í garðyrkju. Þar kemur enn fremur fram að þegar farið var af stað með grænmetisræktun á Syðra-Holti var gert ráð fyrir að nota moltu frá Moltu ehf. á Akureyri. Í ljós kom að moltan var ekki samþykkt af vottunarstofunni TÚN til lífrænnar ræktunar þar sem í henni reyndist vera of hátt gildi af kopar og zinki auk þess sem mikið var af plastögnum í moltunni.

Mikið hafi verið rannsakað og ritað um nýtingu lífrænna áburðarefna sem falla til og eru lítt eða ekki nýtt. Til mikils sé að vinna að koma sem mestu af lífrænum úrgangi aftur inn í hringrásina og sjá umsækjendur tækifæri til að sýna í verki óumflýjanlega þróun í landbúnaði framtíðarinnar, bæði garðyrkju og akuryrkju. Þá er þess getið að umsækjendur vilji freista þess að sýna fram á hagkvæmni þess að nýta ýmis lífræn áburðarefni í garðyrkju þar sem ávinningurinn er vistvænni landbúnaður og vistvænni nýting úrgangshráefna. Umsækjendur vilji þannig hvetja garðyrkjubændur, sem og aðra bændur, til þess að líta til þeirra áburðarefna sem falla til í nærumhverfinu og nýta þau til þess að byggja upp frjósaman og örveruríkan jarðveg.



SERES 3 kemur vel útbúinn.
Verð kr. 5.350.000

RAG
import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar
í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.




KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



LÍF & STARF



Kort af Rauðasandshreppi norðan heiða. Búseta er á Hvalskeri, Neðri-Tungu og Hænuvík. Í Örlygshöfn var öll þjónusta hins forna hrepps, eða grunnskóli, félagsheimili, verslun, höfn o.fl.
Loftmynd / Landmælingar Íslands

Rauðasandshreppur:

Náttúrufegurð og fólksfækkun

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var fyrri hluti umfjöllunar um Rauðasandshrepp hinn forna, sem nú tilheyrir Vesturbyggð.

Þá var tekinn fyrir Rauðisandur, en núna verður hreppnum norðan heiða gerð skil. Þetta landsvæði er með helstu náttúruperlur sunnanverðra Vestfjarða og er straumur ferðamanna mikill. Rauðisandur, Örlygshöfn, minjasafnið á Hnjóti og Látrabjarg hafa verið vinsælir áfangastaðir, en umferð út í Kollsvík hefur aukist á undanförnum misserum.

Eins og kom fram í fyrri umfjöllun var íbúafjöldi þessa forna hrepps 93 árið 1993, en hefur fækkað mjög hratt á undanförnum árum.



Hótel Látrabjarg var áður grunnskóli sveitarinnar.

Nokkuð er af fólki sem heldur til á svæðinu hluta úr ári, en einungis ellefu eru með heilsársbúsetu, þar af sex í Rauðasandshreppi norðan heiða. Tveir bræður eru búsettir á Hvalskeri sem gera út vinnuvélar, hjón á Neðri-Tungu í Örlygshöfn með sauðfé og hjón í Hænuvík með sauðfjárrækt og ferðaþjónustu.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var íbúatala hins forna hrepps ranglega talin vera níu og leiðréttist hér með.

Hænuvík

Guðjón Bjarnason og María Ólafsdóttir eru sauðfjárbændur í Hænuvík, ysta bænum í sunnanverðum Patreksfirði. Þar búa þau með 250 kindur og reka ferðaþjónustu og handverksverslun með dóttur sinni, Guðnýju Ólafíu.

Hjónin eru bæði úr sveitinni, en Guðjón ólst upp í Hænuvík og María kemur frá Sellátranesi, sem er næsti bær fyrir innan.

Þegar Guðjón og María tóku við búinu í Hænuvík fyrir fjörutíu árum þurftu þau að byrja frá grunni. Foreldrar Guðjóns drápu allan sinn fjárstofn haustið áður en þau keyptu af þeim jörðina eftir að hafa lent í ýmsum skakkaföllum.

„Ég var búinn að vera viðloðandi búskapinn frá 1962 eða 1963 og vissi alveg hvað var hér til staðar. Þegar við tókum við árið 1982 fengum við lömb frá bændum í grenndinni og vorum fyrsta veturinn með 52 kindur. Við skulduðum aldrei krónu þar sem við býttuðum á jörðinni og húsinu sem við áttum á Patró," segir Guðjón.

Sjálfum sér nóg

Fyrstu árin voru erfið að sögn Guðjóns, en með því að þurfa ekki að kaupa orku og vera sjálfum sér nóg um mat náðu þau að láta hlutina ganga upp. „Við fiskum allan okkar fisk, framleiðum allt okkar kjöt, allar okkar kartöflur, við framleiðum orkuna alla sjálf," segir Guðjón, en á bænum hefur verið heimarafstöð frá því um miðja síðustu öld. Lengi vel voru þau með 400 kindur, en núna séu þau farin að minnka við sig. Síðasta vetur voru 250 kindur á bænum og reiknar Guðjón með að fækka meira núna í haust.

Sauðfjárræktin gjaldþrota

Aðspurður um það hvort hægt sé að lifa af sauðfjárbúskapnum segir Guðjón: „Ef þú ætlar að kaupa áburð og fóðurbæti og vera með svolítið af lánum þá þarftu að hafa tvö þúsund fjár. Það er ekkert að marka þetta hjá okkur – við getum heyjað allan hreppinn. Sauðfjárræktin er gjaldþrota. Einfaldlega vegna þess að við erum ekki bara að keppa við þessa útþenslustefnu sem Bændasamtökin hafa verið að hvetja til, heldur er verið að flytja inn í landið fleiri þúsund tonn af alls konar kjöti. Það tekur frá okkur og er á niðurgreiddu verði – eitthvert hormónadrasl," segir Guðjón.

Rödd Vestfjarða heyrist ekki

Guðjón er mjög gagnrýninn á þá þróun sem hefur átt sér stað í félagskerfi bænda á undanförnum árum. Raddir bænda á Vestfjörðum fái ekki að heyrast. „Kannski tekur því ekki vegna þess að búskapur er almennt að deyja á Vestfjörðum," segir Guðjón.

„Sjáðu fundarherferðina hringinn í kringum landið sem þeir gortuðu sig af um daginn. Hvar er fundurinn fyrir okkur? Á Ísafirði. Það er enginn áhugi fyrir því að halda fund hér á sunnanverðum Vestfjörðum." Hann segir bændur hafa verið hvatta til að hagræða og stækka búin, en það sé ekki hlaupið að því á Vestfjörðum þar sem undirlendi er lítið.

„Vestfirðir eru að deyja sem búskaparland, meðal annars fyrir tilstilli Bændasamtakanna. Öll félagastarfsemi er búin. Búnaðarsambandið helst á lífi enn þá, en það er löngu farið að ræða að sameina það undir Vesturland. Hvar eru þá raddirnar sem eiga að berjast fyrir Vestfirði?



Guðjón Bjarnason ólst upp í Hænuvík. Hann er gagnrýninn á þróun félagskerfis bænda og sérstaklega hversu litla rödd Vestfirðingar fá.

Þær voru sex til sjö á fundum áður fyrr – ég held að það sé einn núna."

Sauðfé ratar heim

Guðjón segist vera heppinn með sitt fé, en það hefur vanist því að koma sjálft til byggða á haustin. Hann segist ná þessu með því að láta sauðféð sitt vera úti mest allt árið sem verður til þess að þær þekki sitt umhverfi og viti hvert þær eigi að fara þegar haustar.

„Það er búið að taka úr íslensku fé þessa náttúru að koma til byggða þegar haustið kemur." Þó svo að hann sé síðasti bóndinn á svæðinu hafa smalamennskur verið viðráðanlegar.

Innviði þarf að bæta

Aðspurður um hvernig hann sjái byggðina þróast á næstu árum og áratugum, segir Guðjón að nauðsynlegt sé að bæta fjarskiptasamband á svæðinu. Fólk geti því flutt á svæðið sem geti unnið í fjarvinnu. Lagning ljósleiðara og þriggja fasa rafmagnsstrengs var komin á dagskrá fyrir skemmstu. Allt efnið var komið, en Guðjón segir að tveir landeigendur á svæðinu hafi ekki gefið heimild fyrir að plægja strenginn í gegnum sitt land. Guðjón er hins vegar með heimarafstöð og framleiðir þriggja fasa rafmagn fyrir heimilið.

Þrýstivatnspípa úr fiskeldiskvíum

Undanfarin ár hefur Guðjón unnið að því að stækka virkjunina hjá sér til að bæta raforkuöryggi í Hænuvík og húsunum þar í kring. Ein af ástæðunum fyrir því að hann lagði í þessa vinnu var sú að honum áskotnuðust þrjár aflagðar fiskeldiskvíar sem hann gat tekið í sundur og fengið kílómetra langt rör. Líklegt er að hann muni eiga umframorku en hann mun ekki geta selt þann straum ef lagning kapals fyrir þriggja fasa rafmagn út í Hænuvík klárast ekki.

Búið var lífrænt

Búið í Hænuvík var komið með lífræna vottun fyrir nokkrum árum. Búreksturinn hefur lengi vel verið svo gott sem lífrænn, þar sem áburðargjöf

hefur lengi verið í lágmarki og var alfarið hætt áður en lífræna vottunin gekk í gegn. Fyrir utan þrjár til fjórar vikur eftir rúning að vetri gengur sauðféð við opið haf sem skilar af sér heilbrigðum skepnum og lágmarks lyfjagjöf. Eftir að bann var sett við að hafa sauðfé á grindum í lífrænni ræktun, hafa þau í Hænuvík tapað sinni vottun þrátt fyrir að uppfylla öll önnur skilyrði.

„Það eina sem við fengum fyrir þessa viðleitni var úttektarkostnaður upp á 80-180 þúsund krónur á ári í hátt í tíu ár, en aldrei kom króna ofan á innlegg þrátt fyrir vottun," segir Guðjón.

Fólksfækkun viðvarandi

Guðjón hefur fylgst með byggðinni hverfa frá því hann var krakki. Þróunin hefur verið niður á við allan þann tíma, en fólksfækkunin hefur komið í nokkrum kippum á þessum áratugum.



Í Hænuvík búa Guðjón og María Ólafsdóttir með sauðfé og ferðaþjónustu.

Eitt stærsta áfallið var þegar skólinn í Örlygshöfn var lagður niður. „Allir úr okkar sveit fóru sem voru meðal vel gefnir og yfir. Þeir sem voru undir meðallaginu eru hér enn þá," segir Guðjón.

Hefur ekki áhyggjur af framtíðinni

Hjónin hafa ekki ákveðið hvað verður um búskapinn eftir þeirra dag. Guðjón segist ætla að sinna áfram þeim verkefnum sem hann hefur verið að vinna að, eins og viðhaldi og uppbyggingu á húsakosti og rafstöðinni. Þau eiga tvær dætur sem eru mikið með þeim og sér Guðný nær alfarið um ferðaþjónustuna. „Ef maður gerir hlutina þannig að fólkið sem er í kringum okkur hafi áhuga á að vera með manni þá hlýtur að koma að því að einhver leikur sér að því sem við höfum verið að gera – ekki endilega að elta rollur. Svo bara drepst ég einhverja nóttina og ég hef ekki áhyggjur af því," segir Guðjón.

Anna ekki eftirspurn

Guðný Ólafía Guðjónsdóttir segir að í handverksbúðinni á bænum selji þau bara handverk sem heimilisfólkið í Hænuvík framleiðir. Salan hefur aukist á hverju sumri og eiga þau erfitt með að anna eftirspurn.

Aðspurð hvað seljist mest, segir Guðný að það sé misjafnt milli sumra. Eitt sumarið selst mest af vettlingum á meðan annað sumarið eru sokkarnir vinsælastir. Að auki við prjónverk er mikið af munum úr renndu timbri eftir Guðjón. Hráefnið í það er mikið til rekaviður og annað timbur sem fellur til á bænum.

Neðri-Tunga

Sigurbjörg Ásgeirsdóttir og Rúnar Árnason búa á Neðri-Tungu í Örlygshöfn. Rúnar er fæddur og uppalinn á bænum, en Sigurbjörg hefur verið þar síðan 2011.

Upphaflega kom hún frá Fellsströnd í Dalasýslu en flutti vestur á firði árið 2007 til að gerast safnstjóri á Hnjóti. Hjónin eru með búskap í mjög smáum sniðum eftir að hafa skorið niður, eða örfáar kindur og tvær kvígur í geldneytaeldi. Annars sækja þau atvinnu á Patreksfjörð. Aðspurð um stöðu samfélagsins í hinum forna Rauðasandshreppi, þá segja þau að svo fátt fólk sé eftir að hinn félagslegi þáttur sem var áður sé ekki svipur hjá sjón. Heilsársbúseta sé ekki trygg, þó víða á bæjum dvelji fólk í skemmri tíma.

Brotthvarf skólans reiðarslag

Þegar skólinn var lagður niður í Örlygshöfn upp úr aldamótum flutti fjölskyldufólk úr hreppnum og bændur sáu ekki fram á að kynslóðaskipti yrðu á bæjum. Á árunum þar áður höfðu samgöngur verið mjög ótryggar og fólki hugnaðist ekki að keyra börnin yfir á Patreksfjörð í skóla.

Þau nefna að í hreppnum hafi búin almennt verið minni en í öðrum sveitum landsins og uppbyggingin sem var víða í landbúnaði upp úr 1970 hafi verið takmörkuð á þessum slóðum. Ástæðurnar fyrir því voru þær að fólk lifði á svo mörgu öðru, til að mynda grásleppuveiðum og annarri sjómennsku.



Neðri-Tunga í Örlygshöfn.

Bjart yfir ferðaþjónustu

Aðspurð um framtíðarhorfur hreppsins nefna þau að bjart sé yfir ferðaþjónustunni. Allir þeir ferðamenn sem koma á sunnanverða Vestfirði komi á helstu náttúruperlur svæðisins, sem séu Rauðisandur og Látrabjarg. Byggðasafnið á Hnjóti sé líka mikið aðdráttarafl. Þau segja svæðið geta boðið upp á mikla möguleika í útivist þar sem landslagið sé ekki bara fallegt, heldur auðvelt yfirferðar. Fjöllin séu aflíðandi og ekki mjög há. Þó svo að ferðaþjónustan standi vel, búast hjónin ekki við því að áframhald verði á heilsársbúsetu eftir 10-15 ár.

Laxeldi spillir aðdráttarafli

Með uppbyggingu laxeldisins á sunnanverðum Vestfjörðum segir Rúnar sér hafi aukist bjartsýni. Án þess segir hann að þorpið á ástæðurnar fyrir því flóknar, en í grunninn sé það vesen við lagningu strengjanna og andstaða landeigenda. Til stendur að leggja bundið slitlag út að Sauðlauksdal og á kafla um Látravík, en það hefur tafist rétt eins og rafmagn og net.

Sorp ekki flokkað

Sorpmálin hafa verið í deiglunni undanfarið, en íbúar svæðisins eru ósáttir við þjónustuna sem sveitarfélagið veitir í þeim efnum. „Það er ekki flokkunaraðstaða hérna í sveitinni. Þeir sem flokka þurfa að fara með sorpið yfir á Patró og flokka þar," segir Inga Hlín. Hægt er að skila af sér sorpi í gáma við Örlygshöfn, á Rauðasandi og í Skápadal þar sem allt sorp er sett saman. Oft kemur fyrir að gámarnir eru ekki tæmdir tímanlega og þá verður mikill sóðaskapur umhverfis þá.



Sigurbjörg Ásgeirsdóttir og Rúnar Árnason frá Neðri-Tungu.

Patreksfirði væri ekki svipur hjá sjón. Hins vegar sé stærðin á eldinu orðin svo gífurleg að hann sjái ekki fram á að það fari saman með þeirri ferðamennsku sem verið er að byggja upp. Helsta aðdráttarafl svæðisins sé náttúrufegurðin og hjónin skynja að ferðamönnum finnist fiskeldiskvíarnar ekki falla vel að umhverfinu.

Hnjótur

Á bænum Hnjóti innst í Örlygshöfn er rekið Minjasafn Egils Ólafssonar. Þrátt fyrir að vera fjarri þéttbýli er safnið staðsett í alfaraleið ferðamanna sem fara út á Látrabjarg.

Inga Hlín Valdimarsdóttir safnstjóri segir sumarið í ár hafa verið svipað þeim sem voru fyrir faraldurinn. Núna eru erlendir gestir í meirihluta og hlutfall Íslendinga minna. Þrátt fyrir heimsfaraldurinn fjölgaði gestum á minjasafninu þar sem margir Íslendingar gerðu sér ferð á Vestfirðina. „Ég held að fjöldi Íslendinga hafi fimmfaldast á milli ára á meðan erlendum ferðamönnum fækkaði mikið," segir Inga Hlín.

Á safninu eru varðveittir munir sem Egill Ólafsson, bóndi á Hnjóti, safnaði og tengjast sögu, menningu og náttúru sunnanverðra Vestfjarða. Inga Hlín segir að reglulega séu settar upp tímabundnar sýningar og svo sé reynt að vera með viðburði yfir sumartímann.

Flugvélar tilheyra öðru safni

Á hlaðinu framan við safnið eru nokkrar flugminjar, þar á meðal gömul flugvél af gerðinni Douglas C-117D sem grípur augað þegar ekið er framhjá. Inga Hlín segir algengan misskilning að þeir munir tilheyri Minjasafni Egils Ólafssonar. Raunin er sú að áðurnefndur Egill safnaði líka flugminjum og hélt þeim söfnum aðskildum.

Egill gaf sveitarfélögunum á svæðinu héraðsminjasafnið, á meðan flugmálayfirvöld fengu flugminjarnar til vörslu.

Beðið eftir innviðum

Aðspurð um hvað brenni helst á íbúum hins forna Rauðasandshrepp nefnir Inga Hlín fyrst ferðamál. „Þetta er sá partur í sveitarfélaginu [Vesturbyggð] sem ferðamenn sækja mest. Hér er Látrabjarg og Rauðisandur. Svo eru alltaf fleiri og fleiri að uppgötva Kollsvík og fleiri staði á þessu pínulitla svæði. Þetta er rosaleg náttúruparadís og mikil traffík þegar mest er á sumrin. Það vantar betri innviði, betri vegi og salernisaðstöðu."

Sumir innviðir hafa skánað undanfarin misseri. Nú er þó komið upp salerni í Kollsvík og á Bjargtöngum. Í september var farsímasambandið á svæðinu bætt til muna og í fyrsta skipti hægt að nota GSM síma á Hnjóti.

Ekki er búið að tengja svæðið við ljósleiðara og þriggja fasa rafmagn þó það standi til. Inga Hlín segir



Inga Hlín Valdimarsdóttir safnstjóri.

Hænuvík (sumarhús)

Óskar Jónasson, kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi hefur komið sér upp íverustað í gömlum útihúsum utarlega í Hænuvík.

Hann er ekki með fasta búsetu á staðnum, en dvelur þar oft langtímum saman ásamt Björgu Þórisdóttur, eiganda viðburðafyrirtækisins Boutique Iceland. Þar sem ferðalagið frá Reykjavík sé svo langt segir Óskar ekki taka því að koma fyrir eina helgi.

Óskar kom fyrst á svæðið fyrir rúmum tuttugu árum og hefur komið æ oftar til baka. „Ég fæ aldrei leiða á því að rápa hérna um heiðarnar og víkurnar og sé alltaf eitthvað nýtt. Maður hefði kannski ímyndað sér að maður teldi sig vera búinn að sjá allt og upplifa allt – það er öðru nær. Maður festir meiri rætur hérna og það er ekkert að því að fara aftur og aftur á sömu staðina."

Byrjaði fyrir tíu árum

Óskar kynntist hjónunum í Hænuvík á ferðum sínum vestur og nefndi við þau hugmynd sína um að gera upp útihúsin við ströndina í ágúst 2012. Þau tóku mjög vel í þá hugmynd og í kjölfarið var fyrsta vinnuferðin farin í lok október sama ár.

Hann segist vel geta hugsað sér að vera með fasta búsetu í Hænuvík, enda hafi þróunin hjá honum verið í þá átt undanfarin ár að hann dvelji alltaf lengur og lengur fyrir vestan. Eftir því sem börnin hans verða eldri hefur verið auðveldara fyrir hann að vera langdvölum fjarri höfuðborginni. Á árinu 2021 dvaldi Óskar 91 dag í Hænuvík og eyddu þau Björg m.a. jólunum og áramótunum þar. Óskar segist geta komist í netsamband til að vinna í fjarvinnu. Hann viðurkennir þó að það sé alls ekki eins



Óskar Jónasson og Björg Þórisdóttir.

gott og það geti verið og telur það jafnvel vera kost. Þar með gefst betra tækifæri til að einbeita sér að öðrum verkefnum, eins og að byggja upp húsnæðið.

Steinhlaðin bogabrú

Fyrir tveimur árum tóku Guðjón og Óskar sér fyrir hendur endurnýjun á gamalli göngubrú sem lá yfir ána sem rennur í gegnum Hænuvík. Fyrir var gömul timburbrú sem var farin að verða hættuleg yfirferðar. Þeir rifu hana og hlóðu bogabrú úr grjóti. Aðspurður um



Sumarhúsið í Hænuvík.

byggðarþróunina á svæðinu segist Óskar hafa heyrt í samtölum sínum við fólk að fólksfækkunin hafi verið hröð á undanförunum áratugum. „Manni finnst það í annan kantinn dapurlegt að fólk sé að fara – fólk sem langar ekki til að fara. Svo á hinn bóginn sér maður hvernig Gutti og Mæja pluma sig hér og hafa það mjög fínt. Ég er ekkert viss um að allt þetta fólk sem fór suður hafi endilega þurft að gera það. Mögulega er þetta spurning um útsjónarsemi eða að hafa auga fyrir nýjum tækifærum. Ég neita að trúa því að allir hafi viljað fara."

LÍF & STARF

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Fall er fararheill – fyrstu skrefin

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var bjórsaga smábrugghúsanna erlendis rakin stuttlega og nú er ætlunin að taka aðeins fyrir upphaf smábrugghúsamenningarinnar á Íslandi. Þessi grein er hluti af greinaflokki sem mun birtast hér í Bændablaðinu.

Bjórbann var við lýði á Íslandi til 1. mars árið 1989, eins og oft er rifjað upp. Sá dagur markar upphaf bjórsins eins og við þekkjum hann í dag, en bjórsaga Íslendinga er þó öllu lengri og má rekja aftur á landnámsöld. Hún hélst í hendur við innlenda kornrækt sem var umtalsverð á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Ýmsir samverkandi þættir kunna að hafa ráðið því að dró úr kornrækt, s.s. plágur og óáran sem olli mannfækkun og þar með breytingum á landbúnaðarháttum úr mannfrekari akuryrkju í húsdýrarækt sem ekki kallaði á jafn mörg handtök. Litla ísöldin, með lækkandi hitastigi urðu ræktunarskilyrði erfiðari. Þá kann vöxtur utanlandsverslunar að hafa haft sitt að segja, þar sem auðveldara hafi verið að flytja einfaldlega inn korn til ölgerðar eða jafnvel kaupa tilbúið áfengi: vín til kirkjulegra athafna, bjór og mjöð. Með tilkomu eimingarinnar og fjöldaframleiðslu brenndra drykkja véku bjórinn og mjöðurinn smátt og smátt af veisluborðum landsmanna, enda margfalt auðveldara að flytja og geyma brennivínið.

Endurreisnarskeiðið og bjórbannið

Tala má um tímabundið endurreisnarskeið bjórsins á Íslandi á seinni hluta nítjándu aldar og var hún að miklu leyti tengd tilkomu brauðgerðarhúsa. Erlendir bakarar bjuggu yfir færni til ölgerðar og raunar var hún nauðsynleg til að viðhalda gerinu fyrir baksturinn. Auk heimabruggaðs bakaraölsins buðu kaupmenn upp á danskan bjór, en dönsk brugghús voru framarlega í þeirri list að tappa bjór á flöskur og selja um öll heimsins höf. Breytt afstaða til áfengisneyslu olli líka tímabundnum vinsældum bjórsins, þar sem betri borgarar vildu frekar sötra Tuborg á mannamótum en drekka frá sér vit og rænu með dönsku ákavíti.


Við upphaf 20. aldarinnar var áfengisgerð á Íslandi bönnuð alfarið, þar með talið bruggun á áfengu öli. Bannið var að frumkvæði bindindishreyfingarinnar sem vildi með því koma í veg fyrir að í landinu yrði til áfengisiðnaður sem kynni að standa gegn lokamarkmiði Templarahreyfingarinnar um algjört áfengisbann. Slíkt var loks samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1908 en tók gildi í áföngum á næstu árum og að fullu frá 1. janúar 1915.

Þótt bannið lofaði góðu í fyrstu molnaði hratt undan því, s.s. þegar Spánarvínin svokölluðu voru leyfð með lögum árið 1922. Þar lét Alþingi undan þrýstingi Spánverja sem um þær mundir voru helsta viðskiptaþjóð okkar og keyptu saltfisk í stórum stíl. Þótt neysla á spænsku rauðvíni yrði aldrei mikil grófu Spánarvínin undan virðingu áfengisbannsins. Að auki var landabruggun útbreidd og tilraunir stjórnvalda til að uppræta hana fóru fyrir lítið. Gagnvart þeim staðreyndum var ráðist í nýja þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1933 og á grunni hennar var bann við öllu öðru áfengi en bjór numið úr gildi. Hefur sú ráðstöfun lengi vakið furðu útlendinga og er enn deilt um ástæður þessarar tilhögunar.

Bjór fyrir dáta

Þrátt fyrir bjórbannið voru enn starfræktar ölgerðir í landinu, en framleiðsla þeirra mátti ekki fara yfir 2,25% í vínandastyrk. Það hljóp á snærið hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar þegar Bretar hernámu landið vorið 1940 og gerðu fljótlega kröfu um bjór fyrir dátana sína. Lögum var breytt í skyndi og sama ár kom Polar-bjórinn á markað.

Um miðjan sjöunda áratuginn fengu áhafnir flugvéla í millilandaflugi heimild til að flytja inn bjór við komuna til landsins. Fyrirmyndin var óskráðar reglur sem gilt höfðu um sjómenn í millilandasiglingum sem fengu að gera slíkt hið sama. Auk þessa löglega bjórinnflutnings var alla tíð nokkuð um smygl á þessum forboðna vökva auk þess sem ólöglegur bjór streymdi frá herstöðinni á Miðnesheiði í stórum stíl.



Yfirlit yfir útsölustaði og úrval bjóra eins og það birtist í Morgunblaðinu þann 1. mars 1989. Mynd / timarit.is

Davíð keypti ölið

Það var svo loks í desember 1979 þegar Davíð Scheving Thorsteinsson var á heimleið frá Lúxemborg að hann ákvað að láta reyna á það sem hann taldi ósanngjarnt bann að öllum landsmönnum var veitt heimild til þess í ársbyrjun 1980 að koma með bjór með sér til landsins. Sem þýðir raunar að svarið við hinni aldagömlu spurningu um það hvar Davíð keypti ölið er auðsvarað: í Lúx.

Hvort mótmælaaðgerð Davíðs Scheving hafi verið þúfan sem velti hlassinu skal ósagt látið, en ljóst er að auknar ferðir Íslendinga til annarra landa urðu til að breyta viðhorfum þeirra til bjórsins. Um miðjan áttunda áratuginn höfðu skoðanakannanir sýnt lítinn áhuga landsmanna á bjór en sú staða breyttist jafnt og þétt á níunda áratugnum. Bjórvinir eignuðust meira að segja sinn einkennissöng þegar pönksveitin Fræbbblarnir sömdu smellinn Bjór!

Það var svo loks miðvikudaginn 1. mars 1989 sem bjórinn fór í almenna sölu og hafa landsmenn varla litið til baka síðan. Fyrsta daginn voru sjö tegundir í boði og er Egils Gull eini bjórinn sem enn lifir.

Fyrsti vísirinn að handverksbjóramenningu varð til árið 1995 þegar Amma Lú var opnað, en síðar var nafninu breytt í Hinn íslenska bjórkjallara. Þessi fyrirtæki voru í eigu Tomma, þá í Hard Rock, nú háttvirts 9. þingmanns Reykjavíkurkjördæmis norður. Þetta ævintýri varð skammlíft og var staðnum lokað nokkrum mánuðum eftir að hann breyttist í Bjórkjallarann, en munnlegar heimildir herma hins vegar að þarna hafi verið bruggað og afurðirnar seldar og telst staðurinn þannig vera fyrsta handverksbrugghúsið á Íslandi.

Ekki gerðist mikið í kjölfarið þar til að Kaldi kom til sögunnar, en betur verður komið að því í næstu grein. Kaldi hins vegar kom af stað ákveðinni hrinu sem verða gerð skil hér betur.

Fyrst ber að nefna Ölgerð Reykjavíkur, sem var stofnuð árið 2008. Var hugmyndin þarna að fylgja betur eftir ágætum árangri Kalda og var hinn kunni danski bruggmeistari Anders Kissmeyer ráðinn til að koma vörum fyrirtækisins af hugmyndastigi í flöskur. Kissmeyer hafði áður helst unnið sér það til frægðar að vera bruggari og gæðastjóri hjá Carlsberg verksmiðjunum til ársins 2001 en eftir það hafði hann komið að stofnun Nørrebro Bryghus veitingastaðnum sem er mörgum íslenskum bjóráhugamanninum vel kunnugur, en þar var hann yfirbruggmeistari lengi vel. Í anda þeirrar bjartsýni sem einkenndi þenslutíma góðærisins reiddu stjórnendur fyrirtækisins hátt til höggs, sögðust ætla að búa til besta lagerbjór í Evrópu og hugðu á mikla landvinninga.

Ölgerð Reykjavíkur náði þó aldrei að koma sér upp eigin bruggtækjum en tryggði sér bjórvörumerkin Gullfoss og Geysi. Gullfoss var bruggaður í Kaldaverksmiðjunni. Ekki er greinarhöfundum fyllilega ljóst hvort Geysi bjórinn komst einhvern tímann í framleiðslu en ljóst var að hugur eigendanna stóð til þess að framleiða þá bjóra. Má þó segja að fyrsta sígaunabrugghúsið á Íslandi hafi verið Ölgerð Reykjavíkur. Gullfoss var þó ekki of lengi á markaði en síðustu heimildirnar um bjórinn eru frá sumrinu 2011 en þá virðist Vínbúðin hafa tekið bjórinn úr sölu vegna lítils geymsluþols. Hvað svo sem olli því að bjórinn var tekinn úr umferð er ljóst að Gullfoss hvarf af markaði og segir ekki meir af þeim um sinn.

Sagan af Láru og El Grillo

Annar aðili sem seldi bjór undir eigin merkjum á þessum tíma var Kaffi Lára á Seyðisfirði sem bauð upp á El Grillo bjórinn eystra og í verslunum ÁTVR. El Grillo dettur enn stundum inn í Vínbúðina og á sá bjór sem seldur er undir því vörumerki í seinni tíð lítið skylt við upphafið. Sagan á bak við bjórinn var sú að Lára gamla vitjaði eiganda kaffihússins í draumi og færði honum uppskriftina að El Grillo bjórnum, í höfuðið á olíuskipi bandamanna sem sökkt var í firðinum 1944 og hvílir enn á hafsbotni. Ölgerðin Egill Skallagrímsson framleiddi hins vegar bjórinn og segir sagan að þar hafi verið um að ræða Egils Premium bjórinn í öðrum umbúðum. Ekki skal fullyrt um það hér en erfitt er að telja El Grillo til sígaunabrugghússbjóra, enda ekki seldur beinlínis í nafni eins brugghúss, líkt og var með Gullfoss.

Loks ber að segja frá brugghúsinu Miði í Stykkishólmi, sem bruggaði bjóra undir nafninu Jökull. Var Brugghúsið stofnað árið 2007 en hóf framleiðslu 2007. Brugghúsinu var lokað árið 2011 og loks selt í Borgarfjörðinn þar sem það starfaði til skamms tíma undir merkjum Steðja, líkt og síðar verður rakið. Jökull átti ýmsar útgáfur og af þessum fjórum brugghúsum sem fjallað hefur verið um hér, að Björkjallaranum meðtöldum, er það brugghúsið sem náði mestum árangri og mestri útbreiðslu. Jökulsbjórinn og Skriðjökull fóru þar fremstir í flokki en einnig var bruggaður þorra- og páskabjór.

Þegar þessi saga er lesin má sjá að upphaf handverksmenningarinnar gekk ekki stóráfallalaust fyrir sig, en þó má segja að þarna hafi bæði Kaldi sem og Ölvisholt verið komin til sögunnar, en það er umfjöllunarefni næstu greinar, í næsta tölublaði Bændablaðsins.

Höskuldur Sæmundsson og Stefán Pálsson.

GÓLF Í GRIPAHÚS

SWAANS BETON

SIB ŁOWICZ

BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager

Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni.

Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla.

Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna öxulþunga.

Við bjóðum einnig sérsniðin velferðagólf fyrir steinbita.



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

bondi@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

SAGA VÉLAR



Sólskríkjan var smíðuð í Reykholti og átti langan feril við skólaakstur við Mývatn og hálendisferðir. Mynd / ÁL

Rúta framleidd á Íslandi

Sólskríkjan er hópferðabíll smíðaður í Reykholti veturinn 1976-77. Hún var lengi í notkun hjá Jóni Árna Sigfússyni við skólaakstur við Mývatn, hálendisferðir o.fl. Fyrir nokkrum misserum var hún flutt aftur á sínar upprunaslóðir Borgarfirði með þeirri von að varðveita hana og koma í nothæft ástand.

Þórður Stefánsson, bifvélavirki á Arnheiðarstöðum í Hálsasveit, kom að smíði rútunnar á sínum tíma. Hann var starfsmaður hjá Guðmundi Kjerúlf sem rak bílasmiðju í Litla-Hvammi í Reykholti á árum áður, þaðan sem Sólskríkjan kom. Þórður segir að framleiddir hafi verið nálægt þremur bílum á hverjum vetri og komu þaðan margar rútur sem þjónuðu um allt land.

Aðspurður segir Þórður að mikilvægasta verkefnið til að koma rútunni í lag sé að skipta um mótorinn, og er hann búinn að verða sér úti um nýjan. Einnig þyrfti að skipta um allar rúður og tjasla upp á boddýið.

Skólaakstur og hálendisferðir

Jón Árni Sigfússon, bifreiðastjóri frá Víkurnesi við Mývatn, byrjaði sinn akstursferil á vörubíl árið 1949 og fór að starfa við skólaakstur upp úr 1960. Um miðjan áttunda áratuginn þurfti hann að stækka við sig og lét því smíða fyrir sig Sólskríkjuna sem hann fékk afhenda vorið 1977. Hún er 35 sæta langferðabíll með drifi á öllum hjólum. Grindin, vélin, hásingarnar og drifrásin í Sólskríkjunni kom mestmegnis úr Mercedes-Benz vörubíl árgerð 1968 sem Jón Árni keypti á Akureyri. Til að lengja grindina var hún sameinuð grind úr rútu af gerðinni Reo Studebaker sem Jón Árni átti fyrir. Húsið var gert eftir teikningu Guðna Sigurjónssonar og sniðið niður og sett saman með höndum á verkstæðinu í Reykholti.

Var við kvikmyndatökur

Þegar Jón Árni var ekki við skólaakstur var Sólskríkjan nýtt í hálendisferðir og ferðir með hópa um allt land. Einu sinni var honum falið það verkefni að fylgja starfsfólki við upptökur á kvikmyndinni Running blind, eða Út í óvissuna, sem kom út árið 1979. Þar ferjaði hann starfsfólkið og leikarana á milli tökustaða, sem voru m.a. í Ásbyrgi, Herðubreiðarlindum og fleiri stöðum á hálendinu.

Aðalpersónurnar í myndinni áttu að ferðast um landið í löngum Land Rover jeppa. Eitt sinn þegar hópurinn var í Landmannalaugum átti að taka upp atriði þar sem bíllinn æki yfir á í Jökulgili. Yfirmennirnir fóru fram á að bíllinn færi yfir vatnsmikinn stað í ánni, þvert á ráðleggingar Jóns Árna. Hann gat ekki snúið þeim frá þessu staðarvali, en fékk til öryggis að festa dráttartóg í bílinn og koma öðrum endanum fyrir á þakinu.

Þegar leikararnir voru búnir að keyra jeppann út í miðja á byrjaði vatnið að flæða yfir húddið og komust þau ekki lengra. Jón Árni sótti Sólskríkjuna, sem var niðri í Landmannalaugum, og keyrði upp að Land Rovernum. Þar gat hann teygt sig eftir eftir tóginu og stillt rútunni upp þannig að hann gæti dregið jeppann upp á bakkann hinum megin. Þar var hann skilinn eftir þangað til áin varð vatnsminni morguninn eftir.

Allir nema yfirmaðurinn hrifnir

Þegar Jón Árni ók Sólskríkjunni til baka átti hann fullt í fangi með að festa hana ekki þar sem vatnið var farið að flæða upp að gólfi rútunnar. Hann þorði ekki að kúpla í sundur þar sem þá hefði getað komið vatn í kúplinguna. Með því að slá létt í kúplingsfetilinn náði hann að mjaka rútunni löturhægt áfram og komst á þurrt.

Þar var honum fagnað af öllum fyrir dirfsku. Sá eini sem kom ekki til að taka í höndina á honum var yfirmaðurinn sem hafði ákveðið að senda jeppann út í ána á þessum stað.

/ÁL



Mynd sem birtist í Vísi 19. janúar 1980 og sýnir atvikið þegar Jón Árni þurfti að bjarga Land Rover jeppa upp úr á við Jökulgil. Mynd / Timarit.is

velaval.is alltaf opin!
INTERCLAMP
Vörurnar frá Interclamp eru nú allar fáanlegar í vefverslun!
Sendum um land allt!

VÉLAVAL
Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17 | Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

MARÁS
Léttar og meðfærilegar brunadælur frá Tohatsu

V20FS
46kg
525 L/min (6 Bar)
Bensín 1cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð
VE1500
107kg
2050 L/min (6 Bar)
Bensín 2cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð
Hægt að raðtengja..
..1 Km hver dæla
TOHATSU

Marás ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 555 6444 - www.maras.is
Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta.
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað.

Líffræn hreinsistöð

• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar
WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

UTAN ÚR HEIMI



Talsmenn alifuglaframleiðenda á Bretlandseyjum hafa varað við að skortur gæti orðið á kalkúnakjöti og að verð á því hækki fyrir næstu jól.
Mynd / chroniclelive.co.uk/

Fuglaflensa:

Skylda að hafa alifugla innandyra

Frá og með 7. nóvember næstkomandi er öllum alifuglabúum á Englandi skylt að hafa alla fugla innan dyra þar til annað verður tilkynnt. Ástæða þess er að útbreiðsla fuglaflensu hefur aldrei verið meiri á Bretlandseyjum.

Í nýliðnum október greindust yfir 200 tilfelli af fuglaflensu, á alifuglabúum og í villtum fuglum, á Bretlandseyjum, sem er mestur fjöldi tilfella sem greinst hefur í einum mánuði til þessa. Vegna hraðrar útbreiðslu flensunnar hafa yfirvöld ákveðið að fyrirskipa öllum fuglahöldurum, bæði alifugla og fugla sem gæludýr, að halda þeim innandyra.

Tryggja þarf velferð dýranna innandyra

Yfirdýralæknir á Bretlandseyjum hvetur forstöðumenn alifuglabúa til að gera ráðstafanir til að tryggja velferð dýranna innandyra og að hafa samband við dýralækna komi upp einhver vandamál í tengslum við nýju reglurnar.

Þrátt fyrir að fuglaflensa sé mjög smitandi meðal fugla hafa yfirvöld gefið út að hún sé ekki hættuleg mönnum. Starfsmaður kjúklingabús á Spáni greindist með fuglaflensu í lok september. Þar með hefur hún tvisvar greinst í mönnum í Evrópu, en fyrra skiptið var á Bretlandi í desember 2021. Auk þess sem flensan hefur greinst í starfsmönnum fuglabúa í Asíu. Í öllum tilfellum hafa hinir smituðu fengið veiruna við meðhöndlun á sýktum fuglum.

Í yfirlýsingu yfirdýralæknis á Bretlandseyjum segir að útbreiðsla flensunnar í landinu hafi aldrei verið meiri en núna og að vænlegasta leiðin til að ráða niðurlögum hennar sé með því að aðgreina alifugla sem mest frá villtum fuglum og að halda alifugla í sem mest aðgreindum hópum til að koma í veg fyrir smit breiðst út komi það upp.

Líklegt að verð á alifuglakjöti hækki

Talsmenn alifuglaframleiðenda á Bretlandseyjum hafa í kjölfar nýju reglnanna varað við að þær geti leitt til skorts á kalkúnakjöti og hækki verð um næstu jól enda hefur nú þegar þurft að farga yfir þremur milljónum kalkúna vegna flensunnar undanfarnar vikur. */VH*



Löngu er orðið tímabært að endurskoða lög um ræktun lyfjahamps hér á landi. Mynd / thenevadaindependent.com

Ræktun og neysla lyfjahamps:

Löglegt í 19 ríkjum BNA og í Kanada

Neysla á kannabis er lögleg í 19 ríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku og sé hún samkvæmt læknisráði í 37 ríkjum.

Í mörgum ríkja BNA þar sem kannabis er enn þá ólöglegt hefur neysla þess verið afglæpavædd. Neysla kannabis er lögleg í Kanada. Stjórnvöld í Þýskalandi hafa tilkynnt að lögleiða eigi kannabis í landinu og löngu orðið tímabært að endurskoða lög um það hér á landi.

Flestir sem láta sig slíkt varða telja löngu tímabært að gefa neyslu á kannabis frjálsa og reynslan þar sem slíkt hefur verið gert yfirleitt góð. Síðasta stóra skrefið í þessu máli er að Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, hefur lýst yfir vilja sínum til að lögleiða notkun kannabis í öllum ríkjum Norður-Ameríku.

Þýsk stjórnvöld tilkynntu fyrir stuttu að áætlun lægi fyrir um lögleiðingu kannabis í landinu. Heilbrigðisráðherra Þýskalands hefur afhenti ríkisstjórn landsins minnisblað sem byggt er á kosningaloforði ríkisstjórnar jafnaðarmanna, græningja og frjálslyndra demókrata sem myndi leyfa fullorðnum einstaklingum að eiga í fórum sínum 20 til 30 grömm til einkaneyslu.

Neysla á kannabis

Samkvæmt flokkun grasafræðinnar er Cannabis sativa ein tegund sem skiptist í tvær undirtegundir, C. sativa og C. indica, eftir að plantan þróaðist við ræktun í mismunandi áttir frá upprunalegum heimkynnum sínum í Mið-Asíu og við Himalajafjöll. Undirtegundin C. sativa þróaðist í norður frá fjöllunum til textílgerðar en C. indica í suður sem vímugjafi.

Talið er að hermenn Napóleons hafi flutt þann sið, að reykja plöntuna, með sér til Evrópu eftir stríð þeirra í Egyptalandi þar sem slíkar reykingar voru vel þekktar.

Vinsældir laufsins jukust og neysla á því breiddist út eins og eldur í sinu.

Í Bandaríkjunum varð kannabis snemma vinsælt meðal svartra tónlistarmanna en litið hornauga af hvítum valdamönnum sem kölluðu það meðal annars illgresi andskotans. Kannabis var bannað þar árið 1937. Viðhorf til kannabis í Bandaríkjunum hafa breyst mikið undanfarin ár og í dag er neysla þess leyfð eða litið fram hjá hanni í flestum ríkjum. Árið1974 var á Alþingi ákveðið að flokka kannabisefni sem ávana- og fíkniefni og varð kannabis-plantan þar með ólögleg hér á landi.

Iðnaðarhampur leyfður

Árið 2020 veitti þáverandi heilbrigðisráðherra undanþágu til að hægt væri að rækta iðnaðarhamp hér á landi. Heimildin er háð skilyrðum og takmörkunum svo tryggt sé að ekki verði fluttar inn eða ræktaðar plöntur sem innihalda THC í nýtanlegu magni, eða að hámarki 0,2%, sem er í samræmi við reglur ESB. Ræktun iðnaðarhamps hefur gengið ágætlega hér á landi síðan þá og í dag eru á boðstólum ýmsar afurðir sem unnar eru úr honum.

> „... Vinsældir laufsins jukust og neysla á því breiddist út eins og eldur í sinu ...“

Ræktun lyfjahamps

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram á síðasta ári þingsályktunartillögu um að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra í samráði við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að útbúa frumvarp sem heimilar garðyrkjufyrirtækjum að sækja um leyfi fyrir ræktun lyfjahamps til kannabisræktunar og til framleiðslu og dreifingu á kannabislyfjum í lækningaskyni.

Ásmundur sagði í samtali við blaðamann Bændablaðsins fyrir skömmu að hann mundi leggja tillöguna fram aftur fljótlega ásamt nýjum upplýsingum sem tengdust henni.

Gaddavírinn er dýr

Tillaga Ásmundar er löngu tímabær enda fullkomlega eðlilegt að kannabis með THC innihaldi sem getur linað sársauka og nýst í hjúkrunarskyni verði leyfilegt hér. Það sem helst skyggir á tillöguna er að einstaklingum sem það kjósa verði ekki gefið frjálst að rækta plöntuna og nýta afurðir hennar að vild.

Reynslan í Danmörku, þar sem neysla á lyfjahampi er leyfileg samkvæmt læknisráði, hefur sýnt að lyfjahampur sem ræktaður er bak við gaddavír er of dýr fyrir marga sjúklinga. Margir þeirra hafa því snúið sér aftur að götudílerunum sem selja á betra verði, eða jafnvel farið að pukrast með að rækta plöntuna sjálfir í felum og því glæpamenn. */VH*



LÍF & STARF

Hrein íslensk hráefni sjálfbærra auðlinda

– Styrkþegi Matvælasjóðs stefnir á útrás



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Nýverið úhlutaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra tæpum 585 milljónum króna í formi styrkja Matvælasjóðs. Lýsti hún, við það tilefni, yfir ánægju sinni vegna jafns kynjahlutfalls þeirra er sóttu um, auk þess hve aðdáunarverður væri sá sköpunarkraftur og sú áræðni er umsækjendur byggju yfir.

Styrkir sjóðurinn almenna þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum auk stuðnings við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum.

Heilsuvörur sem seljast vel

Fyrirtækið Eylíf er eitt þeirra er hlutu styrk Matvælasjóðs nú í ár, en heilsuvörur þess, sem komu á markað í janúar 2020, innihalda hrein íslensk hráefni sjálfbærra auðlinda. Þar má telja kalk og smáþörunga, GeoSilica kísil, kítósan, sem eru náttúrulegar trefjar unnar úr skelfiski, og íslenskar jurtir svo eitthvað sé nefnt, en vörurnar eiga að hafa góð áhrif á bein, hár og húð auk þess sem þær eiga að bæta almenna virkni og líðan liða, meltingar og lifrar.

Stofnandinn, Ólöf Rún Tryggvadóttir, tekur fram að samstarfsaðilar hennar á Grenivík, sérfræðingarnir hjá Pharmarctica, séu algerlega ómetanleg. Þau taka þátt í þróuninni með sérfræðingum frá Matís, gera formúleringar og prufulotur auk þess að standa í framleiðslunni sem er algerlega í þeirra höndum.

„Framleiðslan hjá þeim er undir GMP gæðastaðli sem mér finnst mjög mikilvægt fyrir vörurnar. Þórunn I. Lúthersdóttir er í fararbroddi í þróun og samsetningum á Eylíf vörunum hjá þeim," segir Ólöf brosandi.



Kynningarfundurinn til London, á myndinni eru, auk Ólafar sem stendur fyrir miðju, Þór Sigfús og Alexandra Leeper frá Sjávarklasanum, Hrönn Magnúsdóttir frá Feel Iceland og Guðmundur Fertram frá Kerecis.

Hún segir sölu heilsuvaranna hafa gengið vonum framar frá upphafi. „Fyrsta árið seldum við lagerinn upp, trekk í trekk, byrjuðum í janúar 2020 og tókum stórt stökk á íslenska markaðinn. Vöxturinn var mikill á milli fyrstu tveggja áranna, eða 100%, en núna er salan orðin stöðug og við sjáum kannski fram á 10-15% vöxt nú í ár, sem er eðlilegra."

Segir Ólöf styrk Matvælsjóðs, alls 10 milljónir króna, koma sér vel, en alveg frá upphafi var áætlað að koma vörum Eylífar á markað erlendis.

Jákvætt sé hversu góðar viðtökur íslenska markaðarins hafa verið, en með aukinni þróunarvinnu ættu nú allir agnúar að vera af sem kunna að hafa verið á vörunum síðastliðin tvö ár og því tímabært að halda utan.

Stefnan tekin utan landsteinanna

Stefnan er tekin, fyrst um sinn, á breskan og þýskan markað, en þannig hittist á, til viðbótar við styrk Matvælasjóðs, að Ólöfu var boðið á viðburð bresk-íslenska viðskiptaráðsins sem var haldinn í íslenska sendiráðinu í London í byrjun októbermánaðar.

Eylíf er eitt átta íslenskra sprotafyrirtækja sem boðið var að sækja viðburðinn, þar sem fræðst var um breskan markað, forsvarsmenn þarlendra verslanakeðja kynntu fyrirtæki sín auk almennrar tengslamyndunar. Að auki hefur Ólöf komist í samband við þýskan viðskiptafulltrúa í íslenska sendiráðinu í Berlín, sem hefur aðstoðað marga við að tengjast fyrirtækjum í Þýskalandi.

Eins og staðan er núna hefur stefnan verið sett á að hittast snemma næsta árs en þá verður haldinn slíkur viðburður tengingar og munu líklega fleiri íslensk fyrirtæki mæta á staðinn. Til viðbótar komust vörur Eylífs á vef- og sölusíðuna Amazon.com fyrir skemmstu og mun sala á varningnum vera í boði á næstu mánuðum.

„Þetta var svo frábær tímasetning og allt á sama tíma," segir Ólöf sem hefur, eins og staðan er núna, skráð vörumerki sitt í 30 löndum. Umbúðamerkingarnar eru allar á ensku enda stefnir hún á frekari útflutning síðar, bæði til fleiri landa í Evrópu og svo til Bandaríkjanna – en það að vera með vörumerkið skráð auðveldar ferlið fyrir þá sem vilja selja vörur Eylífar í sínu landi. Ólöf sér fyrir sér að ef dreifingaraðilar erlendis kjósi að hafa merkingarnar á sínu eigin tungumáli muni þeir sjá um það auk markaðssetningar enda álagningin næg til þess.

Verkefnum úthýst til að auðvelda vinnslu

Að sögn hefur Ólöf úthýst öllum verkefnum sem hún getur ekki gert sjálf frá upphafi, en starfað ein að verkefninu þar til nú í ágúst sl. þegar ráðinn var inn sölufulltrúi til að sjá um íslenska markaðinn. „Sérfræðingar hjá Matís eru mér innan handar varðandi þróunina, í samstarfi við Pharmarctica, auk þess að kaupa öll hráefni tilbúin af íslenskum framleiðendum. Með því að einfalda þannig ferlið og viðskiptamódelið og til að halda kostnaði í lágmarki, þá úthýsi ég semsagt öllum sérfræðiverkefnum á borð við vöruþróun, framleiðslu, dreifingu, greinaskrifum, hönnun, markaðssetningu á netinu og fleira. Þannig hefur litla sprotafyrirtækið sem á Eylíf verið rekið með hagnaði frá byrjun. Það finnst mér alveg einstakt og frábært," segir Ólöf, ánægð með framgang mála. „Þegar salan hefst svo erlendis," bætir hún við, „mun ég þurfa að ráða starfsfólk í viðskiptaþróun á erlendum mörkuðum með það fyrir augum að auðvelda bæði ferlið og kynningu út fyrir landsteinana og gera mér þannig hlutina sem auðveldasta.

Með hægum skrefum er best að stefna á sölu erlendis, lýkur hún máli sínu, því þetta eru stórir markaðir og mjög dýrt að skala sig upp, sérstaklega með tilliti til þess að ég stefni á að vera áfram eini eigandinn.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Sleipnisbikarinn var afhentur Háskólanum á Hólum til varðveislu við hátíðlega athöfn 28. október síðastliðinn. Mynd / BÍ

Sleipnisbikarinn kominn á Hóla

Bændasamtök Íslands afhentu Háskólanum á Hólum Sleipnisbikarinn til varðveislu.

Verðlaunagripurinn er æðsta viðurkenning sem veitt er í hrossarækt og hlýtur sá stóðhestur sem efstur stendur í heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi á landsmóti. Fyrstur til að hljóta verðlaunin var Skuggi frá Bjarnanesi á landbúnaðarsýningunni 1947. Í sumar var Sjóður frá Kirkjubæ verðlaunaður og var það í 26. skipti sem farandgripnum var úthlutað.

Bændasamtökin verða áfram eigendur gripsins en Háskólanum á Hólum verður falið að vernda bikarinn og hafa sýnilegan milli landsmóta. Hann verður varðveittur í sýningarsal Sögusetur íslenska hestsins á Hólum. Við afhendingu gripsins og undirskrift samnings um varðveislu hans var haldin athöfn á Hólum. Hólmfríður Sveinsdóttir rektor og Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, fluttu ávörp í tilefni þess.

Þó svo að fyrsta afhending Sleipnisbikarsins hafi verið árið 1947 á Íslandi má rekja sögu hans aftur til 19. aldar. Á honum kemur fram að hann hafi verið smíðaður í London á valdatíma Viktoríu drottningar og fyrst veittur sem verðlaunagripur í kappreiðum árið 1857. Íslenskur útgerðarmaður keypti hann á uppboði í London á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og keyptu íslenska ríkið og Búnaðarfélag Íslands bikarinn af honum.

Verðmæti bikarsins er mikið, en hann er sérlega vandað handverk og búinn til úr fjórum kílóum af hreinu silfri. /ÁL

Sauðfjárbóndi gefur út spil:

Samstæðuspil með eyrnamörkum

Herdís Hulda Guðveigardóttir, sauðfjárbóndi á bænum Keldunúpi rétt austan við Kirkjubæjarklaustur, hefur sett á markað nýtt samstæðuspil með mörkum íslensku sauðkindarinnar.

„Þetta er fyrst og fremst hugsað til gamans en einnig til að hjálpa ungviðinu að læra að þekkja mörkin, bæði í sjón og með heiti," segir Herdís. Maður að nafni Helgi Hólm aðstoðaði Herdísi að setja mörkin upp í spilastokk og prenta þau út.



En af hverju eyrnamörk íslensku sauðkindarinnar?

„Það er bara eitthvað svo flott við þau, þótt maður finni alltaf smá til með þessum greyjum á vorin þegar maður er að marka þau, þá er þetta alltaf svo virðulegt. En svo held ég að þetta sé góð leið til að læra eyrnamörkin og þá sérstaklega fyrir yngri hópinn, hægt er að rifja þau upp allan ársins hring. Ég var hálfgerður klaufi við þetta fyrst og er öll að koma til eftir að hafa verið að stússast í þessu," segir Herdís.

Viðbrögðin hafa komið Herdísi á óvart. „Ég hef verið að gefa vinum og vandamönnum þessi spil, svo fóru fyrirtæki á svæðinu að hafa áhuga á að selja þau fyrir mig, t.d. Vatnajökulsþjóðgarður og Random á Klaustri. Spilin eru ekkert komin í búðir nema þá hérna á Klaustri og svo er alltaf hægt að kaupa beint af mér," segir Herdís, sem telur spilin að sjálfsögðu jólagjöfina í ár. */MHH*



Guðbjörg og Kristín Þorsteinadætur, dætur hvort síns Þorsteinsins, að sauma slátur. Mynd / Pétur Þorsteinsson

Haustmatur:

Sláturgerð með gamla laginu

Listin að gera slátur með gamla laginu er ekki á allra færi en eins og þeir sem taka slátur vita er um mikla búbót og góðan og hollan mat að ræða.

Slátur er haustmatur sem gerður er úr innmat og blóði sauðfjár. Bæði blóðmör og lifrarpylsa eru gerð þannig að vambir eru skornar niður og saumaðir úr þeim keppir sem síðan eru fylltir með blöndu af niðurskornum mör, mjöli, rúg og höfrum, og ýmist blóði eða hakkaðri lifur og oft einnig nýrum.

Slátur er járn- og A-vítamínríkur matur sem er nauðsynleg viðbót nú til dags vegna mikillar neyslu á pasta og hvítu kjöti sem inniheldur ekkert járn. Slátur er því allt í senn hollur, góður og ódýr matur. */VH*

Ljóð og lausavísur:

Ekkert hálfkák og sút

Hermann Jóhannesson hagyrðingur hélt upp á áttræðisafmæli sitt fyrir skömmu með því að senda frá sér bók með kvæðum sínum og lausavísum.

Í bókinni, sem heitir Ekkert hálfkák og sút, er að finna vel á annað hundrað vísur og nokkur kvæði.

Í kynningu um bókina segir að þegar margir héldu að hin forna list lausavísunnar hefði lotið í lægra haldi fyrir nútímanum, varð undur og hún gekk í endurnýjun lífdaga, öllum að óvörum.

Þar segir að kannski hafi það verið miðlunartækni nútímans, internetið, sem blés lífi í hefðbundna vísnagerð. Daglega fljúga lausavísur, ferskeytlur og limrur manna á milli á netinu.



Höfundurinn er fæddur að Kleifum í Gilsfirði árið 1942 og fagnar því áttatíu ára afmæli á árinu. Hermann var lengi þingfréttaritari og í bókinni er að finna ýmsar vísur um ráðherra og alþingismenn.

Bókin er tekin saman af Ragnari Inga Aðalsteinssyni auk þess sem hann annaðist útgáfuna og ritaði inngang og skýringar.

Bókaútgáfan Sæmundur sá um útgáfuna. */VH*

MINNINGAR ÞÍNAR
MUNU GLATAST!
SPÓLUR ERU AÐ NÁLGAST ÞAÐ SÍÐASTA



VIÐ YFIRFÆRUM
EFNIÐ Á STAFRÆNT FORM
• Á DVD DISKA
• MINNISLYKLA
• STÆRRI MINNISDRIF
FULLKOMINN TÆKJABÚNAÐUR

MYNDFORM
Trönuhraun 1, 220 Hafnarfirði. Sími 534 0400
myndform@myndform.is



Líftæknt hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar
HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

KONUR ERU LÍKA Í SJÁVARÚTVEGI
Sjávarútvegsráðstefnan 2022
Hörpu 10.–11. nóvember
Markmið ráðstefnunnar er að vinna að framförum og sókn í sjávarútvegi, þar hittist fólk, styrkir sambönd og samstarf.
Sjávarútvegsráðstefnan 2022 er tileinkuð konum.

FIMMTUDAGUR 10. NÓVEMBER
10.00 Íslenskur sjávarútvegur – Silfurberg
12.00 Veitingar í Flóa, 1. hæð
13.00 Samkeppnishæfni íslenskra fiskframleiðanda – Silfurberg A
Sjálfbærni – Silfurberg B
Hver er munurinn á íslenskum og norskum makríl – Kaldalón
14:45 Veitingar í Flóa, 1. hæð
15:15 Staðan, nýjungar og framtíðarhorfur í fiskvinnslu – Silfurberg A
Kynningar þjónustuaðila sjávarútvegs (kostaðar kynningar) – Silfurberg B
Loðnan er brellin – Kaldalón
17:00 Móttaka í boði Iceland Seafood International

FÖSTUDAGUR 11. NÓVEMBER
09.00 Þorskur og þjóðarbúið – Silfurberg A
Líftækni og nýsköpun – Silfurberg B
Vísindaleg samvinna sjávarútvegsins, sjómanna og Hafrannsóknastofnunar – Kaldalón
10.40 Veitingar í Flóa, 1. hæð
11.10 Hvað skiptir máli í sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum? – Silfurberg A
Nýsköpun og fjárfestingar – Silfurberg B
Öryggismál sjómanna og fiskvinnslufólks – Kaldalón
12.50 Veitingar í Flóa, 1. hæð
13.20 Menntun í sjávarútvegi – Silfurberg A
Munu loftslagsbreytingar umbylta sjávarútvegi? – Silfurberg B
Nýting dýrasvifs og miðsjávartegunda – Kaldalón
15.00 Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. – Silfurberg B

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN
EIMSKIP ISLAND SEAFOOD BRIM Íslandsbanki TM iTUB Hvíta Húsið HAMPIÐJAN
Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2022
Skráning á www. sjavarutvegsradstefnan.is

SAGA MATAR & DRYKKJA



Eplauppskera í Normandí snemma á síðustu öld. Mynd / Société historique de Lisieux.

Epla- og perubrandí



Normandí asni. Mynd / bespokeunit.com

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Brandí og aðrir eimaðir ávaxtadrykkir eru sterk vín sem gert er úr vínþrúgum eða ávöxtum eftir að það hefur verið eimað. Mest af brandí er þroskað á eikartunnum áður en því er tappað á flöskur. Brandí er að jafnaði 35 til 60% alkóhól. Það er yfirleitt raflitt eða brúnt.

Kalvados er aðallega búið til úr eplum en einnig öðrum ávöxtum eins og til dæmis perum, kirsuberjum eða plómum. Brandí sem kallast eau-de vie er nánast tært ávaxtabrandí sem hefur verið gerjað og tvíeimað.

Heitið eau-de-vie er, eins og heitið ákavíti, komið út latínu, Aqua Vitae, og þýðir vatn lífsins. Hörðustu aðdáendur ávaxtabrandís vilja kallaða það eau-de-vie de fruit til aðgreiningar frá annars konar brandíi.

Ólíkar gerðir af kalvados

Uppruni kalvados er í Normandí-hreppi í Frakklandi og er það aðallega unnið úr eplasíder en einnig perusíder eða perrý. Líkt og með koníak og kampavín er heitið kalvados bundið við ákveðin epla- og peruyrki, héruð og sérstaka vinnsluaðferð sem var ákveðin árið 1942. Svæðið þar sem ræktuð eru epli til kalvadosframleiðslu er um 7.500 hektarar.

Drykkurinn er flokkaður í fjórar megingerðir og meðal annars eftir jarðvegsgerð ræktunarinnar, AOC Calvados, Pays d'Auge, Domfrontais og Fermier Calvados. Tvær fyrri gerðirnar og Fermier Calvados eiga að gerjast í eikartunnum í tvö ár en Domfrontais í að minnsta kosti þrjú.

Ríflega 70% af allri kalvados-framleiðslu flokkast sem AOC Calvados og er henni dreift víða um eplaræktunarsvæðið. Pays d'Auge er kalvados sem er kennt við svæðið í kringum þorp í norðurhluta Normandí sem kallast Lisieux. Framleiðsla þess er háð sömu lögmálum og AOC Calvados auk nokkurra sérreglna.

Við framleiðslu á Domfrontais eru aðallega notaðar bragðmiklar perur sem ræktaðar eru í jarðvegi sem er ríkur af graníti. Eplainnhald Domfrontais kalvados má ekki fara yfir 30%. Fermier Calvados er samheiti yfir „heimaeimað" kalvados og kennt við þau býli sem það kemur frá.

Framleiðendum kalvados er í sjálfsvald sett hvort þeir blanda saman lögunum úr ólíkum eplayrkjum og af mismunandi árgöngum en einnig er hægt að fá það sem kallast millésime sem er einyrkis kalvados.

Saga kalvados

Heimildir eru um eplalundi í Normandí sem nýttir voru til framleiðslu á síder allt frá tíma Karlamagnúsar Frakkakonungs á áttund öld, en fyrstu heimildir um að síder hafi verið eimaður þar í landi eru frá Normandí árið 1533. Þessi fyrsta sídereiming er kennd við Gilles Picot, lávarð af Gouberville, sem skráði lýsingu á aðferðinni eftir að hann fékk sendingu af nýju eplayrki frá Baskabyggðum í Suður-Frakklandi.

Orðsifjar heitisins kalvados eru ekki á hreinu og ekki allir sammála um uppruna þess. Í Normandí er sagt að heitið sé afbökun á San Salvador sem var heiti á spænsku skipi sem strandaði þar árið 1588. Aðrir segja það dregið að latínuorðunum calva, sköllóttur, og dossum sem þýðir til baka án þess að það sé nánar skýrt.

Þrátt fyrir að síder frá Normandí hafi verið hátt skrifað var litið á kalvados sem drykk fátækra og leiguliða af bændastétt og það var ekki fyrr en á seinni hluta nítjándu aldar að farið var líta á það sem sérstaka útgáfu af brandí.

Frönsku nítjándualdar rithöfundarnir Gustave Flaubert, Emile Zola og Guy de Maupasant skrifuðu allir um kalvados í skáldsögum sínum. Ernest Hemingway jók mjög við vinsældir kokteilsins Jack Rose eftir að hann lét sögumanninn Jake Barnes panta sér slíka á hóteli í París í bókinni The Sun Also Rises. Kalvados var mikill uppáhaldsdrykkur rithöfundarins Johns Steinbeck.

Seint á 19. öld barst til Evrópu frá Norður-Ameríku smáfluga sem kallast Phylloxera og lifir á rótum vínviðar. Talið er að flugan hafi borist til Evrópu með norður-amerískum vínviði, V. labrusca, þegar gerðar voru tilraunir með að rækta hann í Frakklandi.

Plöntur í Norður-Ameríku voru aðlagaðar flugunni en plöntur í Evrópu ekki. Skaðinn sem flugan olli í Evrópu var slíkur að vínviðarrækt lagðist nánast af um tíma. Á elleftu stundu tókst að bjarga ræktuninni með því að græða evrópskar vínviðarplöntur á rætur vínviðar frá Norður-Ameríku en það tók mörg ár að koma ræktuninni til fyrra horfs. Ágræðsla af þessu tagi er viðhöfð enn í dag.

Ræktun ávaxtatrjáa, framleiðsla ávaxtavína og vinsældir kalvados jukust umtalsvert í kjölvar Phylloxera óværunnar og í dag þykir gott kalvados á pari við koníak.

Eftirspurn eftir kalvados var mikil í Frakklandi í fyrri heimsstyrjöldinni vegna nálægðar eplaræktarinnar og framleiðslunnar við vígstöðvarnar. Áætlaður dagskammtur franskra hermanna af kalvados var 6,25 sentílítrar og sagt að drykkurinn veitti þeim yl í kroppinn.

Í heimsstyrjöldinni seinni viðurkenndu bandamenn sérstaka vernd fyrir heitið kalvados meðan á hernámi nasista stóð í Normandí. Breskir og ameríkskir hermenn komust upp á bragðið með að drekka



Epli hægpressuð til sídergerðar. Mynd / stonecirclecider.com/



Eplin eru tínd frá því í september og fram í nóvember. Mynd / ca.france.fr/



Kalvados eimað úti á götu í Caen aldamótaárið 1900. Borgin er sögð vera miðstöð kalvadosframleiðslu Frakklands. Mynd / drinkcalvados.com



Pays d'Auge kalvados skal eima í kopareimingartækjum. Mynd / chilledmagazine.com/



Hermenn bandamanna komust upp á bragðið með að drekka kalvados eftir innrásina í Normandí þar sem bændur og heimamenn þar voru gjafmildir á sopann í þakklætisskyni fyrir frelsunina. Mynd / drinkcalvados.com

kalvados eftir innrás bandamanna í Normandí þar sem bændur og innfæddir þar voru gjafmildir á sopann í þakklætisskyni fyrir frelsunina. Fyrir vikið er kalvados í dag opinber drykkur fimm kanadískra herdeilda sem tóku þátt í innrásinni og til að skála fyrir föllnum liðsmönnum.

Ræktun kalvadosepla og -pera

Ákveðnar reglur gilda um ræktun eplatrjáa í lundum sem ætlaðir eru til framleiðslu á AOC kalvadosi og um tvenns konar ræktunaraðferðir að ræða.

Ein aðferð segir að trén skulu vera með háum stofni og fimm metra bil skal vera á milli trjáa og ekki ræktuð fleiri en 280 á hektara. Auk þess sem uppskeran á ekki að fara yfir 25 tonn á hektara.

Hin ræktunaraðferðin gerir ráð fyrir að trén séu með lágum stofni og greinist neðar en hástofna trén. Bilið milli trjáa er ekki eins fastsett og getur verið milli 280 til 1000 tré á hektara en uppskeran skal takmörkuð við 35 tonn á hektara.

Þegar kemur að perutrjám fyrir Domfrontais og eplum fyrir Pays d'Auge er bilið meira og því færri tré á hektara og uppskeran minni. Eplin og perurnar eru tínd í september og fram í nóvember eftir yrkjum og eftir því sem aldinin þroskast og því tínt af hverju tré oftar en einu sinni.

Gerjun og eiming

Eftir tínslu er hvert yrki pressað sér og úr safanum búið til síder sem er látinn gerjast í tvo til sex mánuði eftir því hvers konar kalvados á að búa til. Að jafnaði er síderinn 5 til 6% áður en hann er eimaður.

Framleiðsla á kalvados er á margan hátt svipuð framleiðslunni á koníaki og armaníaki þrátt fyrir að það sé unnið úr eplum og ávöxtum en ekki vínþrúgum.

Kalvados er annaðhvort eimað einu sinni eins og armaníak eða tvisvar eins og koníak og Pays d'Auge verður að eima í kopareimingartækjum. Síderinn er forhitaður í 80 °C áður en hann er settur í eimingu.

Best þykir að láta kalvados eldast í 400 lítra eikartunnum. Í fyrstu er lögurinn glær en með tímanum tekur hann á sig gulbrúnan lit sem dökknar eftir því sem vínið er lengur í tunnunum. Kalvados verður mýkra á bragðið með aldrinum.

Næsta stig er að blanda ólíkum lögunum saman og tappa víninu á flöskur. Í hverri flösku getur verið blanda af yfir hundrað lögunum en yfirleitt er þess gætt að blanda saman lög af eplayrkjum sem eiga vel saman. Auk þess sem í boði er einyrkis kalvados.

Almennt er áfengisstyrkur kalvados frá 37,5 til 45% og um 50% af kalvadosframleiðslu Frakklands er flutt út.

Fjölbreytt bragð

Bragðið af kalvados er fjölbreytt enda drykkurinn framleiddur úr 230 mismunandi yrkjum af eplum og 140 ólíkum yrkjum af perum sem geta verið bitur, sæt eða mjölkennd og allt þar á milli.

Þeir sem til þekkja segja að einyrkis kalvados hafi meira ávaxtabragð, en blöndur úr tveimur eða fleiri yrkjum fjölbreyttari keim og að yngri vín hafi sterkari keim af eplum eða perum. Eldri laganir sem standa lengi í tunnum draga í tannín og viðarkeim og geta verið með krydd- og leðurbragði.

Best þykir að drekka kalvados við stofuhita, úr túlípanalagaglasi á fremur stuttum fæti, sem magastillandi drykk eftir mat. Kalvados er oft borið fram með eða í kaffi og kallast þá kaffikalva.

Í seinni tíð hafa vinsældir kalvados aukist í ýmiss konar hanastélsdrykki, eins og til dæmis Normandí asna sem samanstendur af:

- 45 millilítrum af kalvados
- 120 millilítrum af engiferöli
- Tvær slettur af angústura
- Sneið af lime
- Hellt í lágt en breitt glas, fyllt ísmolum

Flamberuð kalvadossteik með hundasúrusósu

Hundasúrur sem vaxa villtar í norðurhluta Frakklands þykja ágætis meðlæti með mat í Normandí og sjálfsagt að bera fram hundasúrusósu með steik. Eftir að súrublöðin eru tínd eru þau þvegin og þerruð. Blöðin eru léttsteikt í smjöri og rjóma bætt út í. Sósan er síðan borin fram með kjöti sem flamberað er í kalvadosi.

Calvados-ströndin

Í Þjóðviljanum 7. júní þar sem fjallað eru um innrásina í Normandí segir: „Calvados-ströndin liggur í austur og vestur og er yfir 100 km að lengd. Upp frá ströndinni liggja láglend landbúnaðarhéruð. Ströndin er mjög sendin. Þar er mikið um fiskiþorp og sumargististaði.

Þekktastur þeirra er Trouville. Andspænis Le Havré við Signuósa er bærinn Honfleur með litla höfn. Caen er borg lítið eitt inni í landi, en um 14 km langur skipaskurður liggur frá henni til sjávar. Strandlengjurnar Calvados og Signuflóinn eru bezt fallnar til innrásar, enda hafa þær verið víggirtar í samræmi við það. Smáhæðir eru víðast hvar upp af ströndinni og hið fyrsta sem innrásarher mundi gera væri hér eins og við Dieppe, að ná á sitt vald þessum hæðum. Í Caen eru flugvellir á valdi Þjóðverja og annars staðar á Calvadosströndinni eru hernaðarlega mikilvægir staðir."

Sama ár er í Morgunblaðinu talað um „Calvadoshjerað" og nokkrum árum fyrr um „Calvadosflóa" í Vísi og því greinilegt að hlutar Normandí hafa verið kenndir við drykkinn.

Bretange-eplasósa

Í Eldhúsbókinni frá 1959 er að finna uppskrift að gómsætri Bretange-eplasósu til að hafa með kótelettum. „Eitt epli er skorið mjög smátt. Kótelettur, sem ekki hefur verið velt upp úr brauðmylsnu, eru steiktar með eplabitunum, við lítinn straum. Einu portvínsglasi af Calvados (eplabrennivín frá Bretange), koníaki eða öðru brenndu víni er hellt á pönnuna og kveikt í því. Þegar vínandinn er brunninn er bætt á pönnuna smábolla af rjóma og hrært saman. Steikist við lítinn hita í 10 mínútur. Ein matskeið af eplabitum er látin á hverja kótelettu við framreiðslu."

Kalvados í Ríkinu

Ef marka má heimasíðu Vínbúðarinnar eru einungis tvær tegundir af kalvadosi fáanlegar í Ríkinu. Annars vegar Berneroy Fine, sem sagt er vera 40% sterkt ávaxta- og hratbrandí. Ljósgullið. Þurrt, ferskt og með meðalfyllingu og bragðast af epli, peru, eik og vanillu.

Hin tegundin kallast Boulard Calvados Grand Solage og einnig sagt vera 40% sterkt ávaxta- og hratbrandí. Rafgullið og ósætt og bragðast af þurrkuðum eplum, apríkósu, eik og vanillu og hafa langt, heitt og margslungið eftirbragð.

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa í fullt starf.
Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við umfangsmikil verkefni í krefjandi og breytilegu umhverfi.
Skipulagsfulltrúi heyrir undir sviðstjóra skógarþjónustu.

Skipulagsfulltrúi

Hlutverk og markmið:

- Vinna að landshlutaáætlunum og gæðaviðmiðum í skógrækt
- Umsagnir um opinber skipulagsmál, þ.m.t. mál er varða svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir og umhverfismat framkvæmda og áætlana
- Mat á varanlegri skógareyðingu, útgáfu fellingarleyfa og gerð samninga um mótvægisaðgerðir
- Upplýsingagjöf og aðstoð til sveitarfélaga og skipulagshönnuða um skógrækt í skipulagsáætlunum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Skógfræðimenntun
- Reynsla á sviði skógræktar og skipulagsmála
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð hæfni í framsetningu upplýsinga á skrifaðri og talaðri íslensku
- Hæfni í ensku

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. **Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk.**

Skógræktin hefur starfstöðvar um allt land og starfstöð skipulagsfulltrúa er samkomulagsatriði.



Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, skogur.is/atvinna. Skannaðu kóðann hér til hægri til að komast á síðuna.

Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Þá sé starfsmönnum búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmætasköpun innan Skógræktarinnar og alls skógræktargeirans.

Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér umhverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

Skannaðu kóðann

skogur.is/atvinna

skógræktin

Á FAGLEGUM NÓTUM



Sex milljóna markinu náð

Þessa dagana er verið að klára haustgróðursetningu í skógrækt. Skógarbændur víða um land hafa fengið sínar plöntur eða eru um það bil að fara að sækja þær á dreifingarstöðvar.



Þröstur Eysteinsson.

Skógræktin hefur fengið sínar plöntur í stóru verkefnin með Landgræðslunni, svokölluð Bonnverkefni, og önnur verkefni í samstarfi við ýmsa aðila. Einkaaðilar fengu sinn skerf og skógræktarfélög sinn. Okkur sýnist að gróðursetning ársins fari yfir 6 milljónir plantna. Þetta er mikilvægt svo Ísland geti náð loftslagsmarkmiðum sínum.

Innlendir verktakar í gróðursetningu fá nóg að gera, en þeir eru fáir og því var samið við erlent verktakafyrirtæki til að ná endum saman. Það er eins og í svo mörgu öðru hjá fámennri þjóð. Hins vegar höfum við lært margt gott af samskiptunum við það ágæta gróðursetningarfólk sem hingað hefur komið, m.a. að á löngum degi í júní getur einn maður, vel á sig kominn, gróðursett 10.000 tré.

Gróðrarstöðvarnar sem framleiða skógarplöntur hafa staðið sig geysivel og vinna nú að því að geta aukið afköstin enn meira. Þá íhuga fleiri aðilar að reisa nýjar gróðrarstöðvar. Ekki veitir af, því allt bendir til þess að þörfin fyrir skógarplöntur aukist verulega á næstu árum.

Annað sem getur takmarkað skógrækt og þarf því að leysa er framboð á fjölgunarefni (fræi og græðlingum). Þar dugar ekki hvað sem er, því við gerum kröfur um góða aðlögun og góðan vöxt trjánna. Það vill svo heppilega til að nú er gott fræár á birki og greni á Norður- og Austurlandi. Því er áhersla lögð á að ná inn birgðum til nokkurra ára af þekktum og góðum uppruna fyrir þær tegundir. Þá verður eins mikið tínt af stafafurukönglum og hægt er og tilraun gerð með söfnun lerkikönglа í þeirri von að spírun sé skárri en vaninn er. Skortur á græðlingaefni alaskaaspar hefur lengi verið hamlandi, en unnið er að því að fjölga móðurplöntum af kynbættum og ryðþolnum klónum. Þá er einnig unnið að því að auka framleiðslu á lerkiblendingnum 'Hrymi' sem getur vaxið álíka hratt á rýru landi og alaskaösp getur á frjósömu landi.

Allt tekur þetta mannskap, tíma og peninga. Fjárfesta þarf í þessum innviðum skógræktar; í framleiðslu fjölgunarefnis, í framleiðslugetu plantna og í því að koma plöntunum í jörð. Ekki síst þarf að fjárfesta í þekkingu á öllum sviðum. Skógræktin vinnur að eflingu skógræktar í þágu stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og tekur þeirri ábyrgð sem henni er falin mjög alvarlega. Hún vinnur hörðum höndum að því að leysa úr áskorunum sem því fylgja að auka gróðursetningu í landinu. Það hefur í för með sér vinnu með öðrum ríkisaðilum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum að margs konar úrlausnarefnum. Oftast er sú vinna ánægjuleg því samstarfsaðilar eru á sama blaði, vita það að Ísland er skuldbundið til að ná tilteknum árangri í loftslagsmálum fyrir 2030 og ætlar sér að verða kolefnishlutlaust 2040. Til þess þarf að vinna ötullega að mörgu, þ.á m. að því að stórauka skógrækt.

Tími umræðu og efasemda um loftslagsvána er liðinn. Tími aðgerða er kominn. Ekki er eftir neinu að bíða. Með þekkingu og vísindalegar niðurstöður að vopni getum við gert góðar áætlanir sem taka fullt tillit til ýmiss konar verndarsjónarmiða og ræktað gjöfulan skóg sem er ómissandi hluti af leiðinni að kolefnishlutlausu Íslandi 2040. Skógrækt á litlum hluta landsins getur þarna skipt sköpum.

Þröstur Eysteinsson
skógræktarstjóri.





Því fyrr sem kálfurinn fær broddinn, því betra verður það fyrir líf og heilsu hans. Mynd /HMG

Velferð:

Gefðu geldkúnum GAUM



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Miðað við það stutta tímabil sem kýr eru geldar á hverju ári þá hefur það tímabil hlutfallslega mikil áhrif á önnur tímabil innan ársins hjá kúnni.

Vel heppnuð geldstaða er nefnilega forsenda þess að ná hárri nyt, mikilli heildarmjólkurframleiðslu á lífsskeiðinu, langri endingu kúnna sjálfra og góðri heilsu kálfanna. Til þess að ná þessum árangri þarf þó í raun allt að ganga upp og verður hér farið nokkrum orðum yfir fjóra áhersluþætti sem í stuttu máli má kalla GAUM, þ.e. að hverju gefa þarf GAUM þegar hugað er að geldstöðunni: **G**elda upp, **A**ðbúnaði, **U**ngviði og **M**jöltum.

Oft er talað um að geldstaðan sé í raun upphaf mjaltaskeiðsins en í raun má skipta árinu niður í nokkur stutt tímabil sem hvert um sig hafa áhrif á kúna og heildarhagkvæmni hennar fyrir kúabúið. Geldstaðan er tímabilið þegar kýrin jafnar sig eftir framleiðslu síðasta mjaltaskeiðs og þegar líkaminn gerir sig á ný tilbúinn í næstu framleiðslulotu.

Nú er tækifæri til að byggja upp orkuforða líkamans, fylla á vítamín- og steinefnaforðann og gera kúnni kleift að ná að innbyrða nægt fóður þegar mjólkurframleiðslan hefst á ný.

Það er á þessu tímabili sem kýrin fær raunverulega hvíld og t.d. ef eitthvað hefur verið að angra hana, t.d. vegna hárrar frumutölu, þá getur hún jafnað sig á því og komið sterk inn á ný en rannsóknir sýna að áhrifamesta leiðin til að ná tökum á hárri frumutölu er meðhöndlun í geldstöðunni. Rétt er þó að taka fram að langvirk lyf og lyfjaskammtar eru oftast hannaðir fyrir stór og hámjólka erlend kúakyn og þarf að taka tillit til þess við mögulega lyfjagjöf.

Gelda upp

Áður en kýrin er gelt upp er mikilvægt að taka spenasýni til þess að geta metið hvort meðhöndla eigi með geldstöðulyfjum eða ekki.

Þegar þetta liggur fyrir er hægt að gelda upp og er mælt með því að gera þetta á fyrirfram ákveðnum dögum á búinu, sé búið það stórt að verið sé að gelda upp fleiri en eina kú á sama tíma. Þá geta þessar kýr fylgst að og fengið eins meðhöndlun sem léttir alla vinnu. Á minni búum má t.d. safna kúnum saman og gera þetta á tveggja vikna fresti, til að auka skilvirkni við meðhöndlun geldkúnna og notast við svokallað „allt inn – allt út" kerfið sem er mjög þekkt í kjötframleiðslu þegar gripir í einum hóp koma inn saman og fara út saman.

Þessi skilvirkni í kjötframleiðslu á jafn vel heima þegar horft er til þess að gelda upp kýr.

Skýringin á kostum þess að gera þetta svona er fyrst og fremst vegna goggunarraðar hjá kúnum en það veldur alltaf stressi og álagi á kýr að skipta um hópa. Þessu má í raun líkja við það að vikulega sé verið að skipta um starfsfólk á stórum vinnustað og að í hvert skipti sem nýr starfsmaður mætir þyrfti að endurskipuleggja vinnustaðinn þ.e. hver verði yfirmaður, hver sjái um almenn skrifstofustörf o.s.frv. Þetta myndi stórlega draga úr skilvirkni á vinnustað, rétt eins og það gerir hjá kúm.

Aðbúnaðurinn

Eftir því sem kýrin nálgast væntanlegan burð, vex fóstrið og fer að hafa veruleg áhrif á kúna vegna stærðar sinnar.

Það er því mjög mikilvægt að aðstaðan bjóði upp á gott legusvæði og nóg pláss þegar hún þarf að leggjast niður og standa upp.

Legurýmið getur þannig haft áhrif á bæði klaufheilsu kúnna, þar sem þær þurfa mögulega að standa lengur en þær vilja, sem og át þeirra vegna þess að þegar þær loksins geta lagst þá er hætt við að þær liggi í raun lengur en þær myndu helst vilja.



Kýr í geldstöðu þurfa góðan aðbúnað og rétt fóður svo þær geti náð að verða afurðamiklar á mjaltaskeiðinu. Mynd / ghp

> „Áður en kýrin er gelt upp er mikilvægt að taka spenasýni til þess að geta metið hvort meðhöndla eigi með geldstöðulyfjum eða ekki.“

Þetta tímabil hjá kvígum er ekki síður mikilvægt en alltof algengt er að kvígur búi við mun slakari aðbúnað og fóðrun en kýr í sömu stöðu. Kvígurnar eru enn að vaxa og vegna stærðar fóstursins þá geta þær oft ekki náð að éta eins vel og eldri og fullvaxta kýr. Plássið er einfaldlega ekki til staðar vegna stærðar kálfsins. Auk þess getur það haft áhrif á átið að kvígurnar skipta um fyrstu tennur þegar þær eru eins og hálfs árs til tveggja ára og næstu tennur þegar þær eru u.þ.b. tveggja og hálfs árs. Þetta hefur áhrif á át þeirra, bæði þegar þær eru komnar undir það að bera og þegar þær eru á fyrsta mjaltaskeiði. Vegna þessa þarf að veita þeim enn betri aðbúnað og athygli, svo þær haldi áfram að vaxa og dafna og verði þar með góðar kýr.

Í Danmörku er talið að hlutfall dauðfæddra kálfa sé nátengt geldstöðunni og aðbúnaðinum á geldstöðunni. Þar þykir hafa verið sýnt fram á að ef kýr lendir í álagi á geldstöðunni þá aukist magn streituvaka í blóði þeirra sem hefur áhrif á kálfinn í móðurkviði. Þetta getur jafnvel leitt til ótímabærs burðar og jafnvel haft áhrif á lífsþrótt kálfsins. Vegna þessa er lögð mikil áhersla á góðan aðbúnað á þessu tímabili og sérstaklega hjá kvígum. Þá er aldrei ráðlagt að vera með kvígur og eldri kýr saman í geldstíu, vegna hættu á því að það valdi óþarfa streitu, sérstaklega hjá kvígunum.

Ungviðið

Auk þess sem kýrin sjálf þarf að jafna sig er geldstaðan sjálf afar mikilvæg fyrir kálfinn og framtíðarhorfur hans. Það er á þessu tímabili sem mótefnin myndast í broddmjólkinni og er magn mótefna, og þar með gæði broddsins, háð samsetningu fóðursins sem kýrin étur á geldstöðunni. Það er því mikilvægt að gefa kúnum gott fóður og góða próteingjafa ásamt réttri steinefnablöndu fyrir kýr í geldstöðu. Þannig er dönskum kúabændum ráðlagt að horfa sérstaklega til steinefnablöndunnar sem er gefin síðustu vikurnar fyrir burðinn, en sýnt hefur verið fram á að það hefur ekki einungis góð áhrif á lága tíðni bæði dulins og sýnilegs doða en einnig á lífskraft kálfsins við fæðingu. Þá tryggir rétt jafnvægi á próteinum og orku í fóðrinu að broddurinn verður af réttum gæðum við fyrstu mjaltir.

Mjaltirnar

Í burðaraðstöðunni ætti að vera hægt að mjólka kúna eins fljótt og auðið er eftir burðinn. Það eru tvær megin ástæður fyrir þessu:

Sú fyrri er að því fyrr sem kýrin er mjólkuð, þeim mun betri verða gæði broddsins þar sem broddurinn þynnist út þegar kýrin byrjar að framleiða mjólkina. Hin ástæðan fyrir því er sú að þarmar kálfsins geta tekið upp mikið magn mótefna fyrstu tímana eftir fæðingu en svo hægist hratt á þessari virkni þarmanna. Því fyrr sem kálfurinn fær broddinn, því betra verður það fyrir líf og heilsu hans.

Þýtt og endursagt upp úr Goldkoens ABC eftir Lars Kousgaard, Magasin Kvæg, júní 2016.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum.
40 sölustaðir, hafðu samband til að fá upplýsingar um sölustað í nágrenni við þig.
Sokka Kompaníið ehf. 230 Reykjanesbær - info@socks2go.eu - gsm: 831 8400 - www.socks2go.is

AJ Power
ALLAR STÆRÐIR AF
AJ RAFSTÖÐVUM
Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**


Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484

ÍSFELL


SNJÓKEÐJUR
Hafðu samband, kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
isfell.is • sími 520 0500
ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI

Á FAGLEGUM NÓTUM

Hrossarækt:

Kynbótamat hrossa og hryssur til afkvæmaverðlauna haustið 2022



Stóðhesturinn Skýr frá Skálakoti með Jakobi Svavari Sigurðssyni og Guðmundi Viðarssyni, ræktanda sínum. Myndin er tekin á Landssýningu 2020 þegar Skýr hlaut Sleipnisbikarinn. Mynd / Eiðfaxi – Louisa Lilja



Hér má sjá Elísu frá Feti sem stendur efst hryssna fyrir afkvæmi. Hún er með afkvæmi sínu, Eyvöru frá Rauðalæk, sem er undan Arði frá Brautarholti en Elísa er fylfull við Sóloni frá Púfum. Hjá þeim er Guðmundur Friðrik Björgvinsson, ræktandi og annar eigandi hryssunnar.



Elsa Albertsdóttir
ráðunautur, búfjárræktar- og þjónustusviði
elsa@rml.is

Kynbótamat hefur verið uppreiknað fyrir íslensk hross og vistað inni í Upprunaættbók íslenska hestsins, WorldFeng (WF).

Alls fengu 479.960 einstaklingar mat en það eru öll þau hross sem skráð eru í WF með gilt einstaklingsnúmer, þar sem kemur fram land, ár og kyn. Útreikningar kynbótamatsins byggja á kynbótadómum sem töldu að þessu sinni 35.091 og alls var tekið tillit til 1.000 arfgerðagreindra hrossa fyrir gangráðinum. Dómar skiptast þannig eftir löndum: Ísland 21.949, Svíþjóð 4.370, Þýskaland 3.643, Danmörk 2.744, Noregur 1.246, Austurríki 374, Finnland 291, Holland 298, Bandaríkin 226, Kanada 117, Sviss 102, Bretland 39 og Færeyjar 9.

Kynbótamatið dregur saman allar tiltækar tölulegar upplýsingar frá kynbótadómum allra hrossa í stofninum í heildarniðurstöðu sem endurspeglar gildi hrossa til framræktunar. Gildið ræðst af röðun hrossa út frá því hversu mikils er að vænta að þau geti lagt af mörkum í ræktunarstarfinu. Skalinn miðar við 100 sem meðalgildi og eitt staðalfrávik er 10 stig. Allur hrossastofninn dreifist um 6 staðalfrávik eða frá u.þ.b 70 til 130, með einungis örfá hross utan þeirrar spannar. Almennt er ekki ráðlegt að nota hross til undaneldis sem eru undir 100 í aðaleinkunn kynbótamats, þar sem þeirra framlag er líklegt til að vera í neikvæða átt, miðað við opinbert ræktunarmarkmið íslenska hestsins. Í þessu samhengi er þó afar mikilvægt að hafa öryggi kynbótamatsins til hliðsjónar, enda er það misjafnt frá hesti til hests. Því meiri upplýsingar sem eru tiltækar um foreldra, afkvæmi og ættingja, því öruggara er matið. Þegar öryggi kynbótamats er undir 60% ber að taka þeirri spá með fyrirvara. Því hærra sem öryggi matsins er því lægra er staðalfrávik matsins jafnan. Upplýsingar um bæði staðalfrávik og öryggi koma fram í WF. Hross með 118 í aðaleinkunn kynbótamats, með 5 í staðalfrávik og 87% öryggi þýðir einfaldlega að hrossið hefur með 87% öryggi kynbótagildi milli 113 og 123 stig. Það er því sannarlega afbragðs undaneldisgripur og tilheyrir hópi u.þ.b. 15% efstu hrossa í hrossastofninum hvar sem er í heiminum

Leiðréttingar fyrir kerfisbundnum umhverfisáhrifum

Aðferðin sem notuð er til að reikna út kynbótamat gengur jafnan undir heitinu BLUP aðferðin en hún er gríðarlega viðfangsmikil og öflug aðferð. BLUP gildin (þ.e. kynbótamatið) endurspegla erfðafræðilega getu hestanna, í samanburði við öll önnur hross innan stofnsins. Þetta innifelur jafnframt að tekið er tillit til kerfisbundinna umhverfisþátta sem hafa áhrif á frammistöðu gripanna. Með því að leiðrétta fyrir þessum umhverfisþáttum eru dómarnir gerðir samanburðarhæfir milli einstaklinga innan stofnsins.

Leiðrétt er fyrir þremur umhverfisáhrifum en það er aldur og kyn einstaklings og sýningarárið þegar hross hlýtur sinn hæsta aldursleiðrétta dóm. Varðandi aldur og kyn einstaklingsins þá hafa þessir þættir áhrif á frammistöðu hrossa, t.d. eru stóðhestar kerfisbundið fyrri til en hryssur og hrossin verða kerfisbundið betri með auknum aldri. Þar sem dómstörfin þróast ár frá ári og samanburðarhópurinn verður sífellt betri, verður jafnframt til kerfisbundinn munur á niðurstöðum milli ára, þ.e. sýningarára.

Stöðlun og erfðaframfarir

Niðurstöður kynbótamatsins er staðlað út frá þeim hrossum sem fæðast á Íslandi síðastliðin 10 ár og í ár er tala þeirra 56.597. Þessi tíu ár endurspegla meðalkynslóðabil í hrossastofninum. Með þessu móti er gert ráð fyrir erfðaframförum í stofninum enda gengið út frá því að framför sé í stofninum með ræktun hverrar kynslóðar. Stöðlunin miðar eins og áður sagði við að meðalgildi kynbótamats sé 100 stig og hvert staðalfrávik 10 stig.

Það geta alltaf orðið einhverjar breytingar í kynbótamati einstakra hrossa einatt út af þessari stöðlun þar sem hún veltur fram eitt ár í senn, t.d. ef engar nýjar upplýsingar bætast við þá er tilhneiging að kynbótamat læki eilítið enda hrossið að eldast og ræktunin ætti sífellt að skila erfðafræðilega betri einstaklingum. Einstaklingar með miklar upplýsingar að baki sér og öruggt mat breytast þó jafnan lítið sem ekki neitt. Helstu breytingar í kynbótamati hrossa eru jafnan út frá frammistöðu þeirra sjálfra og skylduliðs. Það ber þó einnig að benda á að kynbótamatið er röðun hrossa og geta því einhverjar smávægilegar breytingar orðið á kynbótamati einstaklinga því þegar einhver hross fara niður í röðun, þýðir það jafnframt að önnur hross raðast hærra owg hljóta fyrir vikið hærra kynbótamat en áður.



Álfamær frá Prestsbæ. Mynd / ÓÖJ




Lýdía frá Eystri-Hól. Mynd / ÓÖJ

Þróun á kynbótamati

Árið 2020 voru gerðar talsverðar breytingar á kynbótamatinu eins og áður hefur verið fjallað um [sjá 8. tbl. Bændablaðsins 2020]. Þá varð mikil aukning í fjölda þeirra hryssna sem hlutu afkvæmaverðlaun um haustið en þær voru þá alls 31 talsins. Stöðugt er verið að vinna að því að bæta kerfið þannig að það þjóni tilgangi sínum sem allra best og með öruggasta hætti.

Við síðustu breytingar, vorið 2022, var hætt að leiðrétta fyrir því landi sem hrossið er sýnt í, en það hafði verið gert í áratugi á undan.



Mynd 1: Dreifing á kynbótamati allra hrossa í íslenska hrossastofninum. Kynbótamat 99,8% allra hrossa liggur á milli 70 og 130 stig. Guli kassinn vísar til dæmis í textanum þar sem samband kynbótamats, öryggis og staðalfráviks er skýrt.

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Strandavegur um Veiðileysuháls í Árneshreppi

Vegagerðin hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats Strandavegar um Veiðileysuháls í Árneshreppi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar frá 2. nóvember til 14. desember 2022 hjá Verzlunarfjelagi Árneshrepps, Norðurfirði og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan er einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 14. desember 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is

Þrátt fyrir að það séu marktæk áhrif sýningarlands var ekki lengur þörf að meðhöndla sýningarlandið sem kerfisbundinn umhverfisþátt, enda umhverfisaðstæður kynbótasýninga orðnar afar staðlaðar.

Breytingar á kynbótamati einstakra hrossa voru hvað mestar hjá stóðhestum sem áttu mörg afkvæmi dæmd í sama landi.

Einhverjir stóðhestar voru líklega ofmetnir í núverandi kynbótamati í alþjóðlegum samanburði en aðrir að sama skapi vanmetnir. Þegar á heildina er litið varð ekki veruleg breyting á röðun hrossa sem sýnd eru í sama landi en breytingar urðu á alþjóðlegri röðun. Þessi síðasta breyting virðist þó hafa haft áhrif á fjölda hryssna sem hljóta afkvæmaverðlaun nú í ár á Íslandi. Miðað við þær upplýsingar sem eru í WF eru það alls 20 hryssur sem hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Viðmiðið er að lágmarki 116 stig í aðaleinkunn kynbótamats eða aðaleinkunn án skeiðs og eiga að minnsta kosti 5 dæmd afkvæmi.

Röðun hryssna er samkvæmt aðaleinkunn kynbótamats.

Enn og aftur þarf að rýna til gagns og jafnvel endurskoða gildandi viðmið. Samræming varð á veitingu viðurkenning fyrir afkvæmahross árið 2019 innan aðildarland FEIF þannig að hún er hvar vetna með sömu viðmið. Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi er sannarlega mikil viðurkenning og á að endurspeglast í gildi hrossa til framræktunar og þar með frammistöðu afkvæma.

Meðfylgjandi eru einnig töflur yfir þau hross, stóðhesta og hryssur, sem hæst eru í kynbótamati á Íslandi.

Tafla 1.

Nafn og uppruni	Fæðingarár	BLUP Hæfileikar	hl án skeiðs	Aðaleinkunn	ae án skeiðs	Öryggi matsins
Álfamær frá Prestsbæ	2015	135	123	141	129	82
Staka frá Hólum	2016	134	134	140	140	82
Díva frá Kvíarhóli	2017	132	132	138	137	82
Blákápa frá Prestsbæ	2021	132	122	137	128	60
Dimma frá Hjarðartúni	2015	132	126	137	131	83
Bylgja frá Bæ	2015	129	123	135	129	82
Ísey frá Ragnheiðarstöðum	2014	129	137	135	140	82
Dyngja frá Feti	2017	131	127	135	131	82
Lýdía frá Eystri-Hól	2015	127	135	135	142	81
Hrönn frá Ragnheiðarstöðum	2013	130	137	135	140	82

Tíu efstu hryssur, staðsettar á Íslandi, í kynbótamati aðaleinkunnar.

Tafla 2.

Nafn og uppruni	Fæðingarár	BLUP Sköpulag	Hæfileikar	hl án skeiðs	Aðaleinkunn	ae án skeiðs	Öryggi matsins
Lýdía frá Eystri-Hól	2015	136	127	135	135	142	81
Auðlind frá Þjórsárbakka	2015	121	130	139	133	141	82
Hringsjá frá Enni	2017	125	127	137	132	140	81
Staka frá Hólum	2016	133	134	134	140	140	82
Ísey frá Ragnheiðarstöðum	2014	128	129	137	135	140	82
Hrönn frá Ragnheiðarstöðum	2013	127	130	137	135	140	82
Þyrnirós frá Ragnheiðarstöðum	2015	143	121	131	132	140	82
Rjúpa frá Þjórsárbakka	2014	126	125	136	130	139	82
Hryðja frá Fákshólum	2017	133	127	132	134	138	82
Embla frá Rauðalæk	2016	135	125	131	132	137	82

Tíu efstu hryssur í kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs.

Tafla 3.

Nafn og uppruni	Fæðingarár	BLUP Sköpulag	Hæfileikar	hl án skeiðs	Aðaleinkunn	ae án skeiðs	Öryggi matsins
Skýr frá Skálakoti	2007	134	130	127	137	134	98
Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum	2013	127	131	125	136	130	91
Nn frá Geitaskarði	2022	131	130	132	136	137	64
Bláþráður frá Prestsbæ	2021	127	130	123	135	128	62
Eldklettur frá Prestsbæ	2021	129	129	125	135	130	63
Frakkur frá Flagbjarnarholti	2021	124	130	122	134	126	62
Nn frá Ragnheiðarstöðum	2022	125	129	127	134	131	64
Þráinn frá Flagbjarnarholti	2012	130	128	121	134	128	87
Askur frá Skógarnesi	2021	125	128	123	133	128	60
Nn frá Fákshólum	2021	130	127	128	133	133	65

Tíu efstu hestar, staðsettir á Íslandi, í kynbótamati aðaleinkunnar.

Tafla 4.

Nafn og uppruni	Fæðingarár	BLUP Sköpulag	Hæfileikar	hl án skeiðs	Aðaleinkunn	ae án skeiðs	Öryggi matsins
Ísak frá Þjórsárbakka	2013	137	119	130	128	137	86
Nn frá Geitaskarði	2022	131	130	132	136	137	64
Skarpur frá Kýrholti	2015	127	125	133	130	136	82
Svarthöfði frá Þjórsárbakka	2022	128	121	131	127	135	61
Þrándur frá Skógarnesi	2021	132	120	129	127	135	60
Engill frá Prestsbæ	2019	126	128	130	132	134	61
Hannibal frá Þúfum	2015	124	125	131	129	134	81
Húni frá Ragnheiðarstöðum	2018	125	125	130	130	134	82
Skýr frá Skálakoti	2007	134	130	127	137	134	98
Auður frá Geitaskarði	2021	127	126	128	131	133	61

Tíu efstu hestar í kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs.

Tafla 6.

Nafn og uppruni	Fæðingarár	BLUP Aðaleinkunn	ae án skeiðs	Öryggi matsins
Elísa frá Feti	2004	126	122	87
Æsa frá Flekkudal	2001	124	127	88
Hnota frá Stuðlum	2003	124	126	88
Hrönn frá Búlandi	2001	121	119	87
Álfarún frá Halakoti	2005	121	115	87
Glæða frá Þjóðólfshaga 1	2004	120	124	87
Gréta frá Feti	2003	120	120	87
Píla frá Syðra-Garðshorni	2003	120	119	87
Grýla frá Þúfum	2008	119	123	81
Stilla frá Litlu-Brekku	2006	119	119	87
Þruma frá Skagaströnd	2000	119	118	87
Jóna frá Kjarri	2005	118	108	87
Hrefna frá Vatni	2006	117	113	87
Kreppa frá Feti	2006	116	120	86
Heilladís frá Selfossi	2005	116	116	87
Álöf frá Ketilsstöðum	2007	116	110	88
Mirra frá Þúfu í Landeyjum	1998	115	121	87
Spes frá Ketilsstöðum	2001	113	126	87
Prestfrú frá Húsatóftum 2a	2002	110	117	86
Lýsing frá Þúfum	2002	108	120	87

Hér er röðun þeirra hryssna sem hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Niðurstöður um kynbótamat er raðað samkvæmt kynbótamati aðaleinkunnar en að þessu sinni hljóta fjórar hryssur viðurkenningu þar sem þær eru með kynbótamat aðaleinkunnar án skeiðs 116 stig eða meira.









GARÐYRKJAN



Algengast er að sígrænum gróðri sé skýlt og þá helst þeim tegundum sem eru tæplega nógu harðgerðar fyrir íslenskt veðurfar. Mynd / Guðríður Helgadóttir

Undirbúum garðinn fyrir veturinn

Þegar haustið fer að minna hressilega á sig með lægðagangi, kulda og rigningum er tilvalið að nýta góðviðrisdagana inn á milli til þess að undirbúa garðinn fyrir veturinn.

Eitt það sem þarf að útbúa tímanlega fyrir fyrsta skammt af snjó er að skýla viðkvæmari tegundum og plöntum sem hafa kalið óþarflega mikið síðustu vetur. Algengast er að sígrænum gróðri sé skýlt og þá helst þeim tegundum sem eru tæplega nógu harðgerðar fyrir íslenskt veðurfar. Það vill enginn sjá sígrænu plönturnar sínar rauðar á lit að vori.

Vetrarskýling trjáa og runna

En hvernig berum við okkur að við að skýla plöntum fyrir veturinn? Til verksins þurfum við 3-4 timbur- eða járnstaura fyrir hverja plöntu, striga og að lokum bensli (strappa) eða heftibyssu. Ef við tökum sem dæmi 1,30 m háan garðaýr (Taxus x media) sem þarf að skýla þá er byrjað á að reka niður staura umhverfis plöntuna. Þeir geta verið þrír eða fjórir eftir lögun og stærð plöntunnar en mikilvægt er að huga að því að þegar strigi er stekktur utan á staurana að þeir haldi létt við greinar plöntunnar án þess að þrengja um of að henni.

Garðaýr er jafnan aðeins mjórri ofan til en að neðan og þá er gott að láta staurana halla aðeins inn í átt að toppnum án þess þó að þeir snertist efst. Því næst vefjum við striganum utan um staurana og plöntuna þannig að hann liggi vel niðri við jörð og greinar garðaýrsins sveigist upp með striganum. Ef við notum timburstaura er hægt að hefta strigann fastan við staurana með heftibyssu en ef við notum járn- eða málmstaura þarf að nota ýmist bensli eða vír.

Eins og fyrr segir þarf striginn að ná vel niður á jörðu svo ekki blási auðveldlega undir hann en ekki er ráðlegt að loka með striga yfir toppinn á plöntunni. Þar er gott að lofti aðeins um og með því að hafa opið í toppinn minnkum við líkurnar á því að kuldi liggi að plöntunni fram eftir vori þegar hlýna tekur í veðri. Tilgangur þess að skýla plöntum yfir veturinn er að minnka álag frá skafrenningi og köldum vindum. Því náum við fram með því að hafa striga umhverfis plöntuna á hliðunum.

Mjög lágvaxnar og jarðlægar tegundir eru auðveldari verkefni í vetrarskýlingu. Að hausti er gott að leggja yfir þær trjágreinar sem munu sjá um að brjóta aðeins vindinn og auka líkur á að snjór festist yfir plöntunum. Bestu greinarnar í þetta eru af sígrænum plöntum s.s. furu eða greni þar sem þær mynda þétta hulu.

Gott er að skorða greinarnar vel af þannig að tryggt sé að þær fjúki ekki í burtu þegar vindurinn blæs. Það er hægt að gera með því að grafa enda þeirra aðeins niður í jarðveginn og jafnvel leggja 2-3 greinar yfir á móti hver annarri og flækja þeim saman.

Fjölærar plöntur

Yfirleitt er ekki eins mikilvægt að skýla fjölæringum. Ágætt ráð er að skilja visin lauf og stöngla eftir á plöntunum og fjalægja þau ekki fyrr en vorar á ný.

Þá fá plönturnar náttúrulegt skjól sem nægir til að hlífa þeim fyrir næðingum og fyrstu frostum. Lauf af grasflötinni mætti raka inn undir trjá- og runnabeð til skýlingar.

Talsvert af smádýrum dvelur í þessum laufmassa og nýtur skjólsins, og þegar vorar fara ánamaðkar og fleiri tegundir að brjóta efnið niður og smærri örverur hefja niðurbrot þess, sem að sínu leyti gerir jarðveginn næringarmeiri og betri.

Safnhaugurinn

Varla er hægt að búast við að virkni safnhaugsins haldist að ráði yfir hörðustu vetrarmánuðina. Samt er rétt að setja allt úrgangslauf sem til fellur í safnhauginn að hausti. Það nýtist þegar hlýnar og gefur ágætan næringarauka í beðin. Það er sem sé óþarfi að fjarlægja lífrænt efni úr garðinum, allt kemur að notum.

Ágústa Erlingsdóttir,
brautarstjóri skrúðgarðyrkju á Reykjum.

RML

Sjálfbærni í landbúnaði:

Náttúra, samfélag og hagrænn ávinningur

Orðin sjálfbær og sjálfbærni hafa verið áberandi í umræðunni á síðustu árum. Þessi hugtök eru gjarnan sett í samhengi við nýtingu náttúruauðlinda eða umhverfismál, en hafa jafnframt gildi í félagslegu og hagrænu samhengi.



Sigurður Torfi Sigurðsson.

Sjálfbærni má skilgreina sem lokað kerfi þar sem verið er að mæta þörfum samtímans með breytingum og/eða vexti í umhverfi, efna-hagslífi og/eða samfélagi án þess að fara út fyrir endurnýjanleg takmörk á nýtingu auðlinda og án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða. Landbúnaður er ekki undanskilinn því að tengjast hugtökum um sjálfbærni. Algengt er að sjá orðin sjálfbær landbúnaður eða sjálfbærni í landbúnaði á prenti og í orði t.d. í skýrslum, blaðagreinum og viðtölum ýmiss konar, en einnig má þau finna í lögum og reglugerðum og pólitískum stefnumótunum. Það kemur m.a. skýrt fram í landbúnaðarstefnunni „Ræktum Ísland“, þar sem strax á fyrstu síðum er talað um „framtíð og sjálfbærni íslensks landbúnaðar“, og í landbúnaðarkafla stefnuskrár núverandi ríkisstjórnar segir að við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi með því að styrkja og fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun. Þá segir í skýrslum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) að sjálfbær landbúnaður sé eitt af lykilaðgerðum til að tryggja fæðuöryggi í heiminum. Jafnframt hefur almennt verið viðurkennt af helstu stofnunum heims að sjálfbær landbúnaður sé ein af lykillausnum í loftslagsmálum.

Af ofangreindu má sjá og draga þá ályktun að öll skynsemi liggur í að stunda sjálfbæran landbúnað, sérstaklega á tímum eins og í dag þegar hækkanir á aðkeyptum aðföngum, t.d. áburði og olíu, hafa verið gríðarlega miklar undanfarna mánuði. Einnig er á sama tíma verið að senda skilaboð til bænda þar sem þeir eru hvattir til að framleiða matvæli til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Þá hefur líka verið lögð mikil áhersla á þátttöku bænda í aðgerðum í loftslagsmálum, en þátttakendur í verkefninu Loftslagsvænum landbúnaði eru hvattir til að auka sjálfbærni í búrekstri sínum.

Þrjár stoðir sjálfbærs landbúnaðar

Sjálfbær landbúnaður byggir á heildstæðri nálgun þar sem horft er til þriggja meginstoða hvað varðar markmið og áherslur. Þessar þrjár stoðir fléttast hver um aðra og tengjast innbyrðis þannig að þegar hriktir í einni stoð verða hinar samhliða veikari.

Þessar stoðir eru:

- Umhverfi
- Samfélag
- Búrekstur


Jafnvægi milli þessara stoða ýtir undir seiglu í náttúru, samfélagi og rekstrarumhverfi bænda.

Umhverfisstoðin: Þessi stoð er sennilega hvað best kynnt bæði á prenti og í orði og oft það eina sem menn tengja við í umræðunni um sjálfbæran landbúnað. Með sjálfbærum landbúnaði er lögð áhersla á að nýting náttúrulegra auðlinda sé í jafnvægi, vistkerfi beri ekki skaða af nýtingunni og náttúrulegir ferlar viðhaldi eðlilegri hringrás og endurnýjun. Notkun stuðli að því að líffræðilegur fjölbreytileiki í umhverfinu viðhaldist og auðlindir verði ekki ofnýttar, t.d. með ofbeit búfjár eða þaulrækt. Jafnframt er lögð áhersla á virkt hringrásarhagkerfi þar sem lífræn efni eru nýtt innan hringrásar og að spornað sé við sóun með því að flokka, endurnýta og endurvinna þann úrgang sem til fellur á búi og heimili.

Samfélagsstoðin: Í sjálfbærum samfélögum er rík áhersla lögð á mannleg og félagsleg gildi sem skapa lífshamingju og möguleika til náms og starfa án aðgreiningar af nokkru tagi. Samfélagsleg verðmæti byggja fyrst og fremst á þeim mannauði sem þar er til staðar og viðheldur grunnstoðum samfélagsins gangandi og samstöðu meðal íbúa. Einn af lykilþáttum í sjálfbærum landbúnaði er að samvinna sé á milli bænda og að þeir deili skoðunum sínum og þekkingu sín á milli. Æskilegt er að landbúnaður sem er stundaður falli vel inn í samfélagið og hvert bú styðji við annað og aðra atvinnustarfsemi samfélagsins. Stækkun búa og einhæfni í landbúnaði dregur úr mannþörfum og hætta er á samdrætti í samfélögum og ósjálfbærri þróun nema annað komi í staðinn. Tækifæri þurfa að vera fyrir ungt fólk og að kynslóðaskipti séu möguleg á bújörðum. Einnig að það hafi tækifæri til náms og geti fundið sér vinnu við hæfi.

Búrekstrarstoðin: Sjálfbær landbúnaður byggir á stöðugum efnahag og jákvæðum hagrænum ábata af búrekstri. Náttúran er viðskiptafélagi bóndans og markmiðið í búrekstri ætti að vera að hámarka framleiðslu miðað við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og sjálfbærni í rekstri. Afkoman byggir þ.a.l. á gæðum náttúruauðlinda á bújörðum og því búfé sem þar er ræktað, auk þekkingar og hæfni bóndans. Rekstrarreikningar búa geta verið mælikvarðar á sjálfbærni í landbúnaði, en breytilegur kostnaður eykst eftir því sem sjálfbærni minnkar. Framlegð getur því gefið vísbendingu um hversu sjálfbær reksturinn er ef til eru gögn til viðmiðunar á meðalgildum og breytileika. Hækkun á helstu aðföngum t.d. áburði, olíu, plasti o.fl., sem reiknast allt sem breytilegur kostnaður á rekstrarreikningi og hefur áhrif á framlegð búsins og minnkar bæði heildarafkomu og sjálfbærni. Dæmi um sjálfbærni í landbúnaði sem tekur bæði á búrekstrarstoðinni og umhverfisstoðinni er góð nýting búfjáráburðar og annarra lífrænna áburðarefna sem til falla á búinu til að takmarka aðkeypt áburðarefni til að fullnægja þörfum búsins við öflun fóðurs.





Minna oft meira

Rannsóknir hafa sýnt fram á að stór bú eru oft ekki sjálfbær. Þau geta haft neikvæð áhrif á náttúruleg vistkerfi, búsvæði, heilbrigði jarðvegs, vatn o.fl., auk þess sem kostnaður við aukaframleiðslu umfram sjálfbæra getu þeirra getur haft þau áhrif að auka þurfi aðkeypt aðföng á hverja einingu til að viðhalda eða auka framleiðslumagn. Þetta orsakast af því að breytilegur kostnaður í landbúnaði er ekki alltaf í línulegu falli af framleiðslu, þröskuldur getur verið þegar framleiðslumagn hefur náð hámarki með sjálfbærri nýtingu náttúrauðlinda og lágmarks aðkeyptum aðföngum sem þýðir að til að auka framleiðslu þarf að auka útgjöld t.d. vegna aukinna fóðurþarfa, áburðar eða leigu á túnum svo eitthvað sé nefnt. Þessa stærð á framleiðslumagni má kalla „hámarksmagn í sjálfbærni“ og ætti það að vera markmið hvers bónda að stilla stærð búsins sem næst þessum punkti.

Í rekstrargreiningarverkefnum RML hefur komið fram að mikill breytileiki er á framlegðarstigi á milli búa. Hluti hefur verið útskýrður með mismun í bústjórn og aðstöðu, en hluti er óútskýrður og má e.t.v. heimfæra að einhverju leyti á mismun í sjálfbærni búrekstrar. Þarna eru e.t.v. tækifæri fyrir bændur og full ástæða til að hvetja þá til að rýna í kostnaðarreikninga til að finna „hámarksmagn í sjálfbærni“ fyrir sitt bú.

Sigurður Torfi Sigurðsson,
ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði hjá RML.

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Tryggjum valið

Við í búgreinadeild nautgripabænda BÍ höfum nú sent út skoðanakönnun til allra nautgripabænda í tölvupósti þar sem hugmyndin er að taka púlsinn á greininni.


Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Hvert bú getur tekið könnunina einu sinni og verður hægt að svara henni út 11. nóvember. Hugmyndin að slíkri könnun hefur verið lengi á áætlun og nauðsynlegt er að taka stöðuna meðal bænda nú þegar næsta endurskoðunarár búvörusamninga gengur senn í garð.

Í könnuninni er spurt um framleiðsluaðstöðu, framtíðaráform og viðhorf til ýmissa atriða sem eru starfsgreinninni mikilvæg, búvörusamninga og fleira. Ég hvet alla nautgripabændur til að taka þátt og nýta tækifærið til að koma sínum skoðunum á framfæri.

Aukin afköst en minni stuðningur

Ekki hefur verið hefð fyrir viðbótarfjármagni við endurskoðun búvörusamninga. En nú þegar líður að síðustu endurskoðun núverandi búvörusamnings hljótum við að spyrja okkur hvort við séum á réttri leið. Á sama tíma og bændur eru hvattir til að framleiða, ekki bara meira magn matvæla heldur líka breiðara úrval þeirra, af bættum gæðum með auknum kröfum til framleiðsluþátta og sjálfbærni hefur heildarstuðningur við landbúnað lækkað um 30 milljarða að raungildi frá árinu 1990.

Framþróun í íslenskri nautgriparækt

Mikil uppbygging hefur verið í mjólkurframleiðslu síðustu ár, bæði í aðbúnaði og þekkingu með tilheyrandi hagræðingu og framþróun. Kúabændur landsins hafa valið að viðhalda íslenska kúakyninu þrátt fyrir að reglulega komi upp umræða um innflutning á erlendu og afkastameira kúakyni. Íslenski stofninn er einstakur á heimsvísu og verðmæti hans ómetanlegt. Því hefur mikið kapp verið lagt í ræktunarstarf og nautgriparæktin tekist á við verkefnið um innleiðingu erfðamengisúrvals, sem var jafnvel talið ógerlegt fyrir ekki svo mörgum árum síðan. Nú þegar erfðamengisúrval er að taka við megum við eiga von á að erfðaframfarir íslenska stofnsins muni taka gríðarlegum framförum á næstu árum. Meðalnyt íslenskra kúa hefur aukist um 50% á síðustu 30 árum og heildarframleiðslan aukist sömuleiðis. Nú ber svo við að söluaukning mjólkurvara er meiri en síðustu ár og til að bregðast við því var ákvörðun um greiðslumark mjólkur 2023 tekin fyrr en vanalega. Framkvæmdanefnd búvörusamninga samþykkti á síðasta fundi sínum að greiðslumark næsta árs yrði 149 milljónir lítra en það er 1,7% aukning frá síðasta ári. Til samanburðar var heildargreiðslumarkið 116 milljónir lítra árið 2011. Það er því ljóst að næsta ár verður nokkuð krefjandi fyrir íslenska kúabændur sem þurfa að bregðast við aukinni eftirspurn á sama tíma og aðföng og fjármagnskostnaður eykst, tollvernd fer þverrandi og ríkisstuðningur fer lækkandi en sé ríkisstuðningur nautgripasamningsins frá árinu 2004 núvirtur er ljóst að stuðningur við greinina hefur lækkað um rúma 2 milljarða króna.

Sömuleiðis hefur orðið mikil framþróun í nautakjötsframleiðslu á síðustu árum. Nautgripabændur hafa náð miklum framförum í ræktun og eldi síðustu ár, gripirnir eru þyngri og gæðaflokkun á jafnri uppleið. Fleiri bændur hafa nú sérhæft sig í nautakjötsframleiðslu og með innflutningi á nýju Angus erfðaefni er bændum ekkert til fyrirstöðu að framleiða nautakjöt í heimsklassa. Það höfum við strax séð eftir að fyrstu gripirnir af nýju erfðaefni komu til slátrunar og sprengdu Europ skalann sem var hér til staðar.


Þó að nautakjötsframleiðslan hafi verið til staðar jafnhliða mjólkurframleiðslu, líklega frá upphafi, mætti segja að ný búgrein sé að festa sig í sessi með aukinni sérhæfingu og fjöldi nautakjötsbænda standa nú frammi fyrir því að ákveða hvort þeir eigi að stíga alla leið og halda sinni framleiðslu áfram eða hætta.

Þetta er mjög sérkennileg staða þar sem tækifærin, eftirspurnin og getan er til staðar með tilheyrandi nýsköpun og atvinnuþróun í sveitum landsins.

Það liggur í augum uppi, viljum við hafa aðgang að þessari góðu vöru með tilheyrandi uppbyggingu og atvinnumöguleikum, að nautakjötsframleiðslan þarf viðbótarstuðning. Öll velferðarríki heimsins styrkja sitt landbúnaðarkerfi, væntanlega ekki að ástæðulausu. Kröfur neytenda fara vaxandi og með því að tryggja innlendri framleiðslu sess tryggjum við framboð heilnæmra matvæla en ekki síður möguleika okkar til að stýra okkar eigin framleiðsluþáttum. Þetta er dýrmætt og nauðsynlegt er fyrir íslenska þjóð að sofna ekki á verðinum og glopra frá sér valinu, störfum og þekkingu í matvælaframleiðslu.

Stöndum vörð um hreinleikann og gæðin, þekkinguna og atvinnumöguleikana. Tryggjum að neytandinn hafi valið og látum hljóð og mynd fara saman.

Herdís Magna Gunnarsdóttir,
varaformaður BÍ
og formaður NautBÍ.



HÚS Fasteignasala

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is





Heimildaskáldsagan ***Aldrei nema vinnukona*** er sjálfstætt framhald bókarinnar ***Aldrei nema kona*** sem kom út 2020.

Sagan hefst árið 1886 þar sem söguhetjan, Þuríður Guðmundsdóttir vinnukona, stendur ásamt frændfólki sínu og bíður skips. Hún er á förum til Ameríku, 36 ára gömul. Sagan segir frá ferðalagi hennar vestur en á þeirri ferð rifjar hún upp 16 ára starfsferil sem vinnukona í Skagafirði og Húnavatnssýslum.

Fæst í öllum helstu bókabúðum og hjá höfundi:
sveinsy47@gmail.com

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull







| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |





LESENDARÝNI

Ágangur, lög og ólög

– „Af vondum lögum versna siðir.“ *(íslenskur málsháttur)*

Þegar ágangurinn var orðinn stanslaus og vonlaust við hann að eiga var leitað til sveitarstjórnar í von um að þar væri hjálp að fá. Hjálparbeiðninni var snarlega hafnað. Aftur var reynt og vísað í lög um skyldur sveitarstjórna til að smala ágangsfé. Aftur var umsvifalaust neitað. Þá var kvartað yfir neitun sveitarstjórnar til sveitarstjórnarráðuneytisins, sem tók sér ár í að svara. Að lokum barst álit á níu síðum, þess efnis að þar sem jörð okkar væri ekki friðuð, girt dýrheldri vottaðri girðingu og auglýst í Stjórnartíðindum, væri kindum á flækingi heimilt að vera á beit í landinu okkar. Þess vegna þyrfti sveitarstjórn ekki að láta smala kindunum sem væru sekar um það eitt að nýta sér beitarrétt sinn við að naga niður ungviðinn í landi okkar.



Kristín Magnússon.

Í framhaldinu ritaði greinarhöfundur tvær greinar, sú fyrri með fyrirsögninni **„Þegar landinu var stolið um hábjartan dag“,** en sú seinni; **„Þegar heimasveitir urðu afréttur“.** Báðar fjölluðu þær um kostulega lagagrein, sem laumað hafði verið í lög um búfjárhald árið 2002. Áður en vikið er að nýfengnu áliti umboðsmann Alþingis á lagagreininni, er rétt að rekja í stórum dráttum hvernig lög um ágang hafa þróast hér á landi frá landnámi

Þjóðveldið

Grágás var fyrsta lagabók Íslendinga, skrifuð einhvern tímann á þjóðveldisöldinni (930 til 1264). Þar segir í 10. kafla landabrigðisþáttar:

Ef maður lætur reka fé sitt í annars manns land eða svo að hann vill að þangað gangi, þá varðar það fjörbaugsgarð.

Búskussi sem lét búfé sitt þvælast inn í annars manns land þurfti að hverfa af landinu í þrjú ár, og hafði þrjú ár til að koma sér í burtu. Ef hann var þá ekki á braut – var hann réttdræpur! Það var því alvarlegur glæpur að gæta ekki búfjár síns í heimasveitum.

Í kjölfar þess að Íslendingar gengust Noregskonungi á hönd var Járnsíða lögtekin, og síðar Jónsbók, og varð þá sú breyting að ekki þurfti lengur að greiða landeiganda skaðabætur fyrir tjón sem ágangsfé olli í ógirtum löndum. Íslendingar voru ósáttir við breytinguna og var ákvæðinu breytt til fyrra horfs árið 1294. Ágangur skyldi skaðabótaskyldur, hvort heldur land var girt eða ógirt.

1929: „Gróður lands er friðhelgur ...“

Árið 1929 fluttu tveir þingmenn Framsóknarflokksins, þeir Bernharður Stefánsson og Jörundur Brynjólfsson, frumvarp á Alþingi. Í frumvarpinu var eftirfarandi grein:

2. gr. Gróður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem lög þessi setja.

Skýring í frumvarpinu við greinina var eftirfarandi:

Eignarrétturinn er friðhelgur eftir stjórnarskránni. Gróður lands er eign þess, sem landið á eða hefir umráð yfir. Af þessu leiðir, að sérhverjum er óheimilt að beita annars land. Verður að binda hann þeirri skyldu, ekki einasta að gera það ekki vísvitandi, heldur einnig að girða fyrir, að það geti orðið. Hvílir þessi skylda jafnt á öllum, og verður því engum óréttur gerður sérstaklega.

Í greinargerð frumvarpsins segir meðal annars:

Enda er það víst, að réttarmeðvitund manna er lifandi fyrir því að bíða ekki skaða af öðrum bótalaust. Hefur líka réttaröryggi í þá átt verið tryggt á flestum eða öllum sviðum nema þessu og lagað eftir nútíma ásigkomulagi ...

Af þessu ástandi hefir leitt, að ýmsir ofhlaða land sitt, með það beinlínis fyrir augum, að fénaður þeirra framfleytist á annarra löndum ...

Frumvarpið fékk ekki framgang árið 1929. Að tilstuðlan landsstjórnar var það aftur lagt fram árið 1930, en án árangurs.

1969: „Ólafslög“ um fjallskil o.fl.

Í desember 1958 skipaði Hermann Jónasson, formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, nefnd til að endurskoða ákvæði laga um; notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil og ágang búfjár. Formaður nefndarinnar var Ólafur Jóhannesson lagaprófessor, síðar forsætisráðherra. Nefndin vann drög að frumvarpi sem varð uppistaðan í fyrstu lögum lýðveldisins um fjallskil nr. 42/1969, nú lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Um ábyrgð búfjáreigenda á ágangi búfjár í annarra manna lönd, segir í greinargerð Ólafsnefndarinnar:

Þetta ákvæði réttarbótarinnar [innskot: frá 1294] verður að telja gild lög enn þann dag í dag. Ágangur búfjár í tún, akra eða engi varðar því fjáreiganda bótum, án tillits til þess, hvort landið er girt eða eigi, og hvort sem fjáreiganda verður um kennt eða ekki. Þessi ákvæði eru að efni til staðfest í 38. gr. þessara laga, er einnig lætur hið sama gilda um afgirt svæði, þótt ekki séu þar tún, engi eða matjurtagarðar.

Í IV. kafla laganna eru úrræði fyrir landeigendur til að bregðast við ágangsfé:

- Ef ágangur búfjár úr afrétti í heimaland er verulegur ber sveitarstjórn að smala og skila aftur á afréttinn eða í skilarétt.
- Meirihluti landeigenda getur óskað eftir að heimalönd þeirra séu girt frá afrétti ef ágangur úr honum er verulegur.
- Ef ágangur er úr einu heimalandi í annað skal sveitarstjórn smala ágangsfénu og skila þangað þar sem það má vera, og rukka eiganda fjárins fyrir smölunarkostnaði.
- Búfjáreigendur eru bótaskyldir ef búfé þeirra veldur tjóni í engjum, túnum, garðlöndum eða öðrum afgirtum svæðum.

Lögin gera ekki kröfu um vörsluskyldu búfjár í heimasveitum, eins og tíðkast í öðrum löndum, en í þeim eru ákvæði um úrræði fyrir landeigendur við ágangi, sem geta verið fjárhagslega íþyngjandi fyrir þá sem gæta ekki búfjár síns í heimasveitum. Athyglisvert er að ágangur úr afrétti þarf að vera verulegur til að sveitarstjórn beri að smala, en ef ágangur er úr einu heimalandi í annað, má ætla að nóg sé að hann sé stakur, eða tilfallandi.



„Að skilgreina heimilt ástand í sveitum, með þeim orðum að þá geti búfé stundað beitarþjófnað, er bæði undarlegt og óheppilegt,“ segir Kristín m.a. í grein sinni.

> „Vörsluskylda í heimasveitum er stærsta dýraverndarmál landsins. Þá er það eitt mikilvægasta umferðaröryggismál þjóðarinnar.“

1991: Nýyrðið; „lausaganga“

Án augljósrar ástæðu, var hugtakið „lausaganga“ kynnt til sögunnar í lögum um búfjárhald nr. 46/1991. Í lögunum er það sagt vera þegar búfé geti gengið á annars manns land, í óleyfi. Í raun var verið að gefa gamla glæpnum og ósiðnum nafn, þ.e. þegar menn ofhlaða eigin lönd af búfé, með það beinlínis fyrir augum að framfleyta því á annarra löndum.

Fullvíst má telja að „lausaganga“ skilgreini ekki búháttinn þegar kindur eru á sameiginlegum beitarafrétti, utan byggða, enda hefur upprekstur á afrétti verið iðkaður frá landnámi án nafngiftar. Að skilgreina heimilt ástand í sveitum, með þeim orðum að þá geti búfé stundað beitarþjófnað, er bæði undarlegt og óheppilegt. Af þeirri orðræðu hafa margir dregið þá ályktun að lausaganga heimili beitarþjófnað, a.m.k. upp að einhverju marki. Jafnvel má greina slíkan misskilning hjá löggjafanum, en í lögum um skóga og skógrækt, nr. 33/2019, segir:

20. gr. Óheimilt er að beita búfé í skógi eða á skógræktarsvæði nema með leyfi viðkomandi skógareiganda, enda sé skógurinn eða skógræktarsvæðið afgirt í samræmi við ákvæði girðingarlaga.

Greinin virðist ganga út frá því að heimilt sé að beita búfé í ógirta skóga og skógræktarsvæði, án leyfis landeigenda. Í skýringum við greinina í lagafrumvarpinu segir að nauðsynlegt sé að hafa ákvæðið í ljósi „lausagöngu“ sauðfjár.

Þannig virðist höfundur lagagreinarinnar halda að „lausaganga“ víki hinni aldagömlu grunnreglu til hliðar, að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land, þar með talin ógirta skóga og skógræktarsvæði. Þá var ástæðulaust að taka fram að beit í girta skóga eða skógræktarsvæði væri óheimil, sbr. 1. ml. 34. gr. laga um afréttamálefni nr. 6/1986:

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur.

Hin óheppilega orðræða í lögunum um „lausagöngu“ hefur verið uppspretta margvíslegs misskilnings um rétt landeigenda, ábyrgð búfjáreigenda og skyldur sveitarstjórna.

1997: Lögregla smali ágangsfé

Árið 1997 var bætt nýjum málslið við 33. gr. Ólafslaga, svohljóðandi:

Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.

Ákvæðið styrkti úrræði landeigenda, en sumar sveitarstjórnir höfðu kosið að skella skollaeyrum við að sinna lagaskyldu sinni, þ.e. að smala ágangsfé í heimalöndum. Það er furðulegt fyrir sveitarstjórnir, sem eiga allt sitt undir því að almenningur fari að lögum, og hafa sjálfar eftirlitsskyldu með því á fjölmörgum sviðum, að fara ekki sjálfar að skýrum lagafyrirmælum.

2002: Friðun lands og álit stjórnsýslunnar

Í október 1999, skipaði Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög um búfjárhald. Þrír fyrstu málsliðir nýrrar greinar, sem dúkkuðu upp í frumvarpinu, voru eftirfarandi:

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum.

Þetta er undarlegur texti. Umráðamanni er „heimilt“ að ákveða að beit búfjár sé bönnuð á hans landi. Hvenær gerðist það að honum varð það óheimilt?

Engin þörf var hjá landeigendum til að friða lönd sín opinberlega gegn búfé og því spurðu margir af þeim sem sendu inn umsögn um frumvarpið, hver tilgangur greinarinnar væri.

Greinin var í engu skýrð í meðförum þingsins, hvorki af ráðherra né þingnefndinni sem fjallaði um hana. Líklega vissu fæstir þingmenn um tilgang hennar, þegar greinin var samþykkt sem lög frá Alþingi þann 2. maí 2002.

Skv. fyrrnefndu áliti sveitarstjórnarráðuneytisins til okkar, sem það gaf eftir samráð við gamla landbúnaðarráðuneytið, skyldi gagnálykta út frá greininni um að kindur í lausagöngu í heimasveit ættu umgangs- og beitarrétt í ófriðuðum heimalöndum viðkomandi sveitar.

2022: Umboðsmaður: Eignarréttur er stjórnarskrárverndaður

Kvartað var yfir áliti sveitarstjórnarráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis. Hann gaf út ítarlegt álit þann 11. október sl., þar sem segir m.a.:

Ákvæði 4. kafla laga nr. 6/1986 fjalla í heild sinni um þau úrræði sem umráðamanni lands eru tiltæk í krafti eignarréttar við þær aðstæður að hann verður fyrir ágangi búfjár. Eru þau í samræmi við stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignarréttarins og styðjast þar að auki við þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land.

Niðurstaða umboðsmanns er að greinin um friðun lands í lögum um búfjárhald skuli ekki hafa áhrif á lagalega stöðu ófriðaðra landa. Um þau gildi áfram lög um afréttamálefni nr. 6/1986. Þá leggur hann að ráðuneytinu að endurskoða leiðbeiningar sínar til sveitarfélaga í samræmi við álit sitt.

Álit umboðsmanns var mikill léttir fyrir fjölda fólks úti um allt land sem hafði mátt þola ágang sauðfjár án lagalegra úrræða Ólafslaga. Segja má að álit umboðsmanns felli niður beitarítakið sem lagagreinin um friðun lands átti að færa kindaeigendum í heimalöndum landsins. Þá fylgdi álitinu feginleiki yfir því að vinnubrögðin við lagasetninguna dygðu ekki til verksins, sem þeim var ætlað.

Sjálfsögð vörsluskylda í heimasveitum

Það er ekki tilviljun að aðrar þjóðir skylda eigendur búfjár til að gæta þess í heimasveitum. Þar er vörsluskylda sögð tryggja að búfé valdi ekki tjóni hjá öðrum landeigendum, ekki slysum á vegfarendum eða sjálfu sér skaða. Að fóðra búfé sitt með beitarþjófnaði er hvergi viðurkenndur eða löglegur búháttur. Eftir álit umboðsmanns er óhætt að segja að hann sé það ekki heldur hér á landi – þó svo orðræðan í lögum ýti undir misskilning í þeim efnum.

Vörsluskylda í heimasveitum er stærsta dýraverndunarmál landsins. Þá er það eitt mikilvægasta umferðaröryggismál þjóðarinnar. Jafnframt er hún löngu tímabær viðurkenning á því að búháttur, sem tveir þingmenn Framsóknarflokksins kváðu árið 1929 vera ótækan vegna réttarmeðvitundar fólksins í landinu, sé ósæmandi búháttur hér á landi.

Kristín Magnúsdóttir
lögfræðingur.

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

Trúin á árangur

Það er engum blöðum um það að fletta að umræða um landbúnað og fæðuöryggi hefur tekið grundvallarbreytingum síðasta árið.


Svandís Svavarsdóttir.

Innrás Rússa í Úkraínu hefur mikil áhrif á gangverk matvælaframleiðslu á heimsvísu. Ísland hefur ekki farið varhluta af þeim áhrifum, til að mynda með hækkunum á aðföngum. En þessar áskoranir til skemmri tíma, sem snúast um að framleiða nægjanlegt magn, koma til viðbótar við langtímaverkefni um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Í næstu viku mun ég sitja fund landbúnaðarráðherra OECD, þar sem saman koma landbúnaðarráðherrar 50 ríkja. Umræðan á þeim fundi mun hverfast um þessar áskoranir. Enda glíma bændur og stjórnvöld alls staðar við sama, að tryggja fæðuöryggi og á sama tíma draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stjórnvöld hafa komið til móts við landbúnaðinn á þessu ári með verulega auknum framlögum. Fyrst með 700 milljónum króna í vor vegna hækkana á áburðarverði síðastliðinn vetur og svo í kjölfar þeirra flekahreyfinga sem urðu á matvælamörkuðum vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Til að mæta þeim hækkunum skipaði ég spretthóp sem skilaði mér útfærðum tillögum um stuðning upp á 2,5 milljarða króna. Þessar tillögur gerði ég að mínum og fengu þær víðtækan pólitískan stuðning. Bróðurpartur af þeim stuðningi hefur nú verið greiddur út og afgangurinn verður greiddur út á næstu mánuðum.

Bændur hafa nú þegar sýnt að dæmið gangi upp

Að draga úr losun í landbúnaði er verkefni sem engir aðrir en bændur geta leyst. Vísindi og þekking geta vísað veginn en það er enginn annar en bændur sem koma hlutunum í verk.

Ég hef fulla trú á íslenskum bændum í þessu verkefni. Í gegnum verkefnið „loftslagsvænni landbúnaður“ hefur komið í ljós að það er mikill breytileiki í losun búa og til eru bú sem eru ekki bara loftslagshlutlaus, heldur binda mun meira kolefni heldur en þau losa.

Íslenskir bændur hafa nú þegar sýnt að verkefnið er yfirstíganlegt. Aukin framleiðni búfjár og ræktarlands, aukin nákvæmnisbúskapur og þekking við nýtingu áburðar varða leiðina.

Bændur hafa nú þegar sett sér metnaðarfull stefnumið í umhverfismálum sem eru í takti við áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum. Bændur og fyrirtæki þeirra hafa mikinn slagkraft þegar stefna er tekin á framfarir. Þetta sýna nýleg dæmi úr nautgriparækt þar sem byltingarkennd tækni við ræktun mjólkurkúa hefur verið tekin upp hérlendis, fáeinum árum eftir að það var talið fræðilega ómögulegt við íslenskar aðstæður.

Sami kraftur, byggður á þekkingu, nýsköpun og trúin á árangur verður lykillinn að því að landbúnaðurinn nái markmiðum í loftslagsmálum.



Ég hef þessa trú á íslenskum landbúnaði.

Tíminn er á þrotum

Það er stundum sagt að eina auðlindin sem er ekki endurnýjanleg sé tíminn. Tíminn er á þrotum í loftslagsmálum. Ef ekki tekst að ná mun meiri árangri á næstu árum mun lausnunum fækka. Við verðum einfaldlega uppiskroppa með tíma. Við sjáum umræðu um íþyngjandi og umdeildar aðgerðir vera teknar til umræðu í nágrannalöndum okkar af fyllstu alvöru, hvað varðar metanlosun búfjár og áburðarnotkun. Mín sýn í þessum málum er skýr, ég trúi á hugvit íslenskra bænda til að ná árangri og til að gefa hugvitinu farveg þarf stjórnkerfið að launa árangur. Við þurfum framleiðnihvata í stað framleiðsluhvata. Ég er sannfærð um að lausnir sem miða að þátttöku bænda, í þessu stærsta verkefni okkar tíma, munu skila okkur þeim víðtæka árangri sem við þurfum á að halda.

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.

RML

Mikilvægi gagnaöflunar

Á liðnum misserum og árum hefur orðið æ ljósara hversu mikilvægt það er landbúnaðinum að safnað sé sem mestum og nákvæmustum upplýsingum um rekstur í landbúnaði.


Björn Halldórsson.

Það ætti að vera sjálfsagður hluti af starfsemi allra búa í landinu að leggja sitt af mörkum við að skapa sem skýrasta mynd af afkomu bænda með því að taka þátt í þeirri gagnasöfnun sem unnin er á þessu sviði hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML.

Þessi gagnasöfnun hefur mjög margþætt hlutverk. Einstakir bændur fá gleggri mynd af eigin rekstri og geta borið saman sinn rekstrarárangur milli ára. Jafnframt getur hver og einn skoðað sinn rekstur í samanburði við meðaltöl greinarinnar. Nú þegar er nokkur hluti kúa- og sauðfjárbænda með í þessu verkefni hjá RML. Sú mynd sem þar kemur fram nýtist öllum bændum viðkomandi greina. EN leiða má líkum að því að áreiðanleiki gagnanna væri mun meiri ef þátttaka bænda væri almenn. Fyrirhugað er að hefja markvissa söfnun gagna frá garðyrkjunni með sambærilegum hætti. Þau gögn sem þar safnast munu styrkja stöðu garðyrkjunnar í samningum við ríkið um starfsaðstöðu greinarinnar og afkomustuðning.

Gögnin má nota til að sjá afkomu einstakra búgreina og hvernig þróunin er á hverjum tíma. Slíkar upplýsingar eru algerlega nauðsynlegar í allri hagsmunagæslu, og ekki þá síst í viðræðum við stjórnvöld við endurskoðanir á búvörusamningum og gerð nýrra samninga. Það er ekki trúverðugt ef við nestum samningamenn okkar með upplýsingum eins og; „við þurfum mjög mikla hækkun“ eða „það er allt að fara til helvítis“, svo dæmi séu tekin. Okkar fulltrúar verða að hafa undir höndum gögn sem hafa eins mikinn trúverðugleika og mögulegt er. Trúverðugleikinn verður því meiri sem fleiri bændur skila sínum upplýsingum í heildaruppgjörið.

Auk þeirrar gagnsemi sem hér hefur verið rakin eru góðar og vandaðar upplýsingar úr rekstri einstakra búa nauðsynlegar við mat á kolefnislosun/bindingu. Gildir það bæði fyrir einstök bú sem og heilu búgreinarnar og landbúnaðinn í heild. Þessar upplýsingar eru nauðsyn til að meta þörf á aðgerðum og – ekki síður til að meta árangur af aðgerðum þegar fram í sækir. Því miður erum við varla komin af stað á þessu sviði en það er öllum ljóst sem á annað borð hafa augu og eyru opin að á þessu sviði er mikið verk að vinna á komandi árum og áratugum. Að sjálfsögðu er líklegt að það opnist miklir möguleikar í markaðssetningu hjá þeim sem taka loftslagsmálin föstum tökum og því er talsverð „vinningsvon“ fólgin í því að byrja strax að huga að þessum málum.

Til viðbótar því sem hér að framan hefur verið rakið um mikilvægi gagnasöfnunar í landbúnaði er ástæða að nefna að staða matvælaframleiðslu í landbúnaði hefur fengið annan sess eftir að fæðuöryggi var tekið inn í þjóðaröryggisstefnu fyrir landið. Við þessa aðgerð hlýtur að koma aukin krafa um að þekkja á hverjum tíma stöðuna í greininni og hvaða þarfir eru t.d. til bæði skamms og langs tíma fyrir hin ýmsu aðföng. Jafnframt liggja þá fyrir upplýsingar sem nota má til að gera trúverðugar spár um framleiðslu í nánustu framtíð.

Ég vil því hvetja alla bændur til að leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

Björn Halldórsson,
stjórnarformaður RML.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík


MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn.

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT · NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874 ·

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2022.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra í netfanginu haflidi@icelandiclamb.is



Opnað fyrir skil á **haustskýrslum**

Matvælaráðuneytið hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2022 í Bústofni.

Í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er öllum umráðamönnum búfjár skylt að skila árlega rafrænni haustskýrslu í Bústofn, eigi síðar en 20. nóvember.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu. Einnig skal koma fram gróffóðuruppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum ásamt fyrningum og upplýsingum um aðra fóðuröflun og landstærðir.

Skila þarf haustskýrslu í Bústofn eigi síðar en 20. nóvember 2022. Skráning í Bústofn er með rafrænum skilríkjum eða Íslykli

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

EYJALIND Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

VÉLABÁSINN

Notalegur dráttarklár – John Deere 6135R



John Deere 6135R er dráttarvél fyrir þá sem vilja mikinn lúxus. Stiglaus sjálfskipting og rafstýringar í öllu miða að áreynslulausri notkun. Myndir / ÁL



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

John Deere 6135R er sérlega vel útbúinn traktor með stiglausri skiptingu og fjögurra strokka hreyfli. Þessa dráttarvél væri hægt að flokka sem millistóra eins og Fendt 700 eða Massey Ferguson 6S. Dráttarvélin hugsuð sem valkostur fyrir þá sem vilja eins mikinn munað á flestum sviðum og hægt er.

Þegar gengið er að vélinni er gaman að sjá klassísku John Deere litina, grænan og gulan. Vélar frá þessum framleiðanda hafa ekki átt langa sögu á íslenskum markaði, en eru með þeim vinsælustu beggja vegna Atlantshafsála. Frændur okkar Norðmenn hafa til að mynda tekið ástfóstri við þetta merki undanfarna áratugi og er líklega einn grængulur á flestum bæjartorfum þar í landi. Þótt John Deere sé ameríska merki, þá er þessi vél alfarið framleidd í Mannheim í Þýskalandi.

Íslyft formlegur umboðsaðili

Markaðshlutdeild þessara véla á Fróni hefur aukist á allra síðustu árum eftir að þær hlutu varnarþing hjá Íslyft, hafandi verið á hrakhólum lengi. Verandi með íslenskt umboð hefur John Deere lagt á sig þá vinnu að íslenska allt stýrikerfi og allar notendahandbækur. Bændur sem vilja traktor sem hugsar á okkar ástkæra og ylhýra geta því íhugað þennan kost.

Dráttarvélin vigtar notandann

Allar vélarnar sem umboðið flytur inn eru með hátt búnaðarstig og finnur maður mjög fljótt þegar tekið er í traktorinn að lúxusinn er mikill. Sætið er til að mynda með tæknilegri fjöðrun. Þegar vélin er ræst heyrast óhljóð undir sessunni og notandinn lyftist upp og niður. Þarna eru innbyggðar vogir að mæla þyngd notandans og er fjöðrunin sjálfkrafa stillt samkvæmt því.

Við þetta bætist fjarandi hús og framhásing sem verja ökumanninn frá utanaðkomandi hamagangi.

Sætinu er hægt að snúa um nokkrar gráður til þess að ökumaðurinn þurfi ekki að vinda upp á sig þegar fylgst er með tækjum fyrir aftan. Þessi ás er þannig stilltur að það truflar notandann ekkert að hafa opið fyrir snúninginn öllum stundum. Stjórnandinn hefur því mikinn hreyfanleika við vinnu og upplifunin er sambærileg því að sitja í vönduðum skrifborðsstól.

Hljóðlát og sveif

Þægindin halda áfram þegar byrjað er að aka vélinni og hávaðinn frá mótornum berst lítið sem ekkert til notandans. Hvað hljóðvist varðar er þó ekki hægt að segja að John Deere 6135R skeri sig frá öðrum nýjum millistórum vélum, enda virðast flestir betri frameiðendur vanda sig á þessu sviði.

Bændur sem vilja hafa með kælivöru á heitum dögum geta glaðst, því hér er komin dráttarvél með kæliboxi. Það er ekki mjög stórt, en dugar til að rúma þrjár Nocco dósir, eina samloku og súkkulaðistykki.



Innréttingin virðist vera vel skrúfuð saman. Sætið er vandað og stillir af fjöðrunina eftir þyngd notandans.



Tölvuskjárinn býður upp á mikla möguleika. Allt viðmótið er á Íslensku.

Breið framrúða – góðir speglar

Framrúðan er breið og kemur á óvart hversu þægilegt er að horfa út um slíkan skjá. Húsið er einungis með fjórum gluggapóstum sem gerir útsýnið til hliðanna betra en annars. Þar sem brettin og dekkin skyggja á koma hliðarspeglarnir að góðum notum, jafnvel þegar ekið er áfram. Í ámoksturstækjavinnu skyggir stórt og kröftugt húddið á útsýnið beint fram fyrir vélina. Því er ekki hægt að mæla með þessari vél ef hún er hugsuð helst í þannig vinnu, enda er hún ekki hönnuð sem slík. Þetta er miklu frekar dráttarvél en mokstursvél.

Þessi áhersla sést þegar þakglugginn er skoðaður. Ólíkt þakgluggum í mörgum öðrum nýjum dráttarvélum er nokkuð þykkur póstur milli framrúðunnar og áðurnefnds þakglugga. Útsýnið til himins er því ekki óhindrað.

Stiglaus sjálfskipting

Stiglaus sjálfskiptingin er eitt af helstu trompum þessarar vélar. Í akstri er bremsan eina fótstigið sem nauðsynlegt er að nota, annars er hægt að stjórna akstursþraða og snúningshraða mótorsins alfarið með annars vegar einni sveif og hins vegar handolíugjöf. Þegar „akstursþraðasveifin“ er færð fram og aftur sér notandinn í mælaborðinu hvaða hraði hefur verið valinn og getur svo fínstillt með litlum hnappi efst á sveifinni.



Vélin er nefstór og ekki hugsuð fyrir þá sem þurfa aðallega að nota ámoksturstækin.



Allt er vænt sem vel er grænt.

Þar sem skiptingin er algjörlega stiglaus er hægt að skipta úr lægsta drifinu í það hæsta á augabragði án fyrirhafnar. Í notkun virðist skiptingin almennt vera fumlaus en blaðamanni fannst dráttarvélin rykkjast örlítið til í mikilli fínvinnu. Taka ber í reikninginn að undirritaður er óvön skrifstofublók, ekki þaulæfður bóndi.

Skjár með mikla virkni

Þegar stjórnborðið er skoðað er greinilegt að mikil hugsun hefur farið í að hafa staðsetningu allra stjórntækja eins þægilega og aðgengilega og hægt er. Notandanum stendur til boða að sérsníða virkni fjölda hnappa eftir sínum þörfum og er það gert í gegnum stóran tölvuskjá þar sem allt viðmótið er á íslensku. Áðurnefndur skjár gefur líka góða yfirsýn yfir allt sem vélin er að gera hverju sinni.

Á stjórnborðinu er rafmagnsstýripinni fyrir ámoksturstækin. Á honum eru nokkrir forritanlegir hnappar sem er hægt að láta stjórna nokkrum aðgerðum. Þar er m.a. hægt að hafa skipanir fyrir frambeislið, afturbeislið, glussaúttök og vendigírinn.

Tölur

Nafn vélarinnar, 6135R, er ekki endilega auðskiljanlegt við fyrstu sýn. Ef þetta er túlkað og brotið niður þá stendur „6“ fyrir stærðarflokkinn, „135“ er afl mótorsins og „R“ er efsta búnaðarstigið. Framleiðandinn straumlínulagaði nafngiftir sínar fyrir skemmstu og munu þessir traktorar heita 6R 140 hér eftir.

Þrátt fyrir að vélin sé seld sem 135 hestafla vél þá er hún útbúin aflauka sem virkjast við mikið álag. Því standa til boða 20 auka hestöfl sé þess mikil þörf.

Verðið á þessari vél með ámoksturstækjum er 18.300.000 krónur án vsk. Helstu mál eru eftirfarandi: Lengd 4.870 mm, hæð 2.930 mm og breidd 2.550 mm.

Sérstakar þakkir fá bændurnir á Ytra-Hólmi sem lögðu til dráttarvélina í þennan prufuakstur.

SÖFNIN Í LANDINU

Sauðfjársetur á Ströndum:

Safn og menningarmiðstöð

Sauðfjársetur á Ströndum er safn og menningarmiðstöð sem hefur nú verið starfandi í 20 ár. Um er að ræða sjálfseignarstofnun sem starfar í þágu samfélagsins. Höfuðstöðvarnar eru í félagsheimilinu Sævangi, 12 km sunnan við Hólmavík.

Starfsemin hefur gengið vel í sumar og gestafjöldi er í takt við það sem best gerðist fyrir Covid. Flestir koma á stórhátíðir eins og Íslandsmótið í hrútadómum, Náttúrubarnahátíðina og Sviðaveislu að hausti. Safnið var opið daglega frá því seint í maí fram yfir miðjan september, en nú er vetrartími tekinn við og opið eftir samkomulagi og í tengslum við viðburði.

Fjórar sögu- og listsýningar eru uppi á Sauðfjársetrinu hverju sinni. Fastasýningin heitir Sauðfé og sveitafólk á Ströndum og er þar fjallað um búskapinn frá ýmsum sjónarhornum. Förufólk & flakkarar er sýning þar sem sagt er frá förufólki sem flakkaði um Ísland fyrr á öldum. Vorið 2022 var svo sett upp ný sýning sem heitir Hvítabirnir í heimsókn. Þar er fjallað um bjarndýrakomur, en þær eru ævintýralegir viðburðir sem magnaðar sögur eru sagðar um. Í kaffistofunni Kaffi Kind er svo ljósmyndasýning, Svipmyndir úr sveitinni: Úr myndaalbúmi Rósu Jónídu á Kirkjubóli.

Göngustígur liggur frá safninu út í Orrustutanga og við hann er útisýning með sögulegum fróðleik, þjóðsögum og útilistaverkum. Náttúrubarnaskólinn er svo stórmagnað hliðarverkefni við rekstur Sauðfjársetursins. Þar skoða náttúrubörnin seli, fugla, hreiður og blóm, fara í leiki, föndra og mála, búa til fuglahræður, senda flöskuskeyti og sjóða jurtaseyði.



Þriggja daga Náttúrubarnahátíð fyrir fjölskylduna fer fram öll sumur. Hún einkennist af útivist, fróðleik og skemmtun.

Á hverju sumri er haldin glæsileg þriggja daga Náttúrubarnahátíð fyrir fjölskylduna. Hún einkennist af útivist, fróðleik og skemmtun. Flottir listviðburðir eru á dagskránni, sirkus, leiklist, tónlist, smiðjur og margt fleira.

Á afmælisárinu stóð Sauðfjársetur á Ströndum fyrir námskeiði um gerð minjagripa í samstarfi við Sýslið verkstöð á Hólmavík, til að efla vöruþróun og framleiðslu á svæðistengdum minjagripum. Námskeiðið byggði á fyrirlestrum og vinnustofum og var í senn fróðlegt, skemmtilegt og vel sótt. Fram undan er annað námskeið fyrir Strandafólk og nærsveitunga. Þar er fjallað um ritun endurminninga og hvar hægt sé að finna heimildir um fjölskyldusögu. Um það sjá þjóðfræðingarnir Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson.

Nú í haust var Félagi eldri borgara í Strandasýslu boðið í kaffihlaðborð og var það vel sótt. Eldra Strandafólk hefur alltaf staðið þétt á bak við starfsemina og safnastarfið. Þessi velvilji skiptir miklu máli og gaman að þakka fyrir sig.

Á afmælisárinu startaði Sauðfjársetrið einnig hlaðvarpinu Sveitasíminn. Í fyrstu seríu eru sex þættir, aðgengilegir á vefsíðunni saudfjarsetur.is. Á síðustu árum hefur setrið einnig gefið út bækur og núna fyrir jólin kemur út ný bók: Myndir og minningar af Ströndum. Þar hafa yfir fjörutíu einstaklingar skrifað pistil og valið ljósmynd frá liðinni öld til að birta með.

Vonast er til að bókin komi úr prentun um mánaðamótin nóvember-desember.

Ester Sigfúsdóttir.



Útsaums- og garnhelgi á Öngulstöðum með Katý og Garn í gangi 13-15.1'23.
Garnhelgarnar með Garn í gangi á Öngulstöðum eru dekurhelgar þar sem hugur og hönd fá að njóta sín. Á Öngulstöðum er rekin ferðaþjónusta og veitingastaðurinn Lambinn. Innifalið í helginni er fullt fæði frá föstudagskvöldi til sunnudagsmorguns. Súpa á föstudegi, laugardagur, morgunmatur, hádegisverður, seinnipartskaffi og tveggja nátta kvöldverður. Sunnudagur, morgunmatur og kaffi og smákökur um morguninn.
www.garnigangi.is



KROSSGÁTA Bændablaðsins



HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

185	HÁVAÐI	RANGLA	STAFUR	FLANDRA		HEIÐUR	FÁSINNA	RJÁL	REIÐUR	
DÍVAN										TUNGUMÁL
HRÓP					ILLVILJI					
ÁVINNA					HÆLA / STARFA					
TVEIR EINS / ÁTT			NÓTA / INNHORN							
	LÍKAMS-PARTUR	HALLI / BURT				HRIFSAÐI	DUGUR	Í RÖÐ / SPAÐI		
UPPHAF				BYLUR	SKORTIR / ENDAST				ÞRAUT	
SLUNGINN			HVERSU / GNAUÐA				GLÓSA / KÚFAÐUR			
SINNA-SKIPTI						GLEYPA / BLETTIR				STAÐNA
TVEIR EINS		ATHAFNA-SAMUR / NAFNGIFT				FJAS / FLÖKTI				
	HLIÐ / TÖFRAORÐ				KEPPNI / HRATT			NUGGA / LALL		
ÞÝÐA					FLETIR / FUGL				MÁNUÐUR	
ELDSNEYTI				KK. NAFN / ÁTT			SMÁBITI / ÖFUG RÖÐ			
UMMERKI			NÆSTUM			SINDRA				
ÓNOTAST					AFTUR-KALLA					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: TIGERENTE (CC BY-SA 3.0)

184	KVARTA	ÁRSTÍÐ	SPILLA	SPRIKL	HVIÐA		KVK NAFN	HAPP-DRÆTTI	STEFNUR	SÁLDRA
SVISS	K	V	E	I	K	J	U	L	Á	S
FANGA	V	E	I	Ð	A	BRÚKA / ÁNÆGJU-BLOSSI	N	O	T	A
SIGAÐ	A	T	T	TÍUND / ASKJA	S	K	A	T	T	L
KÚSTUR	B	U	R	S	T	I	AÐ / NIÐRA	T	I	L
↓	STEFNA	FRÁ	BRESTIR / FROST-SKEMMD	B	R	A	K	KRAFSA / TVEIR EINS	K	L	Ó	R	A
GEFA EFTIR	S	L	A	K	A	ÓHREINKA	VÆTU / STAÐNA	R	A	K	A	GÓLA	BLÁSA	TVEIR EINS
FLÉTTA	V	E	F	A	AUSTUR-ÁLFA / FRAMVEGIS	A	S	Í	A	SAKLAUS / HEIÐUR	S	Ý	K	N
EKKI	E	I	MESSING / ÞÍÐA	L	Á	T	Ú	N	ÁFORM / GOSEFNI	Æ	T	L	U	N
SVELGUR	I	Ð	A	SPOR / SÖNG-LEIKUR	F	A	R	RUSL / ÖFGA-FULLUR	H	R	A	F	L	GILDRA
	F	YFIRGAF / SKOTT	F	Ő	R	LÍFFÆRI	N	Ý	R	A	FLJÓT-FÆRNI / GEYMI	R	A	S
GÓMA	G	R	Í	P	A	KEYRA / ANGAN	A	K	A	HVAÐ	H	A	MISKUNN	N
HÆGLÆTI	R	Ó	S	E	M	I	NÖLDRA / TVÍHLJÓÐI	T	U	Ð	A	ÁTT / TVEIR EINS	N	A
MJÖG	A	F	A	R	HÝRA	L	A	U	N	SPOR-LÉTTUR	F	R	Á	R
ÁTT	S	A	VESÆLL	A	U	M	U	R	HEIÐRA	V	I	R	Ð	A

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 17. nóv

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Bakki í Geiradal



Hjónin Árný og Baldvin fluttu á Bakka í Geiradal í Reykhólahreppi í maí árið 2014 með 40 kindur ásamt lömbum. Síðan þá hafa þau unnið að því að stækka og bæta fjárstofninn í um 530 fjár á vetrarfóðrum. Núna eru þau með féð á Bakka og á nágrannabænum Gautsdal, en láta sig dreyma um að stækka fjárhúsin heima til að geta haldið allan bústofninn þar.

Býli: Bakki í Geiradal, Reykhólahreppi.

Ábúendur: Árný Huld Haraldsdóttir og Baldvin Reyr Smárason.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Hér búum við ásamt börnunum okkar, Hrafnhildi Söru (2009), Hafrúnu Magneu (2012) og Smára Hlíðari (2018). Kolbeinn Óskar (2005), systursonur Baldvins, er svo hérna sem heimalningur. Nýjustu „fjölskyldumeðlimirnir“ eru hvolpurinn Alda og kettlingurinn Rjómi. Nokkrar endur sjá okkur líka fyrir eggjum.

Stærð jarðar: Um 1.100 hektarar.

Gerð bús og fjöldi búfjár: Sauðfjárbú, en í vetur verðum við með um 530 fjár á fóðrum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Yfir veturinn byrjar Baldvin á að gefa í Gautsdal og á Bakka. Yfir daginn eru svo alls konar verk unnin í tengslum við búfénaðinn og dagurinn brotinn upp með hádegismat og kaffitíma. Um fimmleytið er svo lagt af stað í seinni gjöf og farin sama leið og um morguninn.

Stundum lýkur vinnudegi um og upp úr kvöldmatarleytinu, en stundum er haldið áfram að sinna einhverju skemmtilegu í fjárhúsunum fram eftir kvöldi. Árný vinnur utan búsins allt árið og sinnir líka sveitarstjórnarstörfum, en fátt er betra en að fara í fjárhús til að hreinsa hugann. Í sauðburði, heyskap og smalamennskum skiptast allir vel á við öll verk og nýta styrkleika sína til hins ýtrasta.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?
Baldvini finnst skemmtilegast að heyja þegar ekkert er bilað en pottþétt leiðinlegast að flokka kindurnar eftir ströngum reglum „forstjórans“ fyrir fengitíma. ***Árnýju*** finnst skemmtilegast í sauðburði og vildi helst að hún þyrfti aldrei að sofa í maí, henni finnst heldur ekkert leiðinlegt að velta sér upp úr Fjárvís og plana allt í excel. ***Kolbeinn*** er mikill vinnuþjarkur, tekur þátt í öllu og er meira að segja kominn í rúninginn. ***Hrafnhildur*** elskar að taka á móti lömbum og hefur gott lag á kindunum. ***Hafrún*** fóstrar lömb sem fæðast líflítil af öllu hjarta og töfrar ótrúlegustu kindur á sitt band til að fá klapp. ***Smári*** fæddist svo með dálæti af vélum, bílum og öðrum tækjum og er til í allt þeim tengdum.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Við sjáum fyrir okkur að við verðum komin með allt okkar fé heim í nýrri viðbyggingu við fjárhúsin. Endurbæturnar verði að mestu leyti búnar, þótt alltaf megi gera betur í dag en í gær. Fjöldi fjár verði svipaður en vonandi verði á hverju ári einhverjar framfarir sem megi fagna.







Draumurinn er svo að koma fyrir flottri aðstöðu fyrir heimavinnslu á meðhöndlun á lamba- og ærkjöti.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Hér eru alltaf til andaregg – stundum alveg 120 stk. Skinka, ostur, kokteilsósa og mjólk eru mjög mikilvæg. Líklega er svo alltaf eitthvað skrítið þar líka eins og bóluefni eða önnur lyf fyrir sauðfé sem „þarf“ að geyma þar. Í frystinum er alltaf til lambakjöt og kindahakk.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimilisfólki ber ekki saman um hver sé vinsælasti maturinn á heimilinu og skal það liggja á milli hluta að sinni.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þau eru nú nokkuð mörg og erfitt að velja eitthvað eitt. Ætli fyrsti sauðburðurinn renni ekki seint úr minni. Þá vorum við með 140 gemlinga og fengum að ganga í gengum allan tilfinningaskalann á hverjum degi.









MATARKRÓKURINN

Heilsteikt nautalund

Hafliði & Halldór
haflidi@icelandiclamb.is



Við ætlum ekki að finna upp hjólið í vali á nautakjöti að þessu sinni, heldur gefum hugmynd að því hvernig þið getið eldað íslenska nautalund á einfaldan máta með góðri kartöflumús og sveppasósu.

Í baráttunni við skammdegið dettur okkur ekki í hug að spara smjörið og rjómann. Sem er fullkomið til að ylja sér við í haustmyrkrinu með fjölskyldunni eða í góðra vina hópi. Nautalund er oftast borin fram medium rare, uppskriftin miðast því við það, til að ná réttri niðurstöðu er minnt á nauðsyn þess að nota kjarnhitamæli!

Að gefnu tilefni þá vitum við mörg dæmi þess að heimakokkar með grænjudellu á lokastigi hafi farið illa með meyrt kjöt eins og nautalundir í sous vide eldun. Þær er auðvelt að elda upp í rétt kjarnhitastig í fínni sous vide græju, en ef steikin fær of langan tíma í slíkri eldun veldur niðurstaðan vonbrigðum. Steikin getur litið fallega út og liturinn alveg réttur en áferðin líkt og á kæfu og steikin þurr. Sous vide tæknin er frábær og við notum hana mikið við eldun á kjöti sem þarf langa eldun, en allra síst notum við tæknina á meyra vöðva.



Heilsteikt nautalund með kartöflumús og sveppasósu

1 nautalund
2-3 stilkar garðablóðberg
3 hvítlauksrif
3 msk. matarolía
100 g smjör
Sjávarsalt
Svartur pipar

Uppskriftin miðar við 4-6 skammta, en þá ætti u.þ.b. 1 kg af nautalund að vera passlegt, ef lundin er stærri er um að gera að geyma endana í aðra máltíð og nýta miðjuna úr lundinni í réttinn okkar. Hreinsið sinar af lundinni, notið beittan hníf og farið varlega til að nýta bitann sem best. Saltið lundina vel, hitið pönnu, hellið matarolíu á og brúnið lundina vel á öllum hliðum, kremjið hvítlauksrifin og setjið út á pönnuna ásamt garðablóðbergi og smjöri. Brúnið áfram í 2-3 mínútur og ausið smjörinu yfir lundina á meðan. Færið lundina yfir á eldfastan bakka, hellið smjörinu yfir og eldið í ofni á 160 °C upp í 53 °C kjarnhita, takið þá út, piprið vandlega með nýmuldum svörtum pipar og látið steikina hvíla í 15 mín. áður en lundin er skorin. Athugið að við hvíldina lækkar yfirborðshitastigið, en kjarnhitinn hækkar um leið um nokkur gráður og lokaniðurstaðan á að skila fallegri medium rare steik.Ath. að eina 100% örugga aðferðin er að nota kjarnhitamæli!

Kartöflumús

600 g kartöflur
2 dl rjómi
100 g kalt smjör í bitum
Salt

Skrælið kartöflur og setjið í pott með köldu vatni og sjóðið þar til eru meyrar, sigtið vatnið frá og maukið í kartöflupressu eða í gegnum gróft sigti. Ath. saltið ekki í pottinn, saltið kemur síðar.

Setjið rjóma í víðan pott og sjóðið niður um helming, bætið kartöflumauki við og hrærið vel saman með sleif, bætið smjörinu saman við og hrærið þar til það hefur allt bráðnað. Smakkið til með salti.

Bakaðar rauðrófur með piparrótarkremi

2-3 ferskar rauðrófur
½ dl majones
½ dl sýrður rjómi
1 tsk. rifin piparrót
1 tsk. sítrónusafi
Salt

Bakið rauðrófur þar til eru meyrar á 160 °C, kælið, skrælið og skerið í báta, Blandið öllum hinum hráefnunum saman og smakkið til með salti. Setjið ögn af sósunni yfir rauðrófurnar.

Sveppasósa með kastaníusveppum

½ laukur
2 hvítlauksrif
1 kvistur garðablóðberg
2 msk. matarolía
2 msk. sherrý edik
(rauðvíns- eða eplaedik gengur líka)
1 dl hvítvín
30 g smjör
1 box Flúða kjörsveppir
1 box Flúða kastaníusveppir
2 dl nautasoð
(eða vatn og kjötkraftur)
1 dl rjómi

Saxið lauk og hvítlauk og svitið í potti með olíunni og garðablóðbergi, þegar laukurinn er orðinn glær og mjúkur er edikinu bætt við, leyfið því að sjóða niður og gufa alveg upp. Bætið hvítvíni í pottinn og sjóðið niður um helming.

Sigtið og geymið vökvann til hliðar. Saxið sveppina og steikið í matarolíu í 2-3 mín., bætið smjörinu í og steikið áfram þar til sveppirnir eru vel brúnaðir. Hellið vökvanum yfir ásamt soðinu og sjóðið í 5 mín. Bætið rjóma við, smakkið til með salti, pipar og e.t.v. ögn af ediki.

HANNYRÐAHORNIÐ

Skógarfjör

Fallegir jólalegir sokkar prjónaðir úr Drops Nord

DROPS Design: Mynstur no-051

Stærðir: 35/37 (38/40) 41/43

- Lengd fótar: 22 (24) 27 cm

- Hæð á sokk niður að hæl: Ca 17 (18) 19 cm

Garn: DROPS NORD (fæst hjá Handverkskúnst)

- Skógargrænn nr 19: 100 (100) 100 g

- Perlugrár nr 03: 50 g í allar stærðir

Prjónar: Sokkaprjónar nr 2,5 eða sú stærð sem þarf til að fá 26 lykkjur x 34 umferðir = 10x10 cm

LEIÐBEININGAR-1 (á við um marglitt mynstur): Til að koma í veg fyrir að prjónfestan verði of stíf þegar mynstrið er prjónað er mikilvægt að herða ekki á þráðum á bakhlið á stykki. Skiptið e.t.v. yfir á grófari prjóna þegar mynstrið er prjónað.

LEIÐBEININGAR-2 (á við um hæl): Til að styrkja hælinn er hægt að prjóna allan hælinn og hælúrtökuna með 2 þráðum þannig: Notið þráð bæði innan úr og utan með dokkunni og prjónið 1 lykkju til skiptis með sitt hvorum þræðinum. Með þessu þá færðu aðeins þykkari hæl án þess að prjóna með tvöföldum þræði.

ÚRTAKA-1 (á við um mitt aftan á sokk): Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við prjónamerki þannig: Prjónið þar til 4 lykkjur eru eftir að prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið 4 lykkjur slétt (prjónamerki situr mitt í þessum 4 lykkjum), lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= fækkað um 2 lykkjur).

ÚRTAKA-2 (á við um tá): Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við hvort prjónamerki þannig:

Prjónið þar til 3 lykkjur eru að prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið 2 lykjur slétt (prjónamerki situr á milli þessa 2 lykkja), lyftið 1 lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= fækkað um 2 lykkjur).

HÆLÚRTAKA:

Umferð 1 (rétta): Prjónið slétt þar til 7 (8) 8 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið við.

Umferð 2 (rangan): Prjónið brugðið þar til 7 (8) 8 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi hana brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið við.



garn STUDIO DROPS DESIGN.® www.garnstudio.com

Umferð 3 (rétta): Prjónið slétt þar til 6 (7) 7 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið við.

Umferð 4 (ranga): Prjónið brugðið þar til 6 (7) 7 lykkjur eru eftir, lyftið næstu lykkju eins og prjóna eigi brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, snúið við.

Haldið áfram með úrtöku alveg eins með því að prjóna þar til eftir er 1 lykkju færri áður en 1 lykkju er lyft af prjóni, þar til 14 (14) 16 lykkjur eru eftir á prjóni.

SOKKUR:

Fitjið upp 72 (80) 80 lykkjur á sokkaprjóna nr 2,5 með perlugrárum í DROPS Nord.

Prjónið 1 umferð sléttprjón. Prjónið síðan stroff hringinn (1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) allt 3 cm. Prjónið 3 umferðir sléttprjón og fækkið jafnframt um 8 lykkjur jafnt yfir í fyrstu umferð = 64 (72) 72 lykkjur. Setjið eitt prjónamerki í byrjun á umferð (= mitt að aftan). Látið prjónamerkið fylgja með í stykkinu – prjónamerkið er notað síðar þegar fækka á lykkjum mitt aftan á sokknum.



Sjá LEIÐBEININGAR-1 og prjónið A.1 hringinn (= 8 (9) 9 mynstureiningar á breidd með 8 lykkjum). Þegar mynsturteikning hefur verið prjónuð til loka á hæðina, prjónið sléttprjón með litnum skógargrænn. JAFNFRAMT í 2. umferð er fækkað um 0 (4) 0 lykkjur jafnt yfir = 64 (68) 72 lykkjur. Þegar stykkið mælist 7 cm, fækkið um 1 lykkju hvoru megin við prjónamerki – sjá ÚRTAKA-1. Fækkið lykkjum svona með 2 (2½) 2½ cm millibili alls 5 sinnum = 54 (58) 62 lykkjur.

Prjónið þar til stykkið mælist 17 (18) 19 cm frá uppfitjunarkanti (eða að óskaðri lengd á legg).

Prjónið hæl: Haldið eftir fyrstu 13 (14) 15 lykkjum á prjóni fyrir hæl, setjið næstu 28 (30) 32 lykkjur á þráð án þess að prjóna lykkjurnar (= mitt ofan á fæti) og haldið eftir síðustu 13 (14) 15 lykkjum á prjóni fyrir hæl = 26 (28) 30 lykkjur fyrir hæl. Klippið þráðinn.

Sjá LEIÐBEININGAR-2 og prjónið sléttprjón fram og til baka yfir hællykkjur með litnum skógargrænn í 5 (5½) 6 cm. Setjið eitt prjónamerki mitt í síðustu umferð – prjónamerkin eru notuð síðar til að mæla lengd á fæti frá. Prjónið HÆLÚRTAKA – sjá útskýringu að ofan. Eftir hælúrtöku er næsta umferð prjónuð þannig: Prjónið sléttprjón yfir 14 (14) 16 hællykkjur, prjónið upp 13 (14) 16 lykkjur meðfram hlið á hæl innan við 1 kantlykkju, prjónið sléttprjón yfir 28 (30) 32 lykkjur af þræði ofan á fæti og prjónið upp 13 (14) 16 lykkjur meðfram annarri hlið á hæl innan við 1 kantlykkju = 68 (72) 80 lykkjur. Prjónið að miðju undir hæl, umferðin byrjar núna hér. Setjið 1 prjónamerki hvoru megin við 28 (30) 32 lykkjur mitt ofan á fæti.

Prjónið sléttprjón hringinn – JAFNFRAMT er lykkjum fækkað hvoru megin við 28 (30) 32 lykkjur á fæti þannig: Prjónið 2 síðustu lykkjur á UNDAN 28 (30) 32 lykkjum á fæti slétt saman og prjónið 2 fyrstu lykkjur á EFTIR 28 (30) 32 lykkjum á fæti snúnar slétt saman (= fækkað um 2 lykkjur). Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 8 (8) 10 sinnum = 52 (56) 60 lykkjur.

Prjónið áfram þar til stykkið mælist 14½ (15½) 17½ cm frá prjónamerki fyrir hæl – mælt undir fæti. Nú eru eftir ca 7½ (8½) 9½ cm til loka máls. Mátið e.t.v. sokkinn og prjónið að óskaðri lengd. Prjónið 1umferð sléttprjón þar sem aukið er út um 4 (0) 4 lykkjur jafnt yfir = 56 (56) 64 lykkjur. Prjónið nú A.2 hringinn (= 7 (7) 8 mynstureiningar á breidd með 8 lykkjum). Þegar mynsturteikning hefur verið prjónuð til loka á hæðina, mælist stykkið ca 18 (19) 21 cm frá prjónamerki á hæl – mælt undir fæti (nú eru eftir ca 4 (5) 6 cm til loka máls – prjónið e.t.v. sléttprjón með litnum perlugrár að óskuðu máli fyrir tá). Takið frá eldri prjónamerki og setjið 1 nýtt prjónamerki í hvora hlið á sokknum þannig að það verða 28 (28) 32 lykkjur bæði ofan á og undir fæti. Prjónið sléttprjón hringinn með litnum perlugrár og fækkið lykkjum fyrir tá hvoru megin við bæði prjónamerkin – sjá ÚRTAKA-2 (= fækkað um 4 lykkjur). Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 5 (8) 10 sinnum og síðan í hverri umferð alls 5 (2) 1 sinnum = 16 (16) 20 lykkjur eftir. Í næstu umferð eru allar lykkjur prjónaðar slétt saman 2 og 2 = 8 (8) 10 lykkjur eftir. Klippið þráðinn, þræði í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið á þræði og festið vel. Prjónið hinn sokkinn alveg eins.

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

	4		3	5			7	9
	3	5		8		1	4	
1					6			
5	7	1			2	9		
		8				6		
		9	1			3	5	2
			7					3
	5	2		6		4	9	
6	8			1	9		2	

Miðlungs

8			1		9			2
	3						8	
		2		6		7		
	1	7	2		5	9	6	
			7		3			
	8	5	9		6	3	7	
		9		3		4		
	5						1	
4			5		1			7

Þung

1				4		2		
	4	5			6		8	
		7			3			
			5			8		2
	2						4	
7		9			1			
			9			1		
	1		6			9	2	
		3		8				5

Þyngst

					9			
7		2	6	1				
4		5				3		
	7		8					
	6			4			3	
					2		1	
		4				8		9
				8	1	5		3
			9					

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Leyniofurhetja!



Nafn: Íris Katla Ásgeirsdóttir.

Aldur: 6 ára

Stjörnumerki: Tvíburi

Búseta: Seltjarnarnes

Skóli: Mýrarhúsaskóli

Skemmtilegast í skólanum: Að fara í Sprota

Uppáhaldsdýr: kisa

Uppáhaldsmatur: KFC

Uppáhaldslag: Shut down með Blackpink

Uppáhaldsbíómynd: Minions

Fyrsta minning: Þegar ég var 2 ára og það var lúlla með pabba og ég vildi ekki fara að sofa. Ég vildi ekki lúlla með pabba heldur með mömmu.

Hvað finnst þér skemmtilegast: Að fara í afmæli.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Ég veit það ekki, en ég er sko í alvöru leyniofurhetja.

Hvað er það mest spennandi sem þú hefur gert: Að fara í óvissuferð og mamma og pabbi plötuðu okkur að við ætluðum á fuglasafn en við fórum svo í Bláa lónið.

Næsti viðmælandi okkar er: Gunnhildur Jara Tryggvadóttir. Við minnum á að þeir sem hafa áhuga á að vera með, mega hafa samband við sigrunpeturs@bondi.is.

FUGLINN: SÚLA



Drottning Atlantshafsins, eða súla eins og hún heitir. Hún er stærsti sjófugl Evrópu, næstum því alhvít fyrir utan gulleitt höfuð og svarta vængenda. Súlur hafa langa, oddmjóa vængi með 160–180 cm vænghaf og eru auðþekkjanlegar á flugi á djúpum vængjatökum. Þær eru félagslyndar og sjást oft saman í hópum. Eitt þekktasta atferli súlunnar er veiðiaðferðin hennar sem kallast súlukast. Það getur verið mjög tilkomumikil sjón þegar hópur af súlum hefur fundið mikið æti í sjónum. Þá stinga þær sér hvað eftir annað lóðrétt niður úr allt að því 40 metra hæð eftir fiskum sem þær hafa séð úr lofti. Súlan telst farfugl en fer frá landinu aðeins í stuttan tíma, frá október fram í desember. Þær eru trygglyndar við bæði maka og varpsetur. Súlan verpir einungis einu eggi ár hvert og tekur útungun um sex vikur. Þá tekur við ungatími í um þrjá mánuði, eða þangað til unginn yfirgefur hreiðrið síðsumars. Súlur verpa í þéttum byggðum en einungis eru fimm slíkar byggðir þekktar hér við land. Af þeim er Eldey stærsta og sennilega þekktasta súlubyggðin með um 15.000 setur.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL – TÍSKA

Kynþokkafullir karlmenn:

Sigggróni múrarinn

Hann stendur í gættinni, dökkhærður með skeggrót og bros sem bræðir. Komdu sæl, segir hann og réttir fram höndina.

Karlmannleg snerting hrjúfrar handar hans fær mig til að kikna í hnjánum og ég lít undan. Hann sleppir ekki. Hvernig get ég aðstoðað þig segir hann djúpri röddu sem fær mig til að missa næstum stjórn á mér. Bara röddin hefur æsandi áhrif á mig. Ég sé glytta í dökk bringuhár og sterklega fætur ... sigggróin hné… ég lít upp og sé að hann glottir. Grípur um mittið á mér og stígur nokkur dansspor. Hann er múrari. Maður líkamlegra verka og það fer ekki framhjá mér ...

(Þetta er brot úr ástarsögunni, Óvænt kynni, sem var fyrst gefin út í kringum 1976-77).

Sá sem umvefur þig og verndar

Jú, dökkhærðir karlmenn sem kunna til verka eru kynþokkafullir. Skeggrót og hrjúfar hendur að sama skapi, falleg rödd og bros. En hvers vegna hrjúfar hendur? ....Sigg?

Samkvæmt fjölmörgum könnunum sem gerðar hafa verið af bandarískum sálfræðingum kom í ljós að sigggrónar hendur (ekki var fjallað sérstaklega um hné) voru hátt á lista hjá kvenpeningnum yfir þætti sem þykja kynþokkafullir í fari karlmanna. Þá oft nefnd sem gróf mótsögn við snertingu mýkri húð kvenna.

Þær sem upplifðu faðm slíkra manna nefndu að þær finndu þar vernd – þetta væru menn sem hikuðu ekki við að veita þeim öryggi.

Í viðtölum við iðnaðarmenn sem báru sigg á líkamanum voru þeir flestir jákvæðir í garð þess, enda sá tími liðinn að blöðrur eða sár mynduðust við vinnu og myndun harðari húðar hlífði þannig álagspunktum. En svo voru nokkrir sem voru ekki eins sáttir og af þeim þó nokkrir sem lögðu mikinn metnað í að velja sér handkrem við hæfi. Vildu mýkri hendur þó ástæða þess væri ekki alltaf sú sama. Hér á eftir eru því listuð upp þrjú vinsælustu kremin, kostir þeirra og gallar.

Krem eitt



Hæst á lista er kremið Working Hands undir merkjum O´Keeffes's. O´Keeffes's er eitt þessara vörumerkja sem hefur verið inni á heimilum almennings Bandaríkjanna hvað lengst og á sér afar stóran aðdáendahóp. Upphaflega var kremið hrært saman af lyfjafræðingi að nafni Tara O'Keeffe, en hún ætlaði útkomuna föður sínum sem starfaði sem nautgripabóndi og hafði bæði grófar og þurrar hendur sem sprungu gjarnan við vinnu.

Áferð kremsins hefur verði lýst sem kalkkenndri, næstum á borð við tannkrem – og getur sviðið undan ef það kemst í snertingu við opin sár. Notendum er þó bent á að hætta ekki notkun þess því gríðarlegur árangur mun koma í ljós eftir um það bil viku, eða mun hraðar en þegar um ræðir önnur krem. Skemmst er frá því að segja að þarna er eitt besta krem sem talið er fyrirfinnast.

Kostir: Áreiðanlegt vörumerki sem hefur staðist tímans tönn, skjótfeng virkni auk þess sem um ræðir blöndu af rakaefnum og efnum sem þekja vel og halda rakanum inni.Yfirgæfandi vinsældir og ánægja með vöruna. Samkvæmt fjölmörgum rannsóknum hefur enginn annar handáburður hlotið jafn yfirgnæfandi jákvæða dóma.

Gallar: Áferðin sérkennileg og óþægileg til að byrja með og einungis ætlað þeim með allra sigggrónustu hendurnar. Verður of yfirdrifið fyrir þá sem þjást aðeins af örlitlum handþurrki.

Krem tvö

Krem númer tvö á lista ber af einhverjum ástæðum nafnið Jack Black. Líkt og leikarinn. Vilja einhverjir meina að þarna fari lúxusvörumerki og markhópur þess sé hinn sterklegi og grófi einstaklingur líkamlegrar vinnu, sem vill fara mjúkum höndum



um maka sinn. Innihaldslýsing tekur reyndar sérstaklega fram að þarna sé um áburð að ræða sem einnig megi nýta á olnboga og hné… svona fyrir þá sem bera þess háttar álagsbletti. Eucalyptus* lykt er af áburðinum og þegar hann er borinn á þarf að bíða í heilar fimm mínútur þar til hann hefur komist fyrir neðan efsta húðlagið. Þegar sá áfangi hefur tekist, er húðin þurr í stað þess að vera fitug eða sleip eins og oft á við þegar krem er borið á.

Kostir: Nærir húðina djúpt og vel án þess að skilja eftir óþægilega áferð, lúxusvara karlmannsins sem vill bjóða upp á mýkri hlið. Ilmar vel (fyrir þá sem kunna vel við ilm eucalyptus trésins) og virkar jafn vel á alla álagsbletti líkamans.

Gallar: Ilmar … ef til vill ekki ilmur sem allir kunna jafn vel við og hefur ekki þá þykku mjúka áferð sem einkennir flest krem.

Krem þrjú

Kremið sem er í þriðja sætinu ber nafnið AHAVA og er stútfullt af náttúrulegum efnum sem er þekkt fyrir að hafa afar góð áhrif á húðina. Ber þar hæst witch hazel, eða á íslenskunni nornahesli, glýserín auk blöndu steinefna úr Dauðahafinu. Kremið, svo og aðrar vörur þessa merkis, eru einnig vegan, parabenalausar, þalötlausar og húðfræðilega prófaðar og samþykktar fyrir viðkvæma húð.

Handkremið er því eitt hið allra besta fyrir bæði heiminn og þá sem í honum eru. Til viðbótar má nefna að það djúpnærir hratt og örugglega auk þess að einungis þarf að bera örlítið magn á hendurnar til þess. Ein túpa af kremi endist því lengi.

Kostir: Náttúrulegt og þykir gott fyrir viðkvæmar hendur auk þess að vera afar drjúgt.

Gallar: Innihaldsefnin, þá helst nornaheslið, geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki og því mikilvægt að lesa vel hvað stendur á umbúðunum.

Að lokum

Niðurstöðurnar eru án efa þær að til eru lausnir fyrir þá kynþokkafullu iðnaðarmenn sem kjósa að mýkja sig aðeins upp að utanverðu, ef til vill í samræmi við þeirra innri mann. Gott er að prófa sig áfram og hafa ber í huga að eitt er ekki allra. */SP*

**(ísl. tröllaviður)*

HLEÐSLUTÆKI OG RAFGEYMAR
Fyrir fjórhjól, mótorhjól, buggybíla og fleiri tæki.



www.nitro.is
Frí sending á öllum **pöntunum yfir 15.000,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir."
Jóh. 6.35
biblian.is



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, 270 Mos. Opið kl. 13-16.30. S. 894-5111 - www.brimco.is



Díselhitari 12v, 7kw loft og vatn. Hitar loft í bílnum, en einnig vatn á vélina sem auðveldar gangsetningu. Verð kr. 98.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð 9.900 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Belmac haugdæla 16.000L verð kr. 880.000 +vsk. Vallarbraut.is s.454-0050.



SsangYong Rexton Dlx Árg. 2021, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 26.000 km. Verð kr. 7.990.000. notadir.bennis.is – s. 590-2035



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör, erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð-breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Eigum til sölu Dacia Duster 4x4diesel 2017 og 2018 árgerðir. 2017 bílar á kr. 790.000. 2018 bílar á kr. 990.000, 100% lán í boði. Skipti skoðuð. Uppl. í s. 587-888.



Mjög vandaðir plastbátar frá Póllandi. Tvöfaldur byrðingur, falleg innrétting. Delfina 360- L 360 cm x B 164 cm. Agata 333- L 333 cm x B 150 cm. Fallegar tréárar fylgja. CE merktir og vottaðir. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is.



Okkar vinsælu þurrkofnar komnir aftur. Verð aðeins kr. 59.000 +vsk. Allt ryðfrítt stál. Uppl í s. 822-8844.



Til sölu nýmálaðir, gamlir línubalar. Upplýsingar í s. 483-3548. Hafnarnes VER H.f. Þorlákshöfn.



Eigum til sölu á staðnum DaciaDuster 4X4 Comfort - Dísel- árgerð 17 & 18 Bílasala Reykjavíkur - Bíldshöfði 10 - 110 Reykjavik - S. 587-8888.













ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsambönd. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingsdiskar. Startarakol. *Legur í alternatora. Kol í alternatora.* Viftureim 6,35W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við Iðnaðinn



Loftpressur

Skrúfupressur, Stimpilpressur

Áratuga reynsla í viðgerðum

og uppsetningum á loftpressum







BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR

frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.


Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Til sölu Caterpillar rafstöð 132 kv, nánast ónotuð eða hefur verið í gangi í um 150 klukkustundir Verð kr. 2.000.000 +vsk. Eða tilboð. Uppl. í s. 899-8762.



Rafbílahleðslustöðvar 8-32a Verð, 16a kr. 47.900.- verð 32a kr. 54.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Iðnaðarþvottavél IPSO tekur 23 kg. G factor 400, vélin er með nýrenndum öxli, nýjum legum, niðurfallsloka og fl. Verð kr. 480.000 uppl. jon@history.is eða s. 898-0083.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo Lengd- 4,5 m Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd- 100 kg, burðargeta- 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 Hö. CE vottaðir og merktir. 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf, 12 V loftdæla. Vindsegl að framan og geymsluhólf í framstafni. Yfirbreiðsla á bátinn, hjól á afturgafl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



2 glerofnar í góðu standi ásamt fylgihlutum, mikið af mótum, dálítið af Bullseye gleri og ýmsum fleiri fylgihlutum er til sölu. Minni ofninn er Paragon ofn fluttur inn frá USA, innanmál hringlaga 45 cm. Stærri ofninn er frá Glit að innanmáli 65 x 65 cm. Báðir á stálgrindarfótum. Öll tilboð skoðuð, þarf að losna við þetta úr geymslu. Upplýsingar í s. 696-2555.



Brettagafflar með Eurofestingum. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 119.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Hakkavélar, áleggshnífar, matvinnsluvélar, töfrasprotar, þurrkofnar o.fl. frábær tæki á góðu



Maccormick X5.50 2016 ekinn 2.656 tíma, fylgir snjótönn og sópur. Verðhugmynd kr. 6.000.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 664-5677, Magnús. verði, uppl. í s. 822-8844.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nýjar 150 mm steinullareiningar 118 stk - lengd 773 cm og 4 stk. 180 cm. Í dökkgráum lit (ral 7016). Verð 13.600 kr. fm. Staðsett á Selfossi - hægt að selja í stk.tali. Frekari uppl. s. 864-3879.



Snjóhefill/flaghefill fyrir minni dráttarvélar, breidd 220 cm - slittönn úr hardox stáli. Verð kr. 229.000 m/vsk - Vorverk.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Díeselhitari 5kw 12 eða 24v Samsettur eða ósamsettur. Allir varahlutir. 2 ára ábyrgð. Verð kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.

SKRIFSTOFUVÖRUR

Þú færð hylki í prentarann þinn hjá okkur auk skrifstofutækja, ritfanga o.fl. Vefverslun- www.skrifstofuvorur.is. Skútuvogi 11, 104 Reykjavík, S. 553-4000, sala@skrifstofuvorur.is.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Toyota Land Cruiser 150 GX. Árg. 2021, 4x4 dísel, sjálfskiptur, ekinn 33.000 km. Verð kr. 11.490.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.




Volvo ECR25D, árg. 2015, 2,5 tonn, notkun 1100 t, 4 skóflur, þar af ein tilt. Verð kr. 4.200.000 +vsk Uppl. í s. 892-3740.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með rifflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



FIAT Capron 2015 húsbíll dísel 5 gíra, ek. 163.000 km. Verð kr. 6.900.000, haustverð kr. 5.900.000. S. 895-1796 Ívar.



Volvo XC70 D4, árg. 15, ek. 96.000 km. Allur helsti aukabúnaður. Tveir eigendur frá upphafi. Bíll í sérflokki. Verð kr. 4.390.000. S. 868-7326.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 l eða 60 l tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang- hak@hak.isa



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Til sölu 1000 l vatnstankur, sem stendur við sundlaugina að Sólgörðum í Fljótum í Skagafirði. Selst á kr. 50.000 gegn því að vera sóttur. Upplýsingar í s. 690-2210, eða á arnar@sotisummits.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Snjóblásari fyrir traktor 210 cm verð kr. 795.000 +vsk og leiðin verður greið. Takmarkað magn. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – s. 555-6520.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Sjálfmokandi salt/sanddreifarar. Margar stærðir á lager. 106 cm. Verð kr. 517.000 +vsk. 186 cm. Verð kr. 710.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050.

Varmadælur
NØRDIS
Áratuga reynsla í Noregi
KGG.is
KGG
• Kristjan G. Gislason ehf
• 552-0000
• kgg@kgg.is







LANDSTÓLPI

STEIN- OG BÆTIEFNI



Somi-mg

Steinefnablanda fyrir nautgripi, hentar vel í heilfóðurblöndun. Helstu eiginleikar eru hátt innihald af magnesíum og auðmeltanleg lífræn snefilefni.

25 Kg - Verð: 7.491 kr.



DairyPilot

DairyPilot FlavoVital er ljúffengt viðbótarfóður fyrir nautgripi sem inniheldur pólýfenól úr völdum ávöxtum og kryddjurtum (FlavoVital), B-vítamín og lifandi gerla. Er hentugt til þess að viðhalda góðri nyt og heilbrigði.


20 Kg - Verð: 7.594 kr.



Prophos Keragen

Steinefnablanda fyrir geldkýr, ætluð til að gefa síðustu 3 vikum fyrir burð. Helstu kostir: Dregur úr bráðadoða, betri efnaskipti og meiri lífsþróttur í nýfæddum kálfum.

25 Kg - Verð: 8.300 kr.



Mineraleimer

Steinefna- og bætiefnafata með háu seleninnihaldi sem hentar fyrir nautgripi og hross. Inniheldur kopar og hentar því EKKI fyrir sauðfé.

25 Kg - Verð: 8.124 kr.



Phosphoreimer

Stein- og bætiefnafata sem hentar sérstaklega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni eykur kalkupptöku viðburð.

20 Kg - Verð: 9.480 kr.



Curavit

Curavit er náttúrulegt skituduft fyrir kálfa. Hentar bæði sem fyrirbyggjandi sem og fyrir kálfa sem fengið hafa skitu.

5 Kg - Verð: 14.995 kr.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi

480 5600

www.landstolpi.is

landstolpi@landstolpi.is



Gámarampar á lager. Heitgalvaniseraðstál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is



S. 892-4163.Tek að mér hnitsetningar á jörðum og greiningar á landamerkjum, afmarka nýjar lóðir, útbý mæliblöð og lóðablöð og sé um samskipti við byggingarfulltrúa. Skjót þjónusta á góðum kjörum. Vinnusvæði-Vesturland að Kirkjubæjarklaustri en fer um land allt eftir samkomulagi. Adam Hoffritz, s. 693-7992.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



SsangYong Tivoli Dlx, árg. Árg. 2018, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 80.000 km. Verð kr. 2.690.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Snjótennur á bíla 1,9 m. Verð kr. 442.000 +vsk. 2,2 m verð kr. 640.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.




Notaðar dekkjavélar til sölu. Umfelgunarvélar og jafnvægisstillingarvél. S. 820-1071 kaldasel@islandia.is



Smágrafa 1,2 tonn. Verð kr. 1.780.000 +vsk til afgreiðslu strax. Aukabúnaður í úrvali. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – s. 555-6520.



Til sölu fjórhjól Hisun 700cc árgerð 2011. Keyrt tæplega 2000 km. Er götuskráð. Nýupptekin kúpling. Verðhugmynd 600.000 kr. Uppl. í s. 898-1230 (Sigurbjörn).



Drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Ekkert rafmagn 100% frostfrítt. Einfalt í uppsetningu. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Hægt að ráða hæð á röri. Verð kr. 118.000 +vsk. Til á lager Formax Paralamp ehf. Upplýsingar í s. 562-6800 og 660-6868.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Belmac keðjudreifari. 10,5 cu verð kr. 2.460.000 +vsk. 7,5 cu verð kr. 1.580.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050.



2" Brunadælur á lager. Frá Koshiní Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



Parketslípun og lagnir. S. 772-8100, 25 ára reynsla. Gerum gamla gólfið eins og nýtt. www.parketslipunoglagnir.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Ford Transit 2.0 sk. 12/2018. 750 kg. Lyfta. 131 hestöfl. Ekinn 106.000 km. Vel útbúinn. 3.500 kg heildarþyngd. Upplýsingar: kaldasel@islandia.is s. 820-1070.



Renault Master L2H2 04/2020 Ekinn 92.000 km. Vel útbúinn. Upplýsingar: kaldasel@islandia.is s. 820-1071.



Mercedes Benz Sprinter 314 Cdi 11.2021 Ekinn 19.800 km. Vel útbúinn. Renault Trafic 04. 2019. Ekinn 42.000 km. s. 820-1071 kaldasel@islandia.is

Óska eftir

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar grænjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básа- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, 820-8096.

Rýmingarsala á hjólkoppum, allir koppar nema nýir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.

Til sölu 2 Bradley olíukatlar til framleiðslu á gufu. Uppl. í netfangið vaskur@vaskur.is eða s. 770-2003.

Nissan pathfinder til sölu. Mikið endurnýjaður. Verðtilboð eða skipti. Á sama stað Zetor 6911. Allt virkar en þarf klapp. Ný afturdekk. Upplýsingar í s. 898-1253 eða eliasjoh55@gmail.com

Til sölu Nissan Double Cap árgerð 2003, til niðurrifs, uppl. gefur Marinó í s. 468-1257 eða 867-3933.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com, Einar G.

Atvinna

Bústjóri óskast. Óska eftir bústjóra til starfa strax að kúabúi á Norðurlandi vestra. Á búinu eru 90 mjólkandi kýr og 2 nýjir hátækniróbótar af gerðinni Lely A5. Aðeins vant fólk kemur til greina. Gott húsnæði á staðnum. Áhugasamir vinsamlega senda fyrispurn á netfangið flugumyrimi@gmail.com



LAMBHELDU HLIÐGRINDURNAR KOMNAR

Áfram hagstætt verð þrátt fyrir hækkanir á heimsmarkaði
Lægsta verð 24.900 auk vsk ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri

Lamasett og loka aðeins kr. 3.900 settið, auk vsk.
Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10 x 15 cm.

Verðskrá hliðgrindur:
1 stk. kr. **29.900 auk vsk.**
2-4 stk. kr. **27.900 auk vsk.**
5 stk. eða fleiri **24.900 auk vsk.**

Upplýsingar og pantanir í síma **669 1336** og **899 1776.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar. Sent hvert á land sem er.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

Það sem boðið er upp á í fyrstu tannlæknaskoðun hjá Kreativ Dental

Við bjóðum:

- Fría skoðun og ráðgjöf hjá reynslumiklum tannlæknum og margverðlaunaðri tannlæknastofu
- Fría heilkjálkaröntgenmynd (opg xray)
- Flug greitt allt að 180 evrum (*Sjá skilyrði)
- Fría nótt á samstarfshóteli (**sjá skilyrði)
- Þjónustuborð á flugvellinum í Búdapest þar sem tekið er á móti okkar gestum strax við komu til borgarinnar
- Frían akstur á milli flugvallar og samstarfshótela (Arena og Hungaria) við komu og brottför
- Frían akstur á milli Kreativ Dental og samstarfshótela (Arena og Hungaria)
- Að öll gögn séu fáanleg á íslensku, þ.e. meðferðaráætlanir, reikningar, útskýringar á meðferðum og þjónusta á íslensku
- Að þeir sem klára meðferð hjá Kreativ Dental fái fría skoðun árlega með heilkjálkaröntgenmynd hjá Kreativ Dental í Búdapest til framtíðar!

Skilyrði:
* Flug. Hefjist meðferð hjá Kreativ Dental innan 6 mánaða frá því ráðgjöf var veitt verður flugmiði niðurgreiddur um allt að 180 evrur ef heildarkostnaður samkvæmt meðferðaráætlun er hærri en 1.800 evrur.
** Frí nótt á samstarfshóteli. Frí nótt er í boði hjá einu af samstarfshótelum okkar ef einstaklingur dvelur á því hóteli yfir þann tíma sem fyrsti hluti meðferðar/ráðgjafar tekur.

KREATIV DENTAL CLINIC® GARANTIE

Nýtt bros - Nýtt líf

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða:
kreativdental.is

Facebook:
kreativdentalisland

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir:
grimur@kreativdentalclinic.eu

Sími:
(+354) 859 9403 (frá 9-13)

Allar vikur eru tannheilsuvikur hjá Kreativ Dental í Búdapest!

25 ára reynsla



Kreativ Dental Ísland

- Rúmlega 4000 íslendinga hafa fengið þjónustu hjá okkur frá árinu 2016!
- Stöðug þróun
- Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga
- Spara má 50 – 70 % af tannlæknakostnaði

“Nýtt bros – Nýtt líf”

Neyðarkall til þín

Björgunarsveitirnar senda frá sér árlegt Neyðarkall dagana 3. til 6. nóvember.



Tökum vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og styðjum við öflugt björgunarstarf í landinu.